

Háskóli Íslands
Íslensku-og menningardeild
Almenn bókmenntafræði

Sagann af Dijnus hinumm drambláta

*Þróun hirðlegra einkenna og minna í handritagerðum
riddarasögunnar Dínus sögu drambláta*

Ritgerð til M.A.-prófs

Ásthildur Helen Gestsdóttir

Kt.: 170783-3289

Leiðbeinandi: Sif Ríkharðsdóttir

Maí 2012

Ágrip

Ritgerðin fjallar um þróun hirðlegra einkenna og minna innan þriggja handritagerða frumsömdu riddarasögunnar *Dínus sögu drambláta* sem rituð var á um fimm til sex hundruð ára tímabili. Elsta gerð sögunnar er frá ofanverðri 14. öld, miðgerðin frá 17. öld og yngsta gerðin frá 18. öld. Í raun er ekkert óeðlilegt við það að *Dínus saga* hafi tekið einhverjum breytingum á þessum árum. Vel er þekkt að fornsögur hafi tekið breytingum við skrifpúltið þegar endurritun handrita fór fram. Því gat gerst að nýjar sögur voru samdar af eldri grunni með breyttum áherslum og jafnvel með ákveðinn áheyrendahóp í huga. Hinar nýju gerðir gátu verið túlkun höfundar á eldri sögu eða jafnvel innifalið endurskoðun einstakra efnisatriða. Í *Dínus sögu* má greina mismunandi áherslur innan hversrar gerðar fyrir sig. Í ritgerðinni eru allar gerðirnar þrjár bornar saman og ljósi varpað á nokkrar breytingar sem urðu á sögunni. Ber þá helst að nefna þróun hirðlegra einkenna og tákna sem er hvað mest áberandi í yngstu gerð en þar víkja hirðleg einkenni fyrir áhrifum íslenskrar þjóðsagnahefðar.

Sjónum er einnig beint að tengslum sögunnar við erlenda og innlenda riddarasagnahefð og íslenska sagnahefð almennt. *Dínus saga drambláta* hefur verið skilgreind sem meykóngasaga. Sagan fjallar um meykónginn Philotemiu og konungssoninn Dínus sem heyja baráttu sín á milli og leitast við skaða mannorð hvors annars. Í ritgerðinni verður valdatogstreitu ungmennanna gerð skil og sýnt fram á hvernig meykóngaminnið tekur breytingum á milli gerðanna og hvaða áhrif þróun minnisins hefur á framvinndu og túlkun sögunnar í hverri gerð fyrir sig.

Efnisyfirlit

Inngangur	4
1. Evrópska riddarasagnahefðin	
1.1 Hirðmenning í mótun	8
1.2 Riddarasögur	12
2. Þýðingar og aðlögun	
2.1 Samruni hefða	17
2.2 Úr lýrik í prósa	20
3. Íslenski sagnaarfurinn : sagnahefð í mótun	
3.1 Frumsamdar riddarasögur og íslensk sagnahefð	24
3.2 Þjóðsagnahefð, ævintýri og rímur	27
4. Handrit og viðtökur <i>Dínus sögu drambláta</i>	
4.1 Söguþráður	33
4.2 Ferill handrita	33
4.3 Varðveisla handrita	36
5. <i>Dínus saga drambláta</i> og íslensk sagnahefð	
5.1 Stíll og formgerð	38
5.2 <i>Dínus saga drambláta</i> sem meykóngasaga	40
5.3 Meykóngurinn Philotemia	42
5.4 Tekist á um valdið	49
6. <i>Dínus saga drambláta</i>: þróun handritagerða	
6.1 Þróun tákna	56
6.2 Hirðleg einkenni í <i>Dínus sögu drambláta</i>	63
6.3 Þróun yngstu gerðar	68
7. Niðurstöður	72
Heimildaskrá	76

Inngangur

Íslenskar miðaldabókmenntir eru mikilvægasta framlag þjóðarinnar til heimsbókmenntanna og eiga þær stóran þátt í mótun þjóðernistilfinninga og sjálfsmyndar Íslendinga. Miðaldabókmenntirnar hafa verið ríkur hluti af bókmenntalegri umræðu frá því að skipulagðar rannsóknir á bókmenntum hófust á 17. öld. Lengi vel hefur íslenskum fornritum verið skipað í sæti eftir virðingarröð þar sem eddukvæði og dróttkvæði hafa verið í hávegum höfð ásamt konungasögum, Íslendingasögum og fornaldarsögum Norðurlanda. Hins vegar hafa riddarasögur ekki verið eins áberandi í fræðilegri umræðu og hafa þær löngum verið taldar marka tímabil hnignunar íslenskrar miðaldasagnaritunar, þá einkum vegna erlendra áhrifa sem þýddu riddarasögurnar báru með sér inn í íslenska sagnaflóru.

Á síðari hluta 20. aldar hófu fræðimenn í auknum mæli að beina sjónum sínum að riddarasögum og mikilvægi þeirra í bókmenntalegu samhengi. Rannsóknir í tengslum við norrænar þýðingar franskra og enskra ljóð- og riddarasagna hafa verið áberandi undnfarin ár. Sif Ríkharðsdóttir og Álfrún Gunnlaugsdóttir hafa báðar lagt stund á rannsóknir á þætti þýðandans í þýðingarferlinu. Rannsóknir þeirra hafa dregið fram mikilvægi þýðandans við umritun verkanna sem og breytingar á framsetningu, viðfangsefni og tilgangi þeirra.¹ Minna hefur verið fjallað um breytingarnar sem eiga sér stað í endurritunarferli frumsamdra íslenskra riddarasagna eða þróun handritagerða þeirra. Þessari ritgerð er ætlað að vera innlegg í þá fræðilegu umræðu sem miðar að því að skýra þróun handritagerða íslenskra riddarasagna. Hér á eftir verður riddarasagan *Dínus saga drambláta*, sem jafnan er talin til elstu frumsömdu

¹ Álfrún Gunnlaugsdóttir 2000: 119-136, Sif Ríkharðsdóttir 2012 og 2010: 410-433, Sverrir Tómasson 1977: 47-78 og Torfi Tulinius 2006: 195-217.

riddarasagnanna, tekin fyrir og skoðað hvernig hirðleg einkenni og minni taka breytingum á milli handritagerða sögunnar.

Dínus saga drambláta er talin vera samin á ofanverðri 13. öld og fjallar um dramb sömu ungmennin, konungssoninn Dínus og konungsdótturina Philotemiu, sem hvort fyrir sig neita að ganga í hjónaband en leggja þess í stað stund á lærdóm og galdra.² Þegar Philotemia fréttir af drambsemi Dínusar ákveður hún að reyna listir sínar á honum. Hún lokkar Dínus í ríki sitt til þess að klekkja á honum en Dínus lætur ekki þar við sitja og svarar í sömu mynt. Upp hefjast mikil átök á milli ungmennanna og miðar söguframvindan að því að draga úr hroka þeirra og fá þau til að ganga í hjónaband. Þau valda hvort öðru miklum raunum og mannorðshnekkjum áður en tekst að beygja þau undir ástina.

Sagan er varðveitt í þremur handritagerðum sem ritaðar voru á um fimm til sex alda tímabili. Nokkur áherslumunur er á milli gerðanna hvað varðar framsetningu minna og tákna sem hafa mismikið vægi á milli gerðanna. Þessi munur er einna mestur á elstu og miðgerð sögunnar. Í yngstu gerðinni má greina nokkurn áherslumun þar sem flest hirðmótíf hverfa úr textanum og lögð er meiri áhersla á framvindu sögunnar. Elsta gerð sögunnar er frá 14. öld en á 17. öld var hún endurrituð með þó nokkrum breytingum og myndar sú gerð svokallaða miðgerð sögunnar. Má þá helst nefna að veruleg breyting er á upphafi og endi sögunnar. Á 18. öld fór sagan í gegnum samskonar endurritunarferli en þá varð hún einnig talsvert stytta og áherslur innan sögunnar tóku þónokkrum breytingum. Allar handritagerðirnar hafa sterk sérkenni sem bjóða upp á ólíka túlkun og greiningu þar sem mótíf og tákn innan sögunnar breytast á milli gerðanna. Í því samhengi er áhugavert að skoða áhrif þessara breytinga á framvindu, túlkun og boðskap sögunnar. Í þessari ritgerð eru allar þrjár gerðir sögunnar rannsakaðar. Stuðst er við útgáfu Jónasar Kristjánssonar við umfjöllun um elstu og miðgerð sögunnar. Handritin JS 270 8vo og Lbs 1446 8vo eru notuð við rannsóknir á yngstu gerðinni. JS 270 8vo er dagsett frá lokum 18 aldar og Lbs 1446 8vo er dagsett 2. desember árið 1871. Bæði handritin eru varðveitt á Landsbókasafni Íslands – Háskólabókasafni.

² Elsta varðveitta handrit sögunnar er frá seinni hluta 14. aldar. Jónas Kristjánsson bendir á að það handrit sé runnið undan öðru eldra glötuðu handriti. (Jónas Kristjánsson 1960: viii) Magnús Jónsson bendir enn fremur á að *Dínus saga drambláta* hafi verið flokkuð með elstu frumsömdu riddarasögnum (Lbs 1510 4to: iv).

Dínus saga hefur lítið verið rannsökuð af fræðimönnum. Robert Tannert fjallar um stílbrögð sögunnar í greininni „The Style of *Dínus saga* drambláta“.³ Í rannsókninni dregur hann fram tíðni einstakra orða og rannsakar breytta orðanotkun sögunnar eins og hún birtist í elstu og miðgerð hennar. Hann bendir á að stílbrögð og orðanotkun í *Dínus sögu* líkist öðrum Íslendingasögum og riddarasögum, þá sérstaklega *Tristrams sögu* en einnig *Parcevals sögu*, *Erex sögu* og *Clári sögu*. Hins vegar lítur hann framhjá ólíkum einkennum handritagerðanna sem er eitt af því sem gerir söguna áhugaverða.

Meðal þess sem vekur sérstaka athygli innan sögunnar er þróun svokallaðs meykóngaminnis, það er minnið um konungsdótturina sem neitar að giftast og tekur sér vald konungs. Í *Dínus sögu* er meykóngaminninu teft saman við hetjuímynd konungssonarins Dínusar. Áhugavert er að skoða hvernig samband ungmennanna þróast í gegnum handritagerðirnar þar sem minnið um meykónginn er mikilvægur þáttur við túlkun sögunnar. Sif Ríkharðsdóttir hefur ásamt Marianne Kalinke rannsakað íslenskar riddarasögur og lagt áherslu á riðlun kynhlutverka í meykóngasögum. Rannsóknir þeirra hafa dregið fram ákveðna tilhneigingu meykóningsins til að viðhalda valdastöðu sinni og lögð er rík áhersla á að vonbiðill sé henni samboðinn og geti sannað sig sem slíkur til að ná að yfirbuga og beygja meykónginn undir ríkjandi samfélagslegar hugmyndir um stöðu kvenna.⁴ Mögulegt er að sjá hvernig birtingarmynd meykóningsins tekur breytingum á milli gerða *Dínus sögu* þar sem mismikil áhersla er lögð á minnið eftir gerðum.

Hér á eftir er fjallað um þróun hirðmótífa innan þriggja handritagerða *Dínus sögu drambláta*. Leitast er við að sýna hvernig meykóngaminnið, hirðmótíf og tákn rómönsuhefðarinnar birtast í handritagerðum sögunnar og að hvaða leyti þau taka breytingum. Sýnt verður fram á hvernig íslensk frásagnahefð í yngstu gerð sögunnar ryður hinum hirðlegu einkennum elstu gerðar úr vegi.

Í fyrsta hluta ritgerðarinnar verður fjallað um mótun franskrar riddarasagnahefðar, helstu einkenni hennar og hvernig hún barst til Norðurlanda. Í öðrum hluta verður farið yfir áhrif norsku þýðinganna á íslenskan sagnaarf og hvernig Íslendingar hófu að frumsemja riddarasögur í anda hinna þýddu sagna. Þriðji hlutinn er helgaður *Dínus sögu drambláta* og skiptist hann niður í þrjá kafla. Í þeim fyrsta er

³ Robert Tannert fjallar einkum um tengsl orðanotkunar innan sögunnar við Íslendingasögur og aðrar riddarasögur (Tannert 1980: 57).

⁴ Sif Ríkharðsdóttir 2010: 410-433 og Kalinke 1990: 1-2 og 94-95

farið nánar yfir handrit sögunnar, ásamt handritasögu og viðtökum *Dínus sögu*. Í þeim næsta er *Dínus saga* sett í samhengi við íslenska sagnahefð og er sjónum beint að þróun meykóngaminnisins innan sögunnar. Í síðasta kaflanum er sýnt fram á þróun mótífa og tákna á milli handritagerða sögunnar. Að lokum er greint frá mögulegum ástæðum þeirra breytinga sem urðu á yngstu gerð sögunnar.

1. Evrópska riddarasagnahefðin

1.1 Hirðmenning í mótun

Melissa Furrow bendir á að skilningur og skilgreining miðaldamanna á því hvers konar sögur teljast til riddarasagna hafi ekki verið sá hinn sami og er viðtekinn í dag. Skilin á milli riddarasagna og annarra bókmennta voru ekki eins skýr á miðöldum þar sem slík aðgreining milli bókmenntaforma var ekki við lýði.⁵ Eins og gefur að skilja voru riddarasögur ekki eina ríkjandi skáldskaparformið á 12. og 13. öld heldur einungis angi blómlegrar sagnahefðar miðalda. Fjöldi varðveittra franskra riddarasagna á þessu tímabili ber vitni um vinsældir þeirra og breiddist skáldskaparformið út um alla Evrópu. Þó svo að mikill fjöldi af handritum rómansa liggi fyrir gefur það einungis vísbendingu um mögulegar vinsældir þeirra meðal miðaldamanna en ekki endilega upplýsingar um huglægar viðtökur rómansanna. Furrow telur nær ómögulegt að segja til um hvernig miðaldamenn og konur lásu og skildu rómönsur. Hún heldur því fram að mögulega hafi lesendur rómansa sótt sér trúarlega upplyftingu í sögurnar og að þær hafi verið lesnar sem allegoríur eða táknsögur og borið með sér aðra merkingu en fyrsti lestur gefur til kynna.⁶ Okkur nútímamönnum er hugarheimur miðaldamanna mjög svo framandi. Verk okkar er að rýna í þá texta sem eftir liggja til þess að finna sameiginlega þræði sem tengja þá saman. Á þann hátt öðlumst við vísbendingar um mögulegan hugsunarhátt miðaldamanna.

Allt fram á tólftu öld var nær einungis ritað á latínu á kristnum svæðum Evrópu þar sem umfjöllunarefnið var aðallega trúarlegs eðlis. Á sama tíma blómstraði alþýðlegur skáldskapur með veraldlegum umfjöllunarefnum í munnlegri geymd. Fyrir tólftu öld var mjög sjaldgæft að Englendingar rituðu á móðurmáli sínu.⁷ Suzanne

⁵ Furrow 2009: 43-44

⁶ Furrow 2009: 7-10

⁷ Millett 1995: 86

Reynolds telur meðal annars að munnleg skáldskaparhefð eigi uppruna sinn að rekja til heimilanna þar sem hann byggir á því tungumáli sem mæður kenndu börnum sínum.⁸ Hún bendir jafnframt á að þáttur kvenna hafi verið mikill í þróun þjóðtungunnar þar sem þær réðu heimilishaldi, uppeldi barna og þar með því tungumáli sem talað var innan heimilisins. Þjóðtungan var ólík latínunni að uppbyggingu þar sem orðaforðinn einkenndist af hversdagslegri iðju svo sem matarvenjum og heimilishaldi.⁹ Kenningar Reynolds eru umdeilanlegar vegna þess að munnlegur skáldskapur er vissulega ekki upprunninn innan veggja heimilanna. Líta má á kenningar hennar frekar sem tilraun til þess að varpa ljósi á mögulega þróun munnlegs skáldskapar með því að tengja hann við heimilishald. Reynolds leitast einkum við að sýna fram á þá togstreitu sem skapaðist þegar veraldlegur skáldskapur var í auknu mæli ritaður á þjóðtungum og sagnaritun á latínu var á undanhaldi.

Latína var opinbert tungumál Rómaveldis og almennt viðurkennd sem tunga stjórnsýslu. Eftir fall Vestrómverska keisaradæmisins árið 476 hélt latínan stöðu sinni sem tungumál kaþólsku kirkjunnar. Latína var einnig tungumál evrópsks menntafólks á miðöldum sem af þeim sökum ritaði nær einungis á latínu alveg fram á 10. öld.¹⁰ Kirkjan hafði yfirumsjón með öllu rituðu efni lengi fram eftir miðöldum. Innan kirkjunnar ríktu aldagamlar hefðir um það hvernig textar voru skrifaðir. Klerkastéttin réði því sem var skrifað og hvernig það var skrifað. Innan kirkjunnar voru ritaðir lofsöngvar, prédikanir, játningar, dýrlingasögur og helgikvæði sem lofuðu og upphófu meðal annars guðsmóður. Innan samfélagsins var uppi ríkjandi orðræða um lærdóm og trú. Til að mynda var orðið *litteratura* einungis notað yfir skáldskap ritaðan á latínu og fólst merking orðsins í þekkingu og lærdómi sem miðlað var á latínu.¹¹ Að vera *litteratus* þýddi að vera fær um að skrifa og lesa á latínu. Eins orkar fornfranska orðið „romanz“ tvímælis þar sem raunmerking þess liggur í þýðingarferlinu sem felst í því að færa yfir á móðurmálið „mettre en romanz“.¹² Fyrstu rituðu rómönsurnar voru epískar þýðingar og annálar úr latínu frá miðri tólftu öld. Skáldin þýddu einkum fornlatneska arfinn, þar með talið hugmyndafræði Óvíðs, yfir á þjóðtungunnar.¹³ Má þá helst nefna skáld á borð við Chrétien de Troyes, Marie de France og Benoît de Saint-Maure sem eru höfundar verka sem hafa varðveist.

⁸ Reynolds 1996: 65

⁹ Reynolds 1996: 64-65

¹⁰ Kay 2000: 87

¹¹ Millett 1995: 86

¹² Krueger 2000: 1

¹³ Green 2002: 156-57

Að sjálfsgöðu er þróun rithefðar á móðurmáli mismunandi eftir því hvaða land og landshluta er um að ræða og gegna sögulegar aðstæður þar mismunandi hlutverki.¹⁴ Ýmsar kenningar eru uppi um þróun hefðarinnar og eru fræðimenn ekki á eitt sáttir um það hvernig hún átti sér stað. Ruth Finnegan heldur því fram að samband skáldskapar á þjóðtungunni og latneskra rita sé margþætt þar sem hvor hefðin byggir að hluta til á hinni.¹⁵ Þar með hefur munnmælasagnahefðin mögulega haft áhrif á latnesk skrif og öfugt. Bella Millet tekur undir sama sjónarmið og bendir á að hægt sé að finna verk sem óvíst er hvort teljist til munnmælasagna eða rithefðar.¹⁶ Walter Haug bendir á að skáld hafi bæði þurft að vinna með og í andstöðu við latneska rithefð. Samt sem áður var nauðsynlegt fyrir skáldin að brjótast í gegnum múra menningar, tungumálahefðar og latneskrar rithefðar svo að ritun þjóðarbókmennta gæti þróast og náð þeirri sérstöðu sem einkenndi verkin.¹⁷

Skáldskapur á þjóðtungunni hefur verið tengdur við aukinn hagvöxt og vaxandi ítök aðalsins.¹⁸ Innan hirða aðalsmanna varð til grundvöllur fyrir ritun þjóðlegs skáldskapar á móðurmálinu. Farið var að skrá niður kvæði og sögur sem varðveist höfðu í munnlegri geymd. Sagnaritarar þjóða í Norður-Evrópu tóku að rita veraldlegan skáldskap á móðurmálinu undir verndarvængi efnaðra konunga. Þessa þróun má reyndar rekja allt aftur til elleftu aldar þegar þáttaskil urðu í franskri miðaldaljóðlist. Þróunina má rekja til menningaruppsveiflu sem átti sér stað í Provencal héraðinu í Suður-Frakklandi.¹⁹ Suður-Frakkland gegndi mikilvægu hlutverki á tíma krossferðanna. Borgir eins og Marseille og Toulon voru mikilvægar verslunarborgir með fjölskrúðugu menningarlífi þar sem framandi varningur og munaðarvara gekk kaupum og sölum. Austræn sagnaminni streymdu inn í landið með krossförum, nýjum mörkuðum og aukinni neyslu. Þarna varð til suðupottur menningar og lista sem leiddi til þess að nýtt form ljóðlistar myndaðist.²⁰ Hin nýja orðræða skáldskapar á móðurmálinu var lituð af hirðsiðum með áherslu á fagurfræði og

¹⁴ Sambærilega þróun má greina í ítölskum skáldskap í tengslum við aukin skrif á þjóðtungunni (Wilhelm 1970: 15 og Wilhelm 1965: 55).

¹⁵ Finnegan 1977: 16-24

¹⁶ Millett 1995: 87

¹⁷ Þó ber að hafa í huga að rannsóknir Haug beinast fyrst og fremst að þróun germanskrar sagnahefðar sem á sér allt aðra sögu en til að mynda frönsk sagnahefð (Haug 1997: 7-8 og 25-27).

¹⁸ Gabrielle Spiegel bendir á að á 13. öld hafi mikil vakning átt sér stað í Frakklandi þar sem þjóðhöfðingjar tóku virkan þátt í að styrkja stóðir skáldskapar á þjóðtungunni. Í þessu samhengi bendir hún á konungana: Philip Augustus (1179-1223) og Philippe frá Alsace (1157/1163-1191) sem og Eleanor frá Aquitaine sem giftist Henry II Englandskonungi (Spiegel 1993: 11-54).

¹⁹ Wilhelm 1965: 151-233

²⁰ Þessi ljóðlist var kennd við bókmenntir frá Provencal héraðinu í Frakklandi (Wilhelm 1965: 157 og 203-221).

ríkidæmi. Hún var undir áhrifum trúarlegs arfs klausturljóða, fornklassísks sagnaarfs, með ástarljóðum Óvíðs í fararbroddi, og arabískar ljóðlistar. Fornklassíski arfurinn átti stóran þátt í hugmyndafræði ljóða skáldanna frá Provençal héraðinu. Skáldin leituðu aftur til fornlatneskra skáldverka og fundu samsvörun með harmleik elskendanna Dido og Eneasar, Medeu og Jasonar og Criseidu og Troilo.²¹ Skáldin frá Provençal voru menntaðir menn og þekktu að öllum líkindum ekkert annað ritmál en latínu en tóku við að rita niður ljóð sem voru ort á þjóðtungunni.

Eitt af þeim fyrstu skáldum sem kennd eru við Provençal héraðið er Guilhem IX, frá Aquitaine (1071-1127). L.T. Topsfield telur að hann hafi verið fyrstur til að yrkja ástarljóð full af trega og þrá.²² Ljóðin eru í fyrstu persónu og ávarpar ljóðmælandinn frú sína, *domna*, og lýsir þeim ástarkvölum sem hún veldur honum.²³ Guilhelm IX þróaði meðal annars minnið um elskhugann sem er fangi frúar sinnar. Fleiri farandsöngvarar fylgdu hans fordæmi og þróðu orðræðuna enn frekar. Bernart de Ventadorn steig skrefið til fulls og var fyrstur farandsöngvaranna sem söng um „service d’amour“ eða elskhugann sem kemur fram sem auðmjúkur þjónn ástkonunnar.²⁴ Í ljóðunum tileinkar elskhuginn frú sinni söngvana samhliða því sem hann lofar og upphefur hana. Hin upphafna mynd konunnar sem yfirboðari elskhugans yfirfærir á frúna og ber elskhuganum skylda að þjóna henni og sýna undirgefni og hollustu.²⁵ Skáldskapurinn gengur út á hvöt hins ástfangna til að miðla og fá útrás fyrir tilfinningar sínar líkt og sjá má í verkinu *Ars Amatoria* eftir Óvíð. Ljóðlistin birtist því sem óður til þekkingarinnar þar sem hinn reyndi og vel lesni miðlar hinum óreyndu af reynslu sinni.

Ljóðagerð suðrænna trúbadora festist í sessi við hirðina í París um miðbik tólftu aldar og blandaðist saman við þá ríku ljóðahefð sem fyrir var, en hún var meðal annars mótuð af germönskum sagnaeinkennum og keltneskum sagnaarfi. Upp úr þessum sagnaarfi varð til nýtt skáldskaparform, svokölluð söguljóð eða ljóð sem

²¹ Jessie Crossland rekur söguminnin um ástir Dido og Eneasar og Medeu og Jasonar og endurritun sagnanna á 12. öld í bókinni *Medieval French Literature* (Crossland 1976: 68-79).

²² L.T. Topsfield bendir á að þó mögulegt sé að það hafi verið aðrir farandsöngvar þá hafa ljóð þeirra ekki varðveist í handritum (Topsfield 1975: 11).

²³ Orðið *domna*, sem felur í sér merkinguna miskunarlaus unnusta eða gyðja, er aðlögun Provençal mállýskunnar á latneska orðinu *domina* (Wilhelm 1965: 158).

²⁴ Topsfield 1975: 112-13

²⁵ Parry 1990: 7

sögðu sögur í bundnu máli.²⁶ Þessi margþætti samruni ólíkra stefna mótaði þá hugmyndafræði sem nú er nefnd hirðást eða *l'amour courtois*. Roberta Krueger telur að aðallinn hafi litið til rómönsunnar og skilgreint viðmið sín í samræmi við gildi hennar. Hirðsiðir, og þar með hirðástin, aðgreindu aðalinn frá öðrum þjóðfélagshópum sem studdu við réttlætingu aðalsins á forrættindum sínum og sérstöðu sinni sem æðri þjóðfélagsstétt.²⁷ Þannig tengdist hugtakið hirðást sjálfmynd aðalsins og átti þátt í því að sameina hann sem þjóðfélagshóp og aðgreina aðalinn frá almúganum.

1.2 Riddarasögur

Hinn nýi lesendahópur gerði auknar kröfur um framleiðslu á skemmtun og skapaði eftirspurn hirðlegra sagna um ástir og afbrýði. Rómönsur eða svokallaðar riddarasögur urðu fljótlega eftirsóknarverðar innan franskra hirða og endurspeglar sögurnar glæst hirðlíf konunga og aðalsmanna þar sem riddaralegri framgöngu, hugþryði og hugrekki er gert hátt undir höfði.²⁸

Í reynd má vel halda því fram að viðfangsefni söguljóðanna sé að einhverju leyti endurspeglun samfélagslegra hræringa þess tíma. Nýtt valdakerfi hafði fest í sessi sem byggðist á svæðisbundnu valdi konunga. Konungar settu höfðingja undir sig til að annast konungleg boð og bönn í formi skattheimtu og dómsmála en fyrst og fremst til að verja landsvæði.²⁹ Rammgerðir kastalar voru byggðir og héldu þeir óvinveittum höfðingjum frá. Kastalarnir veittu einnig borgurunum öryggi undan óvinaherjum, en höfðingjarnir höfðu manna ráð yfir her manna sem þeir gátu kallað saman ef til átaka kæmi. Þar af leiðandi var rík þörf fyrir vel þjálfað riddaralið. Riddararnir voru ríðandi herlið og forsenda skjótra og öruggra landvinninga. Þeir nutu mikillar virðingar og voru aðgreindir frá öðrum fótgangandi hermönnum. Blockmans og Hoppenbrouwers benda á að innan riddarasveita hafi markvisst verið byggður upp flokksandi þar sem gildi eins og heiður, siðir og venjur voru háttskrifuð.³⁰ Þessi gildi skiluðu sér svo inn í bókmenntir tímabilsins og mótuðu eðli hirðástar. Þá voru ritaðar

²⁶ Bernard O'Donoghue líkir þessum straumhvörfum við germönsku hefðina þar sem viðfangsefni *Minnesänger* barst inn í hefð ástarljóðsöngva eða *trütlied*. Hann telur að áhrif frá þessari hefð hafi sett mark sitt á mótun og þróun hirðástarinnar (O'Donoghue 1982: 163).

²⁷ Krueger 2000: 5

²⁸ John Stevens 1973: 169

²⁹ Blockmans og Hoppenbrouwers 2010: 119-120

³⁰ Blockmans og Hoppenbrouwers 2010: 119-120

bókmenntir í formi lærdómskvæða og siðferðisrita í þeim tilgangi að móta herdeildina og stuðla að riddaradyggðum innan herdeildar. Þær hvöttu unga karla sem aldir voru upp við ofbeldisverk, til að hafa hemil á streitu og opnum deilum. Þeir gátu því náð virtri stöðu við hirðina í gegnum heiður.³¹ Kristin trú gegndi einnig mikilvægu hlutverki í riddaramennsku hámiðalda og voru stofnaðar riddarareglur undir verndarvæng kirkjunnar. Kirkjan studdi riddarasiði og voru innvígsluaðferðir undir kirkjulegum áhrifum. Ítök kirkjunnar voru einnig mikil innan riddarabókmennta. Höfundar rómansa sem oft sóttu menntun sína í klaustur og kirkjustofnanir höfðu mikil áhrif á mótun upphafinnar ástar rómönsuhefðarinnar. Höfundarnir yfirfærðu markvisst kristin gildi yfir á hirðsiði en jafnframt sóttu þeir viðfangsefnin til keltneskra minna, þjóðsagnahetja og sögusagna.³²

Keltnesk goðsagnahefð barst frá Englandi með farandsöngvurum yfir til frönsku hirðarinnar.³³ Meðal viðfangsefna keltneska sagnaarfsins eru söguminnin um Tristan og konunginn Arthúr og þær kurteisisvenjur sem einkenndu hirð hans.³⁴ Frönsk skáld tóku þessi söguminni upp á arma sína, rituðu niður og gerðu að sínu. Dæmi um þetta er keltneska söguminnið um *Erec*, son Lac konungs, sem Chrétien de Troyes ritaði niður. Skáldin litu mjög svo til keltneskra sagnamínna og má rekja hinn ævintýralega heim dreka, dverga, jötna, galdramanna og álfa innan rómansanna til þeirra.³⁵ Einnig má sjá áhrif keltneskrar menningar í riddarasögum sem rekja má til yfirnáttúrulegra fyrirbæra og tengsla mannsins við náttúruna, svo sem, vötn og dýr skógarins á borð við fugla, hindir og galti. Í ófáum riddarasögum koma fram viðureignir persóna við yfirnáttúruleg fyrirbæri, meðal annars í sögum eins og *Tristan, Sir Gawain and the Green Knight, Yvain* og ljóðsögunni *Guigemar*. Hetja rómönsunnar verður fyrir vikið gædd ofurmannlegum kostum í anda keltneskra

³¹ Blockmans og Hoppenbrouwers 2010: 119-120

³² Sjá til að mynda Putter 2009: 36-52 og Bruckner 2006: 13-28

³³ Keltnesk goðafræði er talin hafa verið ríkjandi á Írlandi og Stóra-Bretlandi frá 600. f. kr. – 400. e. kr. eða fram til kristnitöku kelta. Ekki eru til miklar skriflegar heimildir um trú kelta þar sem þeir skildu ekki eftir sig ritaðar heimildir. Þær heimildir sem til eru af trúarbrögðum þeirra er að finna í ritum rómverska yfirboðara frá 1. öld f. kr. – 1. aldar e. kr. þar sem þeir fjalla t. d. um mannfórnir, hausaveiðar, samband kelta við guðina og sýn þeirra á líf eftir dauða (Green 1998: 7-9).

³⁴ Rekja má innreið þessa inn í franska ljóðlist að hluta til *Historia regum Britannie* eftir Geoffrey of Monmouth. Chrétien de Troyes er hins vegar talinn vera sá sem færði sögnina um Arthúr í þann búning sem varð grundvöllur þróunar orðræðunnar. Ekki eru margar ritaðar heimildir um minni tengd Arthúri og hirð hans fyrir tíma Chrétien. Það útilokar ekki að til hafi verið margs konar sagnaminni um Arthúr. Sögusagnir af Arthúri konungi koma reyndar fyrir í *De excidio Britanniae, Y Gododdin, Gesta regum Anglorum* svo fátt eitt sé nefnt (Lacy 2005: 43-51 og O'Donoghue 1982: 164-165).

³⁵ Crossland 1976: 89

minna. Aftur á móti er hún þjökuð af mannlegum brestum og á oftast en ekki í miklu sálarstríði. Að henni steðja margar hættur og ævintýri og leynast óvinir hennar víða.

John Stevens skiptir rómönsunni upp í tvo flokka. Annars vegar rómönsur þar sem ævintýranleg atburðarás gegnir meginhlutverki og hins vegar þar sem sálarlíf aðalsmannsins og hirðlegar aðstæður eru gerðar að meginviðfangsefni. Yfirleitt tvinnast þessir þættir hins vegar saman.³⁶ Stevens heldur því fram að persónur riddarasagnanna séu endurspeglun á stöðluðum hugmyndum og að þær séu gæddar eiginleikum eftir hlutverki þeirra innan sögunnar. Sögupersónurnar lúta fyrirframgefnu lögmáli hvað varðar fegurð og persónueiginleika. Hetjan þarf að vera meðvituð um alla möguleika sína og hæfileika. Hún þarf ekki að vera fullkomin í eðli sínu heldur ávinnur hún sér fullkomleikann í gegnum atburðarás sögunnar og felst spennan í þessari þroskaför. Blockmans og Hoppenbrouwers benda til að mynda á að sú ímynd sem dregin var upp af karlmönnum innan riddarasagna hafi verið fyrirmynd fyrir karlmenn samtímans. Riddarasögur draga fram mynd af hinum siðprúða og kurteisa riddara sem sýnir af sér riddaralega hegðun. Riddaraleg hegðun fólst ekki einungis í hetjuskap og vopnaburði heldur í ákveðinni ímynd sem einkenndist af kurteisi og fágaðri hegðun. Þar með hafi rómönsur ekki einungis gegnt fagurfræðilegu hlutverki heldur voru þær vísun í stærra samhengi sem stjórnað var af viðmiðum og gildum samfélagsins.³⁷ Í riddarasögum er ímynd riddarans upphafin og lofuð þá sér í lagi ef hann fylgir hirðsiðum og gengst við lögmálum hirðástar. Riddarinn hefur þar með tvenns konar skildum að gegna. Hann vinnur ekki einungis sigra á vígvellinum heldur einnig í tilhugalífínu og ber honum að lúta vilja ástarinnar. Æskilegt er að riddarinn sé ástfanginn af aðalskonu og vinni sigra sína í hennar nafni. Margar riddara- og ljóðsögur fjalla um þá togstreitu sem ríkti á milli ástar og herskyldu í lífi hvers riddara eins og sjá má í ljóðsögunni *Guigemar* eftir skáldkonuna Marie de France. Í ljóðsögunum *Erec et Enide* og *Yvain* eftir Chrétien de Troyes kemur þessi togstreita einnig fram sem og í söguljóðinu *Yvain* þar sem hinn göfgi riddari Yvain nær ekki að sameina skyldur riddaramennskunnar og ástarlífsins. Ástin leikur gjarnan mikilvægt hlutverk innan söguþráðsins og lýtur hún, ásamt frásagnarheiminum, merkingarþrungnu táknkerfi. Stevens bendir á að innan riddarasagna megi oft greina kristin tákn sem og tákn ástar, skírlíffis, hugprýði og heiðarleika.³⁸ Táknin gegna

³⁶ Stevens 1973: 170

³⁷ Blockmans og Hoppenbrouwers 2010: 119-120

³⁸ Stevens 1973: 142

gjarnan mikilvægu hlutverki innan sögunnar og eru hjálpartæki lesendans og áheyrandans til að staðestja sig innan sögunnar sem og til þess að túlka framvindu hennar. Táknin gefa sögunni vissan merkingarauka en geta jafnframt skapað stemmningu og dulúð innan frásagnarinnar og gefið sögunni aukna dýpt. Tákn birtast ekki á nákvæmlega sama hátt innan tveggja sagna þar sem þau lúta lögmáli hvers táknkerfis fyrir sig. Þar með hafa tákn margar mismunandi merkingar sem helgast af textalegu samhengi. Lesendur og áheyrendur voru meðvitaðir um fjölbreytileika táknanna og báru kennsl á og túlkuðu þekktar táknmyndir.

Í verkinu *The Medieval Art of Love* fer Michael Camille yfir helstu tákn innan málaralistar, vefnaðar, útskurðar og bókmenntaverka miðalda. Hann bendir meðal annars á nokkur algeng tákn innan rómönsunnar sem hafa ríkan merkingarauka. Meðal þeirra eru; turninn, kastalinn, skógurinn, báturinn, garðurinn, lindin, hringurinn, rósinn, næturgalinn, fálkinn og sverðið en svo mætti lengi telja. Hringurinn er þekkt tryggðartákn, næturgalinn táknar frjálssar ástir og báturinn táknar mörk tveggja heima og flutning yfir í annan og betri heim. Skógurinn er hins vegar táknmynd hins villta þar sem siðmenning hefur ekki náð fótfestu. Álfrún Gunnlaugsdóttir bendir til að mynda á að dvöl persóna inni í skógi gefi oft til kynna tilfinningalegan óróa eða glundroða.³⁹ Í keltneskum sögum birtist skógurinn oft sem helgur staður.⁴⁰ Skógurinn er einnig táknmynd lífsins þar sem tré hans tákngerast oft í lífsins tré aldingarðarðsins Eden. Skógurinn er jafnan hættulegur staður þar sem villimenn og villt dýr leynast á hverju strái. Hann er einnig staður kvenlegra krafta þar sem konur ráða ríkjum, oft í tengslum við lind eða samskonar uppsprettu eins og ljóðsögunnar *Yvain* eftir Chrétien de Troyes og *Lanval* eftir Marie de France bera vitni um.

Skógurinn og garðurinn hafa svipaða merkingu innan riddarasagna. Inni í garðinum er oft uppspretta og tré sem tákna lífsins tré. Camille fjallar ítarlega um garðinn sem birtist oft og tíðum sem lokaður staður sem utanaðkomandi er meinaður aðgangur að.⁴¹ Í 13. aldar ljóðsögunni *Roman de la rose* eftir Guillaume de Lorris birist garðurinn aftur á móti sem leynilegur gríðastaður elskenda. Í ljóðsögunni *Erec et Enide* eftir Chrétien de Troyes kemur garðurinn fram sem eins konar fangelsi elskenda og er túlkaður sem óeftirsóknarverður staður. Þessa skírskotun má sjá í

³⁹ Álfrún Gunnlaugsdóttir 2000: 128

⁴⁰ Chevaliar og Gheerbrant 1996: 400

⁴¹ Camille 1998: 73-81

ljóðsögunni *Floire et Blancheflor* þar sem Blancheflor er haldið fanginni í turni sem stendur inni í hallargarði. Í miðju garðarins stendur tré. Þegar tréð stendur í blóma velur konungurinn sér brúði sem hann aflífar að afmeyjun lokinni. Camille bendir einnig á hina kynferðislegu skírskotun sem turninn hefur innan myndlistar og ljóðsagna.⁴² Turninn kemur fram sem táknmynd kvenleikans og eru meyjar og hefðarfrúr ljóðsagna oft lokaðar inni í turni. Þessi innilokun kemur fram sem birtingarmynd skírlífis og jafnvel ófrjósemi. Þetta má sjá í ljóðsögunum *Guigemar* og *Yonec* þar sem meyjarnar eru lokaðar inni í turni af afbrýðisömum eiginmönnum. Í *Floire et Blancheflor* er Blancheflor hins vegar haldið fanginni af væntanlegum biðli.

Eitt er þó víst að það umrót sem átti sér stað innan þjóðtungunnar var komið til að vera og virkaði sem eldur í sinu sem dreifðist um Evrópu og litaði bókmenntaarf margra þjóða sem tóku til við að rita á þjóðtungum sínum. Margar hverjar horfðu til franskra hirðbókmennta sem þær þýddu á eigið tungumál.

⁴² Camille 1998: 90-91

2. Þýðingar og aðlögun

2.1 Samruni hefða

Áhrifa riddarabókmennta og ljóðsagna gætti víðar en í Frakklandi og Englandi. Riddarasögur bárust til Íslands í gegnum norsku hirðina sem var leiðandi afl í innflutningi á riddarabókmenntum í Skandinavíu. Á 13. og 14. öld voru þýddar hátt í tuttugu riddarasögur yfir á norrænu úr frönsku, latínu og þýsku.⁴³ Með tilkomu þessara riddarasagna streymdi ný hirðleg orðræða inn í íslenska sagnahefð. Erfitt er að alhæfa um það hvernig þýðingarnar bárust til Íslands frá norsku hirðinni. Líklegt er talið að íslenskir ritara hafi starfað við hirðina og tekið þátt í þýðingu þeirra.⁴⁴ Þó svo að elstu handritabrotin sem varðveitt eru af þýddum riddarasögum hafi fundist á Íslandi þýðir það ekki endilega að þær hafi verið þýddar hér á landi. Ýmislegt bendir til þess að íslenskir þýðendur hafi jafnvel unnið að þýðingum heima á Íslandi, enda hafa handrit löngum verið rituð hér á landi og flutt til Noregs.⁴⁵

Snemma hafði skapast mikil ritmenning sem barst fyrst til Íslands með kristnitöku. Ritað var á latínu og fór ritun að mestu fram inni í klaustrum. Það gefur að skilja að nær einungis trúarlegt efni var talið verðugt til þýðingar yfir á forníslenska tungu, þó ekki sé vitað hvenær farið var að rita á móðurmálinu.⁴⁶ Upphaflega voru nær einungis lög og kirkjulegar þýðingar voru ritaðar á íslenska tungu. Íslendingabók Ara fróða frá árunum 1122-1133 markar upphaf íslenskrar sagnaritunar. Á öndverðri 13. öld hófst svo skrásetning fornra kvæða sem varðveist höfðu í munnmælum þegar *Konungsbók eddukvæða* var rituð.⁴⁷ Með tilkomu sagnaritunar hófst nýtt skeið í Íslandssögunni en til þeirra teljast allar íslenskar

⁴³ *Íslensk bókmenntasaga* II 2006: 196

⁴⁴ *Íslensk bókmenntasaga* II 2006: 198-204 og Sverrir Tómasson 1977: 47-78

⁴⁵ Sama

⁴⁶ *Íslensk bókmenntasaga* 2006: 512

⁴⁷ Nokkur handrit hafa varðveist frá 12. og 13. öld. Þar á meðal eru tvö skinnblöð AM 237 a fol. Eitt elsta handritið sem varðveitt er í heild sinni er *Konungsbók eddukvæða* Codex regius GKS 2365 4to sem er enduruppskrift af eldra handriti frá um 1270 (Jón Helgason 1958: 11 og *Íslensk bókmenntasaga* I 2006: 50).

fornsögur í bundnu máli.⁴⁸ Sagnaritun var að öllum líkindum í höndum bóklærðra manna. Prestar og munkar voru ekki síður vel lesnir og menntaðir en evrópskir trúbræður þeirra og bjuggu þeir yfir sambærilegri þekkingu á beitingu trúarhugtaka og kristnum táknmyndum. Menntun og sagnaritun fór fyrst og fremst fram inni á klaustrum og kirkjustöðum sem voru helstu fræðistofnanir Íslands þess tíma.⁴⁹

Elstu varðveittu trúarlegu þýðingarnar eru frá 12. öld.⁵⁰ Einkenni evrópsks stílbragðs eru greinileg í uppskrifuðum handritum 12. aldar sem bendir til þess að menn hafi sótt sér lærdóm utan landsteinanna og jafnvel flutt með sér bækur frá meginlandinu.⁵¹ Lítið var um bókakost á 12. öld og benda heimildir til þess að lærdómsmenn hafi lagt stund á klassískar bókmenntir, bæði latneskar og grískar. Í *Jóns sögu helga* er Klængur Þorsteinsson (1102-1176) sem síðar varð Skálholtsbiskup, til að mynda sagður hafa litið hýru auga til forboðins skáldskapar Óvíðs.

Þat er sagt í frá, at hann kom á hljóð, at Klængur Þorsteinsson, sá er síðan varð byskup í Skálaholti, en var þá prestlingr ok ungr at aldri, las bók þá, er kölluð er *Ovidius epistolarum*. Í þeiri bók býr mansöngur mikill, en hann bannaði honum at lesa þess konar bækur ok kallaði þó hverjum manni mundu ærit höfugt at gæta sín við líkamligri munuð ok rangri ást, þó at hann kveykti eigi upp hug sinn til þess með né einum siðum eða þess konar kvæðum.⁵²

Það er því ljóst að klassískar bókmenntir og evrópsk hugmyndafræði bárust snemma til landsins. Í byrjun 13. aldar voru evrópskar veraldlegar bókmenntir þýddar úr frönsku, latínu og þýsku við hirð Hákonar Hákonarsonar Noregskonungs. Í formálum að ljóðsagnasafninu *Strengleikar*, sem er norræn þýðing á frönskum ljóðsögum (*lais*), er greint frá því að hún hafi verið þýdd fyrir tilstilli Hákonar.

En bok þessor, er hinn virðulegi Hákon konungur lét norræna úr völsku máli, má heita Ljóðabók, því að af þeim sögum er þessi bók birtir gerðu skáld í syrða Bretlandi- er liggur í Frans – ljóðsöngva þá er gerast í hörpum, gígjum, simphanum, organum, timpanum, salterium og corum og alls konar öðrum strengleikum er menn gera sér og öðrum til skemmtanar þessa lífs.⁵³

⁴⁸ Hugtakið sagnaritun nær yfir allan skáldskap í bundnu máli, og einkum þá það sem miðaldamenn skilgreindu sem sagnfræði. Undir þá skilgreiningu falla ævisögur manna, höfðingja, kirkjunnar manna eða konunga (*Íslensk bókmenntasaga* I 2006: 265).

⁴⁹ Einnig voru til dóm-, hirð- og einkaskólar og var það mismunandi hvar námið fór fram. Námið gekk fyrst of fremst út á að nemendur líktu eftir meistara sínum eða skrifuðu beint upp eftir honum. Helstu menntasetur tólfu aldar voru að Odda og í Haukadal (*Íslensk bókmenntasaga* I 2006: 267-69).

⁵⁰ *Íslensk bókmenntasaga* I 2006: 421

⁵¹ *Íslensk þjóðmenning* VI 1989: 60-74

⁵² *Biskupa sögur* II 1981: 95

⁵³ *Strengleikar*: 2006: 47

Þýðingarnar stuðluðu að nýjum siðvenjum innan norsku hirðarinnar, kynntu hana fyrir hirðmótífum frönsku hirðarinnar og báru með sér nýja orðræðu inn í skandinavískan skáldskap.⁵⁴ Sif Ríkharðsdóttir tengir þessa menningarvakningu norsku hirðarinnar við tengsl hennar við ensku krúnuna.⁵⁵ Hún bendir á að lærdómsmenn sóttu gjarnan menntun í kristnum fræðum til Englands. Klerklærðir menn báru síðan menningarstrauma og bókmenntir með sér til Noregs. Hirðlíf norsku hirðarinnar í valdatíð Hákonar Hákonarsonar var þar af leiðandi áþekkt því sem þekktist meðal annarra evrópskra hirða. Vitað er að hann hafði samband við konunga af meginlandinu og þá sérstaklega við konunga Englands og Frakklands.⁵⁶ Sif Ríkharðsdóttir telur mögulegt að frönsk og ensk handrit ljóðsagna og hetjukvæða hafi borist til Noregs í gegnum vináttugjafir.⁵⁷ Uppi hafa verið vangaveltur um ástæðu þeirrar þýðingarstarfsemi sem átti sér stað innan norsku hirðarinnar. Hákon var sagður vera lærdómsmaður mikill og lét meðal annars semja *Konungs skuggsjá*.⁵⁸ Verkið samanstendur af öllum þeim fróðleik sem konungur þarf að vita, en þar er einnig að finna ítarlega greinargerð um það hvernig konungsmönnum eða riddurum ber að haga sér. Það er því augljóst að Hákon Hákonarson þekkti til suðrænnar hæversku og siðprýði og vildi deila þeirri list með hirðmönnum sínum mögulega til að stuðla að siðfágun við hirðina.⁵⁹ Sá mikli fjöldi þýðinga í nafni hans ber vott um almennan áhuga Hákonar á menningarlegri starfsemi og riddaralegum siðum. Þýðingarnar mörkuðu tímamót í norrænum skáldskap með innleiðingu nýs yrkisefnis og stílbragðs sem auðgaði skálskaparhefðina sem fyrir var.⁶⁰ Eini þýðandinn sem vísað er í er svokallaður bróðir Róbert en nafn hans kemur fyrir í formálanum að *Strengleikum*.

Hier Skrifast Sagann af Tristram og Ísönd Drottningu j hvörre talad verdur umm obærelega Ast er þau höfdu Sýn a Millumm. Var þä lided frá hingaburde Christi. 1226 Aar er þesze Saga var a Norrænu Skrifud, Efter befallningu og Skipan Virdulegz herra Hakonar Kongz. Enn Broder

⁵⁴ Sjá umfjöllun Sifjar Ríkharðsdóttur um mögulega þjóðfélagstogstreitu á milli konunga Noregs, Englands og Frakklands (Sif Ríkharðsdóttir 2008: 148).

⁵⁵ Sif Ríkharðsdóttir 2008: 147-148

⁵⁶ Sif Ríkharðsdóttir 2008: 148

⁵⁷ Sif Ríkharðsdóttir 2012: 19

⁵⁸ Björn Þorsteinsson og Sigurður Líndal 1978: 19-33

⁵⁹ Torfi heldur því fram að Hákon Hákonarson hafi leitast við að innleiða hirðsiði inn í norsku hirðina og bendir þar með á ritið *Konungs skuggjá*. Ritið átti að hans mati að kenna ungum mönnum við hirðina kurteisi og ýmis konar fróðleik (*Íslensk bókmenntasaga II* 2006: 201).

⁶⁰ Kalinke 1990: 1-2

Robert efnade og Uppskrifade epter Sinne kunnattu, med þesum
Ordtókumm sem epterfilger i Sógunne. Og nu skal fra Seigia.⁶¹

Sverrir Tómasson telur að bróðir Róbert hafi þýtt *Strengleika*. Peter Halberg og Paul Schach eru á sama meiði og telja báðir að Robert hafi í reynd átt þátt í þýðingu *Tristrams sögu*, *Strengleika*, *Valvers þáttar*, *Möttuls sögu*, *Parcevals sögu* og *Magnúss sögu lengri*.⁶² Paul Schach telur að Robert hafi að auki þýtt *Elis sögu og Rósamundu*.⁶³ Hann telur að Bróðir Róbert hafi verið enskur klerkur og er Ludvig Holm Olsen á sama meiði, en hann heldur því jafnframt fram að hann hafi verið alinn upp á norrænu málsvæði.⁶⁴ Álfrún Gunnlaugsdóttir sem rannsakað hefur *Tristrams sögu* telur að bróðir Róbert hafi verið mun nákvæmari og skilað samanþjappaðri þýðingu en sjá má af þeirri gerð er varðveitt hefur verið.⁶⁵ Jafnframt telur hún að Róbert hafi leitast við að gera textann að sínum með þeim afleiðingum að lítið sé gert úr tilfinningum persóna.⁶⁶ Rannsóknir Sifjar Ríkharðsdóttur á þýðingaverli *Strengleika*, sem talið er að Róbert hafi meðal annars þýtt, hafa einnig leitt í ljós að jafnan er dregið er úr vægi tilfinninga og sálarlífi persóna sem hún rekur til breytinga á sjónarhorni úr kvenlægu yfir í karllægt sjónarhorn.⁶⁷ Þrátt fyrir breytingarnar á sjónarhorninu telur Sif að þýðandi *Strengleika* hafi verið vel fær um að færa frönsku ljóðsögurnar yfir á norska tungu og að þýðingin hafi fylgt frumheimildinni nokkuð nákvæmlega eftir. Jafnframt telur hún að þær breytingar sem áttu sér stað í þýðingunni hafi verið óhjákvæmilegar og að mögulegt sé að rekja þær til þýðingarferlisins úr einu tungumáli og menningarsvæði yfir í annað.⁶⁸

2.2 Úr lýrik í prósa

Vafalaust hafa þýðendur þurft að horfast í augu við álitafni er varða það hvernig réttast væri að haga þýðingum í sambandi við aðlögun menningar þess tungumálasvæðis sem þýðingin var tilætluð. Á norrænu málsvæði hafði myndast rík hefð fyrir ritun prósa á norrænni tungu.⁶⁹ Fyrir vikið skapaðist ákveðið vandamál við

⁶¹ *Sagan af Tristram ok Isönd samt Möttuls Saga* 1878: 3

⁶² Halberg 1971: 15

⁶³ Schach 1975: 118

⁶⁴ *Norges Litteraturhistorie I* 1974: 137

⁶⁵ Álfrún Gunnlaugsdóttir 2000: 120

⁶⁶ Álfrún Gunnlaugsdóttir 2000: 119-136

⁶⁷ Sif Ríkharðsdóttir 2008: 151

⁶⁸ Sif Ríkharðsdóttir 2008: 144-164

⁶⁹ Sif Ríkharðsdóttir 2008: 149-50

Ljóðapýðingarnar þar sem sexliðaþáttur og fornyrðislag eddukvæðanna var ekki talið hentugt ljóðaform fyrir hin frönsku söguljóð. Þýðendur hafa án efa tekið þá ákvörðun að þýða yfir á það skáldskaparform sem fyrir var, það er yfir í prósa. Ljóðin voru því rituð í ljóðaform líkt og þekkist í Íslendingasögum og konungasögum. Þýddar riddarasögur voru því ritaðar í stíl sem Torfi Tulinius hefur kallað hefðarstíl en hann á rætur sínar að rekja til lærdómsstíls og norræns sögustíls.⁷⁰ Hefðarstíllinn einkennist af löngum og flókum setningum þar sem mikið fer fyrir myndmáli, lýsingum og stílbrogðum eins og ritklifum og hliðstæðum.⁷¹

Sif Ríkharðsdóttir hefur meðal annars fjallað um þær breytingar sem urðu við þýðingu á ljóðsögum þeim sem kenndar eru við skáldakonuna Marie de France yfir á norrænu.⁷² Að hennar mati er stíll þýðinganna markviss, setningar stytta og áherslan fer frá innra samhengi persónanna yfir á atburðarásina. Tónninn verður hlutlaus þar sem greina má mögulegt áhugaleysi ritarans á sálarlífi persóna. Að lokum má sjá þýðingarmikla breytingu á sjónarhorninu innan nokkurra sagna sem fer frá kvenlegu sjónarhorni yfir í karlmannlegt. Sif rekur þessar breytingar meðal annars til kynferðis ritarans, sem að öllum líkindum var karlkyns, en einnig til ríkjandi framsetningar á orðafari persóna sem tengdist meðal annars hugmyndum manna um karlmennsku innan norrænna verka. Sif telur einnig að innan þýðinga megi greina vísitandi endursköpun þar sem þýðendur hafi brugðið frá frumtextanum og sleppt skáldagáfunni lausri.⁷³ Sif leiðir rök að því að þýðendur hafi verið vel hæfir til þess að flytja hin svokölluðu skáldlegu gæði frumheimildarinnar yfir í þýðingarnar.⁷⁴ Þýðendur aðlöguðu því ekki einungis textann að nýju málsvæði heldur áttu þeir það til að breyta honum, stytta frásögnina, hraða atburðarás eða draga úr vægi einstakra þátta innan sögunnar eins og kristnum gildum og kvenlegu sjónarhorni.⁷⁵

Innan franskra ljóðsagna má oft greina siðaboðskap samhliða skemmtun. Í þýðingarferlinu víkur siðaboðskapurinn oft fyrir skemmtanagildinu þar sem hin kristnu gildi detta upp fyrir í þýddum riddarasögum. Þar með báru þýðingar merki þess að vera menningarlegar aðlaganir, það er textinn var aðlagður að viðkomandi tungumála- og menningarsvæði. Þýðendur áttu það til að bæta útskýringum eða persónulegum skoðunum á framvindu sögunnar við þýðinguna. Þeir gátu þar með, á

⁷⁰ Torfi Tulinius 2006: 205-208 og Jónas Kristjánsson 1992: 322

⁷¹ Torfi Tulinius 2006: 205-208

⁷² Sif Ríkharðsdóttir 2008: 144-164

⁷³ Sif Ríkharðsdóttir 2012: 6

⁷⁴ Sif Ríkharðsdóttir 2012: 6-7

⁷⁵ Kalinke 1999: 35-36, 105-6 og 219-20

ýmsa vegu, haft áhrif á túlkun og skilning manna á sögunum. Þrátt fyrir þennan áherslumun innan þýðinganna voru fyrstu þýðingarnar nokkuð nákvæmar þótt þær hafi að einhverju leyti aðlagast norrænu málssvæði. Þýddu riddarasögurnar fengu þar af leiðandi á sig allt annan blæ heldur en ríkti innan frumheimildarinnar. Þær urðu að einskona samansuðu evrópskra og norrænna gilda. Ekki er hægt að fullyrða að íslenskir menntamenn á þessum tíma hafi skort hugmyndafræðilegar forsendur til þess að greina og túlka tákn og mótíf riddarasagna á sambærilegan hátt og í konungdæmum Evrópu. Ef til vill hafa þýðendur sagnanna ekki þótt hin hirðlegu sagnaeinkenni nægilega athyglisverð til að leggja frekari merkingu í þau. Það er ef til vill fjarlægð höfundar frá hinum ímyndaða söguheimi sem gerir það að verkum að frumsamdar riddarasögur skortir það sterka hirðlega yfirbragð sem einkennir orðræðu evrópskra riddarasagna.

Á Íslandi tóku Íslendingar til við að frumsemja riddarasögur í anda þýddu rómansanna. Höfundar létu þó skáldagáfuna ráða ríkjum og aðlöguðu mótíf og minni sagnanna að íslenskum sagnaminnnum og mótífum. Í frumsömdu riddarasögunum ríða riddararnir ekki um í leit að ævintýrum, heldur sigla þeir á stórum skipum, fara í víking og mannast þannig. Riddararnir lenda oft í háska og hitta fyrir dverga og tröllskessur sem þeir þurfa að kljást við. Hið yfirnáttúrulega og óútskýranlega verður áþreifanlega innan sagnanna. Persónur búa oft yfir þekkingu á kukli og rúnum og eiga átökin sér oft stað með fulltingi galdra og sjónhverfinga.

Það er því óhætt að fullyrða að þýðingarnar hafi haft ómæld áhrif á þróun íslenska sagnaarfsins, rétt eins og íslenski sagnaarfurinn hafði á frumsömdu hefðina. Fornaldarsögur og Íslendingasögur tóku að litast af riddaralegum áhrifum þýddu og frumsömdu riddarasögunnar. Elstu frumsömdu riddarasögurnar voru oft og tíðum mjög líkar að uppbyggingu og innihaldi þýddum riddarasögum. Jürg Glauser telur að *Bærings saga*, *Mírmanns saga*, *Rémundar saga keisarasonar* og *Konráðs saga keisarasonar* séu ritaðar þematískt og stílfræðilega í anda þýddra riddarasagna.⁷⁶ Þó greinir fræðimenn á um elstu riddarasögurnar og vilja sumir meina að þær elstu standi hvað næst íslenska sagnaarfinum þar sem þær innihalda síður evrópsk sagnaeinkenni. Dæmi um slíkar sögur eru *Mágus saga jarls* og *Konráðs saga keisarasonar*. Þessar sögur er taldar til elstu frumsamdra riddarasagna og telur James Driscoll þær vera frá því um 1300. Þær bera sterkustu einkenni íslenskrar hefðar og hafa því oft verið

⁷⁶ Glauser 2005: 375

skilgreindar sem bestu frumsömdu riddarasögurnar vegna þess hversu íslenskur stíll þeirra sé.⁷⁷ Driscoll bendir enn fremur á að *Mágus saga jarls* og *Konráðs saga keisarasonar* bera sterk einkenni fornaldarsagna.

Skilgreining og flokkun frumsamdra riddarasagna og fornaldarsagna hefur löngum vafist fyrir mönnum þar sem viðfangsefni, formgerð og stílbrög eru oft og tíðum þau sömu. Í greininni „Landafræði og flokkun fornsagna“ gagnrýnir Torfi H. Tulinius þá flokkunaraðferð sem tíðkast hefur.⁷⁸ Þar leitast hann við að sýna fram á hve erfitt það sé að skipta miðaldabókmenntum niður í flokka eftir söguviði verkanna. Hann bendir á að viðfangsefni Íslendingasagna, fornaldarsagna og riddarasagna hafi tilhneigingu til þess að skarast og bendir einkum á Íslendingasöguna *Víglundar sögu* og frumsömdu riddarasöguna *Samsons sögu fagra*. Hann heldur því fram að *Víglundar saga* sé riddarasaga að upplagi sem á sér stað á Íslandi. Riddarasagn *Samsons saga* á sér hins vegar stað í Skandinavíu og Englandi en ekki á suðrænum slóðum líkt og aðrar frumsamdar riddarasögur og ætti því samkvæmt flokkunaraðferðinni að flokkast sem fornaldarsaga. Þar af leiðandi má sjá hve gallað flokkunarkerfið er. Torfi bendir á að í raun sé tilgangur landafræðinnar í fornsögum:

„að opna eins konar glugga yfir í aðra skáldheima, heima annarra bókmenntategunda. Þessir gluggar þjónuðu þá því hlutverki að vera „mögulegir heimar“ í anda Ecos og höfðu áhvirf á túlkun njótandans á þeim veruleika sem verið var að lýsa í sögunum.“⁷⁹

Á þann hátt gæddu höfundar fornsagna verk sín dýpri merkingu þar sem landafræðin gegnir sama hlutverki og bókmenntaformið og málkerfið í heild sinni, sem er að skapa bókmenntaverk. Nánar verður fjallað um einkenni frumsamdra riddarasagna í kaflanum hér að neðan.

⁷⁷ Driscoll 1990: 164

⁷⁸ Tulinius 1990: 142-155

⁷⁹ Tulinius 1990: 154

3. Íslenski sagnaarfurinn : sagnahefð í mótun

3.1 Frumsamdar riddarasögur og íslensk sagnahefð

Víðtækar rannsóknir á viðtökum riddarasagna á Íslandi liggja ekki fyrir. Þar af leiðandi er ómögulegt að geta sér til um skilning íslenskra miðaldamanna á riddarasögum og hvernig þeir tileinkuðu sér innihald þeirra. Eitt er þó víst að áhrifa riddarasagnahefðarinnar mátti greina víða í verkum fram á 17. öld. Þó að ýmsir fræðimenn telji þessa þróun hafa mengað hinn íslenska „hreina“ sagnaarf sem fyrir var er það hins vegar vafasamt hversu hreinn sá íslenski arfur hafi í raun verið þar sem allur íslenskur skáldskapur er í raun runninn undan stoðum evrópsks sagnaarfs.⁸⁰

Talið er að flestar Íslendingasögur og fornaldarsögur hafi verið samdar á 13. öld og þær yngstu á 14. öld.⁸¹ Þýddar riddarasögur urðu hluti af íslenskum sagnaarfi frá miðri 13. öld og fram á þá fjórtánda. Frumsamdar riddarasögur eru taldar hafa verið ritaðar upp úr miðbiki 14. aldar.⁸² Hins vegar má leiða líkum að því að rómönsur hafi í raun verið samdar á lengra tímabili en áður var talið og þá samhliða ritun fornaldarsagna og Íslendingasagna enda má víða greina áhrif riddarasagnaritunar innan texta Íslendinga- og fornaldarsagna. Nýlegar rannsóknir gefa til kynna að þýdda riddarasagan *Clári saga* sé mögulega ekki þýdd heldur rituð af Jóni Halldórssyni, síðar biskup í Skálholti.⁸³ Shaun Hughes telur að þær fullyrðingar um að Jón Halldórsson hafi snúið sögunni séu einungis frásagnarbrögð innan textans.⁸⁴ Hughes telur að stílbrögð og málnotkun sögunnar séu „rammíslensk“ sem gefur til kynna að

⁸⁰ Sigurður Nordal skiptir ritun Íslendingasagna niður í fimm stig, sem fer eftir aldri sagnanna. Fimmta stig var stig hnignunar og voru yngstu Íslendingasögurnar, sem allar bera einkenni fornaldar- og riddarasagnahefðarinnar, ritaðar á því stigi. Sigurður segir orðrétt: „T.d hefur aldrei ríkt teljandi ágreiningur um það, hvaða sögur skuli telja til hnignunartímabilsins á 14. öld vegna þeirra áhrifa sem þær urðu fyrir af fornaldar- og riddarasögum, og sakir smekks og áhugamála höfundanna yfirleitt“ (Sigurður Nordal 1968: 110).

⁸¹ Torfi Tulinius bendir á að þessi staðhæfing miðast við elstu varðveittu handritabrotin sem eru frá miðri 13. öld, en þau handrit sem geyma heilar sögur eru frá byrjun 14. aldar (*Íslensk bókmenntasaga II* 2006: 39).

⁸² Ásdís Egilsdóttir 2005: 87-88

⁸³ Hughes 2008: 135-163 og Sif Ríkharðsdóttir 2010: 418-420

⁸⁴ Hughes 2008: 135-163

hún hafi ekki verið þýdd úr latínu eins og kveðið er á í formálanum.⁸⁵ Ef Jón Halldórsson, sem lést árið 1339, hefur í reynd ritað söguna er það til vitnis um að ritun frumsamdra riddarasagna hafi hafist fyrir en ætlað var.

Snemma hafði skapast gróskumikill vettvangur fyrir ritun sagna í anda þýddra riddarasagna. Höfundar frumsömdu sagnanna leituðu í íslenskan sagnaarf eftir minnum og mótífum sem þeir yfirfærðu markvisst á framandi heim sem birtist innan þýddra rómansa. Í reynd má einnig sjá áhrif Íslendingasagnaritunar á frumsamdar riddarasögur, þá einkum stílbrögð, formgerð og byggingu. Má þá nefna að upphaf og endir margra frumsamdra riddarasagna eru í anda Íslendingasagna þar sem persónur eru kynntar til sögunnar í upphafi frásagnar. Eins kallast sögulok þeirra á við Íslendingasagnahefðina þar sem farið er orðum um afdrif persóna líkt og sjá má í mörgum Íslendingasögum.

Ólíkt höfundum Íslendingasagna og fornaldarsagna, sem sækja efnivið sinn að mestu leyti í *Landnámu* og í annan sagnaarf, virðast höfundar frumsömdu riddarasagnanna ekki sækja í neinn fastan sagnabrunn. Þótt höfundarnir sækji ekki í söguminni evrópsku hefðarinnar nýta þeir sér ýmis hirðmótíf og tákn. Mótíf rómönsuhefðarinnar höfðu einnig áhrif á stílbrögð Íslendinga- og fornaldarsagna. Riddarasögurnar auðguðu lýsingar innan textans og báru með sér nýtt sjónarhorn.⁸⁶ Þær báru með sér ýmis minni, meðal annars keltesk þjóðsagnaminni. Þjóðsagnaverur á borð við dverga, álfa og jötna blönduðust saman við fornorrænar kynjaverur eddukvæða og skipuðu sér sess á nýjan leik innan íslenskrar bókmenntahefðar. Það sama má segja um hirðmótíf og hirðlega orðræðu sem er einkennandi fyrir evrópska rómönsuhefð.

Margar af yngstu Íslendingasögnum og fornaldarsögnum bera merki um slík áhrif. Má þá nefna *Gunnlaugssögu Ormstungu*, *Laxdælu*, *Hrólfs sögu Gautrekssonar* og *Göngu Hrólfs sögu* þar sem hirðlegum einkennum riddarasagna bregður fyrir. Þessi einkenni eru til að mynda tengd lýsingum á klæðnaði, mat og drykk. Bjarni Einarsson er einn þeirra fræðimanna sem heldur því fram að höfundar Íslendingasagna hafi orðið fyrir bókmenntalegum áhrifum franskra riddarabókmennta. Í verkinu *Skáldasögur* tilgreinir hann sex Íslendingasögur sem hann telur til skáldasagna, en það eru sögur þar sem höfuðpersónan er skáld: *Egils saga*,

⁸⁵ Hughes 2008: 138

⁸⁶ Íslendingasögurnar *Laxdæla* og *Njáls saga* bera einkenni rómönsuhefðarinnar sem hefur án efa auðgað texta þeirra og gert þær að vinsælustu Íslendingasögum þjóðarinnar, sjá til að mynda umfjöllun Helgu Kress í greininni „Haf og skegg: flæði í *Laxdælu*“ (Helga Kress 1997: 83-98).

Fóstbræðra saga, Bjarnar saga, Hallfreðar saga, Kormáks saga og *Gunnlaugs saga ormstungu*.⁸⁷ Ofangreindar sögur, að utanskildum fyrstu tveimur, telur hann öllu fremur til ástarsagna. Bjarni bendir á ýmis einkenni ástarsagna sem hann telur eiga rætur sínar að rekja til frönsku trúbadoranna. Meðal þeirra er yrkisefnið um ástarharm sökum söknuðar eða girndar sem beinist að giftri konu.⁸⁸ Þetta minnir óneitanlega á ljóð Óvíðs og einstök sagnaminni riddarasagnahefðarinnar og má þá nefna minnið um Tristan. Bjarni telur að ekkert ætti að mæla gegn því að sögur eða sögubrot um Tristan hafi borist til Íslands með menntamönnum áður en norska þýðingin barst til Íslands. Í því samhengi sýnir hann fram á að *Kormáks saga*, sem talið er að hafi verið samin á fyrstu þrem áratugum þrettánda aldar, sé sett saman að fyrirmynd sagnaminnisins um Tristan.⁸⁹ Hann bendir á fleiri sögur í því samhengi sem hafa að geyma minnin um unga manninn sem fer utan án þess að giftast konunni sem hann elskar og kemst ekki heim í tæka tíð til að kvænast henni eða deyr í bardaga. Einnig kemur fyrir minnið um manninn sem fer í bónorðsför fyrir hönd einhvers nákomins en verður svo ástfanginn af kvonfanginu.

Vegna þeirra evrópsku áhrifa sem rómönsuhefðin hafði á Íslendinga- og fornaldarsögur voru þær ekki alltaf litnar jákvæðum augum og flokkuðust því sem óæðri bókmenntir ætlaðar til skemmtunar. Matthew Driscoll hefur bent á að samtímamenn hafi skilgreint riddarasögur sem lygisögur og hélst sú skilgreining vel og lengi.⁹⁰ Væntanlega hefur önnur merking verið lögð í hugtakið lygisögur í þá daga en gert er í dag. Orðið hefur fengið á sig gildishlaðna merkingu með vísun í svik og pretti. Riddarasögur hafa því ekki fengið verðskuldaða athygli innan bókmenntasögunnar og voru blátt áfram litnar hornauga þar sem þær báru með sér framandi menningu, stílbrögð og mótíf. Enn fremur hefur verið talið að riddarasagnahefðin hafi kippt stoðum undan Íslendingasagnarituninni.⁹¹ Þetta kemur hvað best fram í umfjöllunum um bókmenntasöguna á fyrri öldum. Fræðimenn urðu einnig fyrir vonbrigðum að einstakar fornaldarsögur hafi litast af einkennum rómansa og þá jafnvel orðið til nýjar gerðir af sögunum. *Hrólfs saga Gautrekssonar* er dæmi

⁸⁷ Bjarni Einarsson 1961: 40

⁸⁸ Bjarni Einarsson 1961: 11

⁸⁹ Bjarni Einarsson 1961: 41 – 44

⁹⁰ Máli sínu til stuðnings bendir hann til að mynda á *Þorgils söga ok Haflíða* og *Hrómundar sögu Gripssonar* (sjá kafla 12) þar sem kemur fram að Sverri Sigurðssyni konungi hafi þótt lygisögur skemmtilegastar (Driscoll 2005: 190-204, sjá einnig Sigurður Nordal 1953: 180 og 1968: 110 og að lokum Ármann Jakobsson. 2009: 174).

⁹¹ Sigurður Nordal 1968: 110

um fornaldarsögu þar sem yngri gerð sögunnar ber einkenni riddarasagna.⁹² Driscoll telur að umræðan um skaðsemi riddarasagnahefðarinnar fyrir íslenskan sagnaarf hafi blandast inn í pólitíska umræðu.⁹³ Hann bendir á kenningar Sigurðar Nordals í tengslum við sjálfstæðisbaráttuna í þessu samhengi. Sögur á borð við riddarasögur hentuðu ekki þeirri mynd sem menn vildu sýna af menningarsögu Íslands. Driscoll bendir á að ríkjandi skoðun innan fræðaheimsins, hafi verið sú að: „bókmenntasagan og hin pólitíska saga landsins urðu að vera eitt.“⁹⁴ Íslenskir sjálfstæðismenn litu gjarnan til upprunans og þar á meðal til hins upphafna hreina íslenska sagnaarfs þar sem þjóðleg einkenni voru í hávegum höfð.

3.2 Þjóðsagnahefð, ævintýri og rímur

Þjóðleg einkenni settu í auknu mæli mark sitt á endurritanir frumsamdra riddarasagna þegar líða tók á aldirnar, líkt og sjá má í *Dínus sögu drambláta*. Hirðleg sagnaeinkenni og stílbrögð tóku að víkja fyrir nútímalegri áherslum. Þessar breyttu áherslur má tengja við upplýsingaflæði lærdómsaldar. Á 16. og 17. öld varð mikil vakning í menntunarmálum á Íslandi. Stór hluti íslensku þjóðarinnar var lítt læs eða ólæs með öllu og kunnu enn færri að skrifa og voru það nær einungis latínulærðir embættismenn sem skrifuðu prósa.⁹⁵ Á þessum tíma var ítakamikil yfirstétt á Íslandi sem hafði efni á að mennta syni sína. Vaxandi áhersla á menntun stuðlaði að viðgangi valda og auðs stéttarinnar sem gerði það að verkum að hástéttin hafði efni á því að kaupa munaðarvöru og þar með talinn pappír. Tilkoma pappírs markaði tímamót í þróun íslenskrar bókagerðar þar sem hann var mun ódýrari og auðveldari í meðferð en skinn. Allt prentverk var í reynd undir kirkjunni sem lét nær einungis prenta guðsorð. Íslenskur alþýðuskáldskapur á borð við skemmtisögur, kvæði, rímur og riddarasögur nutu aftur á móti ekki velvildar kirkjunnar og voru ekki talin þess verðug að vera prentuð á bók.

Á 17. öld átti mikil vakning sér stað meðal íslenskra fræðimanna sem litu mjög svo til hins forna arfs og hófust handa við að safna og endurrita allra handa handrit. Fræðimenn á borð við Arngrím Jónsson lærða, Brynjólf Sveinsson biskup og Árna Magnússon létu sitt ekki eftir liggja og réðu hóp manna í sína þjónustu við

⁹² Jóhanna Friðriksdóttir vinnur sem stendur að rannsókn á gerðum *Hrólfs sögu Gautrekssonar*.

⁹³ Driscoll 1990: 161-162

⁹⁴ Driscoll 1990: 161

⁹⁵ *Íslensk bókmenntasaga II* 2006: 487

söfnun, endurritun og skrásetningu. Árni Magnússon er löngum talinn hafa skilað hvað merkustu ævistarfi fyrir hönd íslensku þjóðarinnar þar sem hann safnaði hundruðum handrita á ofanverðri 17. öld og fram á þá 18. Árið 1702 var hann ráðinn af Danakonungi, ásamt Páli Vídalín varalögmanni, til að rita jarteinabók um gjörvallt Ísland.⁹⁶ Árni sem var mikill áhugamaður um varðveislu handrita notaði þetta tækifæri til að safna handritum. Þetta söfnunarstarf varð til þess að fjöldi handrita varðveittist sem að óbreyttu hefði mestmegnis tapast sökum lélegra geymsluskilyrða á íslenskum bóndabæjum. Meðal þess sem Árni hafði áhuga á voru þjóðkvæðin sem eiga sér enga nafngreinda höfunda og höfðu varðveist í manna minnum en sum þeirra eiga sér mjög fornar rætur.⁹⁷

Áður en lengra er haldið er nauðsynlegt að staldra við skilgreiningu hugtakanna þjóðsögur og munnmælasögur vegna margþættra tengsla þeirra við frumsamdar riddarasögur. Hugtakið „þjóðsaga“ hefur lengi verið á reiki og hafa ófáir fræðimenn leitast við að skilgreina hana. Í verkinu *Um íslenskar þjóðsögur* eftir Einar Ólaf Sveinsson er brugðið upp mynd af uppruna og þróun þjóðsagnahefðar Íslendinga. Þó að verkið sé frá 1940 er það enn tekið gott og gilt meðal þjóðfræðinga og annarra fræðimanna. Einar Ólafur skilgreinir þjóðsöguna fyrst og fremst út frá munnmælasögum eða sögum sem varðveist hafa í munnlegri geymd. Þjóðsaga er samkvæmt honum saga sem rituð er niður eftir á og felur einnig í sér „allar sögur munnlegrar geymdar, alþjóðlegar og innlendar, allt frá ævintýrum sem gerast fyrir austan tungl og sunnan sól til frásagna af útilegumönnum á öræfum Íslands þar sem feitt fé gekk í grænum dölum“.⁹⁸ Í *Íslenskri þjóðmenningu* VI bindi kemur fram að hugtakið þjóðsaga kom fyrst fram árið 1859 í bréfaskriftum Jóns Borgfirðings Jónssonar. Samkvæmt hans skilgreiningu nær hugtakið yfir;

... þjóðsögur og það sem vér köllum alþýðutrú og kerlingabækur, gátur og þesskonar sem er harðla merkilegt, og það er, að síðan menn fóru að safna öllu slíku úr ýmsum stöðum, hafa menn fundið, að á fjarlægustu löndum kemur fram hið sama, meira en menn geti ímyndað sér.⁹⁹

Enn ein skilgreining á þjóðsögu er „að hún er frásögn um atburði, oftast dulræna eða óvenjulega atburði, sem gengið hefur all-langa hríð í munnmælum“¹⁰⁰ Jón Hnefill

⁹⁶ Sigurgeir Steingrímsson 2002: 92

⁹⁷ *Íslensk bókmenntasaga* II 2006: 480-487

⁹⁸ *Íslensk þjóðmenning* VI 1989: 232

⁹⁹ *Íslensk þjóðmenning* VI 1989: 230

¹⁰⁰ *Íslensk þjóðmenning* VI 1989: 232

Aðalsteinsson bendir á að á 19. öld hafi hugtakið ævintýri verið fellt undir þjóðsagna-
hugtakið.¹⁰¹

Í raun á ævintýrahugtakið sér mjög fornar rætur þó svo að það hafi ekki verið áberandi í prentuðum ritum fram á 19. öld. Árið 1852 gaf Jón Árnason, þjóðsagnasafnari út bókina *Íslensk æfintýri*. Í þessari bók notaði hann orðið „æfintýri“ fyrir þýsku skilgreininguna *märchen* sem skilgreind er á þýsku sem „kerlingasögur“.¹⁰² Orðið ævintýri komst hinsvegar fyrst inn í íslenskt mál með þýðingum riddarasagnanna.¹⁰³ Einar Ólafur Sveinsson bendir á að orðið sé komið af fornfranska orðinu „*aventure*, sem táknar atburð, einkum sé hann eitthvað sérstakur, „ævintýranlegur“, eða frásögn af slíkum atburði“.¹⁰⁴ Þessi frásögn getur hvort um sig verið af náttúrulegum eða yfirnáttúrulegum atburðum. Hafa skal í huga að þrátt fyrir að hugtakið ævintýri hafi ekki komið inn í íslenskt málsvæði fyrr en á 13. og 14. öld má leiða líkum að því að ævintýranlegar sögusagnir hafi gengið manna á milli frá landnámi. Einar Ólafur telur að íslenskar þjóðsögur og ævintýri séu hvort um sig innlendar eða erlendar að uppruna. Hugtakið „æfuenty“ hefur verið á reiki í gegnum aldirnar.¹⁰⁵ Eftir siðaskiptin örlaði á nýjum straumum og stefnum innan íslenskra miðaldabókmennta. Meðal þess sem var þýtt og prentað yfir á íslensku voru erlendar almúgabækur á borð við trúarlegar dæmisögur og helgisögur. Með áherslu kirkjunnar á þýðingar hins andlega efnis yfir á þjóðtunguna komu ný stílbrögð og einkenni inn í skáldsagnaflórana. Orð fengu á sig yfirferða merkingu eins og hugtakið „æfuenty“ gefur til kynna því það rann saman við skilgreininguna á sagnaflokknum *exempla* sem eru trúarlega siðbætandi dæmisögur.

Riddarasögur hafa oft verið flokkaðar í hóp með ævintýrum og munnmælasögum. Það sem riddarasögur eiga sameiginlegt með ævintýrum eru meðal annars frásagnir af yfirnáttúrulegum atburðum sem eiga sér ekki stoð í veruleikanum. Samkvæmt skilgreiningum Einars Ólafs eru ævintýrin líkt og riddarasögur tíma- og

¹⁰¹ *Íslensk þjóðmenning VI* 1989: 231

¹⁰² Í raun ætti orðið *märchen* að þýðast sem karla- og kerlingasögur en Jón Árnason kaus að nota orðið yfir ævintýri líkt og tíðkaðist í dönsku og norsku (Einar Ó. Sveinsson 1940: 12 og bls 213).

¹⁰³ Einar Ó. Sveinsson 1940: 213

¹⁰⁴ Sama

¹⁰⁵ Stafsetning orðsins æfuenty er tekin upp úr Dínus rímum fornu. Í rímunum er sagan sögð vera ævintýri.

Þar skal Hars af hafnar by

Hlunna dyri fleyta

Ec kan ord um æfuenty

Eina stund ad skreyta.

Dínusar rímur fornu 1934: 802

staðlausar frásagnir af ákveðnum atburði.¹⁰⁶ Söguþráður þeirra er oft óheillegur, sundurlaus og fábreyttur. Ekki er lögð áhersla á lýsingar og málskrúð og smáatriði koma einungis fram innan textans ef þau hafa frásagnarlegt gildi. Meðferð sögumanna á lýsingum má rekja til þess að þeir þekkja ekki til hirðlegs aðbúnaðs. Þeir hafa til að mynda aldrei séð hallir og leitast því við að komast hjá nánnum lýsingum. Samkvæmt Einari Ólafi er:

Hugsanalíf þjóðsagnanna [...] skapað af íslenskri sveitameningu, sem var samfelld, fáskrúðug og fátækleg hið ytra, en hins vegar auðguð af skáldskap og bóklegri mennt og tengslum við forna menningu þjóðarinnar[...] Þjóðsögur [...] verða því spegilmynd af lífi og lund þjóðarinnar.¹⁰⁷

Hafa ber það í huga að riddarasögur og ævintýri eiga hvort um sig uppruna sinn utan landsteinanna og taka breytingum í meðferð íslenskra skálda og alþýðu sem gerir það að verkum að efniviðurinn verður öllu íslenskari. Vera má að hugtakið „æfuenty“ hafi náð yfir riddarasagnaarfinn í heild sinni þar sem þær fjölluðu um frásagnir af fjarlægum kóngsríki og raunum aðalborinna persóna líkt og ævintýrin. Munurinn er sá að riddarasögurnar voru ritaðar niður frá upphafi og eru oft varðveittar í fjölda handrita en ævintýrin voru skáldskapur almúgans og voru jafnvel ritaðar niður eftir að hafa gengið manna á milli um nokkurt skeið.

Mörkin á milli munnmælasögu og frásagnar af ritaðri sögu hafa löngum verið á reiki þar sem ritaðar sögur jafnt sem munnmælasögur gengu manna á milli.¹⁰⁸ Ætla má að riddarasögur hafi ekki alltaf verið lesnar upp af handriti heldur einnig sagðar eftir minni þar sem munnmælasagnahefðin var rík á Íslandi. Sverrir Tómasson hefur bent á að „sögur á bók eru síbreytilegar rétt eins og þær sem ganga í munnmælum og eiga það sameiginlegt munnmenntum að enginn er nafngreindur höfundur.“¹⁰⁹ Jón Eggertsson og Árni Magnússon voru með þeim fyrstu sem skrásettu markvisst munnmælasögur án þess að fella þær inn í handrit ásamt öðru ólíku efni. Munnmælasögur eru í raun afsprengi alþýðunnar. Eitt af einkennum munnmælasagnahefðarinnar er hve breytilegar sögurnar geta verið. Kvæðamaðurinn fylgir ákveðnum minnisbrögðum og formúlum sem miða að því að koma kjarna sögunnar á framfæri.¹¹⁰ Kjarninn tekur svo breytingum eftir áheyrendum og

¹⁰⁶ Einar Ó. Sveinsson 1940: 2-6 og 213-50

¹⁰⁷ Einar Ó. Sveinsson 1940: 4-3

¹⁰⁸ Finnegan 1977: 16-29 og *Íslensk þjóðmenning VI* 1989: 147-157

¹⁰⁹ Sverrir Tómasson 2002: 73

¹¹⁰ *Íslensk þjóðmenning VI* 1989: 153-54

frásagnamanni. Fólk sagði gjarnan sögur og munnmæli á mannamótum og inni á heimilum.

Munnmælasögur og rímur eru mjög skyld frásagnarform. Rímur eru frábrugðnar kvæðum, þar sem höfundar semja ekki sögurnar sjálfir heldur notast þeir við sögur sem þegar eru til í prósa og færa í bundið mál.¹¹¹ Rímurnar eiga uppruna sinn í kvæðahefð nálægra þjóða þar sem hefð rímaðra rómansa hafði fest í sessi á 13. öld. Rímur eru söguljóð bundið í rím og eru án efa sprottnar af viðleitni Íslendinga til að líkja eftir erlendri sagnahefð ljóð- og riddarasagna. Þær eiga oft uppruna sinn í munnmælasagnahefð almúgans og varðveitast í munnlegri geymd þar til þær eru ritaðar niður, oft löngu eftir að þær voru samdar, og eru þá oft þekktar innan samfélagsins. Gert er ráð fyrir að rímur hafi verið kveðnar á mannamótum og voru sumar rímur kveðnar fyrir dansi. Rímurnar eru því beintengdar sagnadönsum. Talið er að sagnadansar hafi borist til Íslands frá Norðurlöndum fyrir siðaskipti.¹¹² Sagnadansar, eða fornkvæði eins og þau voru skilgreind í handritum, eiga rætur sínar að rekja til franskrar hirðmenningar og fjalla oft um riddara og ástarmál þeirra.¹¹³ Norrænir sagnadansar fengu svipmót af aðalsmenningu dönsku og norsku hirðarinnar sem átti sér ekki samsvörun í íslenskum veruleika vegna þess að ytri aðstæður menningar Norðurlanda voru ólíkar þeim íslensku.¹¹⁴ Sagnadansar sem frumsamdir voru á Íslandi fjalla að mestu leyti um ástarmál, hatur og afbrýði. Efnistöð riddarasagna voru oft viðfangsefni sagnadansanna og voru kvæði ort upp úr riddarasögum. Viðfangsefni *Tristrams kvæða* eru tilfinningar persóna en ekki bardagar og ofbeldi.¹¹⁵

Þessi fjölbreytti sagnaarfur er til vitnis um þá gróskumiklu rithefð sem var við lýði á miðöldum og fram á 18. öld. Erlend áhrif settu óhjákvæmilega mark sitt á íslenska sagnahefð. Fornorrænar þýðingar tóku mið af menningarlegu umhverfi og tungumáli fornnorræns málsvæðis. Það sama átti sér stað á Íslandi þegar skáld og sagnamenn hófu að frumsemja riddarasögur og ævintýri. Vafalaust hafa skáldin leitast við að færa og aðlaga söguvið sagnanna hinum íslenska lesanda sem leiddi til þess að hinn skáldlegi orðaforði takmarkaðist við nánasta umhverfi hans. Í yngri gerðum

¹¹¹ *Íslensk bókmenntasaga* II 2006: 322

¹¹² *Íslensk bókmenntasaga* II 2006: 352

¹¹³ *Íslensk bókmenntasaga* II 2006: 354

¹¹⁴ *Íslensk bókmenntasaga* II 2006: 352

¹¹⁵ Líklegt er að rímurnar endurspegli vinsældir þeirra sagna sem urðu fyrir efnisvali höfunda þeirra. Til að mynda voru ortar rímur út frá tveimur af mest varðveittu íslensku riddarasögum *Tristrams sögu ok Isöndar* og *Nítíða sögu* (*Íslensk bókmenntasaga* II 2006: 364).

riddarasagna mætti því ætla að orðaforðinn verði almúgalegri og lýsingarnar taki meira mið af íslenskri náttúru, rétt eins og sjá má í *Dínus sögu drambláta*. Einar Ólafur bendir á að íslensk skáld hafi einkum leitast við að aðlaga söguheim ævintýra að íslenskum veruleika.¹¹⁶ Má þá leiða líkum að því að það hafi verið gert í ljósi þess að sá heimur sem dreginn var upp í evrópskum sögum er fjarri þeim veruleika sem hinn almenni íslenski lesandi eða áheyrandi þekkti þar sem ekkert var í hans nánasta umhverfi sem minnti á hirðlíf og hirðmenningu. Þar sem hirðleg sagnaeinkenni riddarasagna voru íslenskum miðaldamönnum fjarlæg má ætla að skáld hafi kosið að sækja efnivið riddarasagna til sagnaeinkenna úr sínu nánasta umhverfi. Í yngstu gerð *Dínus sögu drambláta* má einmitt sjá slíka meðhöndlun á viðfangsefnum sögunnar en sýnt verður fram á það í 6. kafla. Þó ber að taka það fram að þessi nálgun er ekki algild þar sem riddarasögurnar eru eins misjafnar og þær eru margar. Samt sem áður verður ekki litið hjá því að frumsamdar riddarasögur virðast hafa haft tilhneigingu til að litast af íslenskri sagnahefð alveg frá upphafi þar sem þær fengu á sig blæ Íslendingasagna og fornaldarsagna Norðurlanda.

¹¹⁶ Einar Ó. Sveinsson 1940: 4-5

4. Handrit og viðtökur *Dínus sögu drambláta*

4.1 Söguþráður

Dínus saga drambláta hefst í Egyptalandi þar sem lofaður og dáður konungur og drottning hans eru við völd. Þau verða þeirrar gæfu aðnjótandi að eignast fagurt sveinbarn sem fær nafnið Dínus. Faðir hans fær marga færa meistara til að kenna honum bóklegar greinar, kukl og rúnalestur. Konungssonur leggur kapp við lærdóminn jafnt sem riddaramennsku sem hann er fljótur að tileinka sér. Þegar Dínus vex úr grasi gerist hann hrokafullur og dramblátur. Hann biður um eigin höll, fer huldu höfði, neitar að kvænast, né borða sama rétt tvisvar sinnum og meinar mönnum innkomu í höll sína. Á sama tíma ríkir elskaður konungur í Blálandi. Hann á dóttur sem heitir Philotemia. Hún er fögur ásýndum, og manna fróðust um kukl og rúnir. Hún telur engan í veröldinni vera sér fremri að gáfum. Hún biður föður sinn um leyfi til að reyna gáfur sínar á Dínusi konungssyni og leitast við að lækka í honum drambið. Hún seiðir hann til kastala síns og þar með hefst ævintýrið. Sagan sem á eftir fer fjallar um deilur Dínusar og Philotemiu og hvernig til tekst að minnka hroka þeirra.

4.2 Ferill handrita

Af *Dínus sögu* hafa varðveist 34 handrit í þremur gerðum. Flest handritanna, eða 23 þeirra, eru af elstu gerð sögunnar. Af miðgerð eru einungis varðveitt tvö handrit og af yngstu gerð eru níu handrit. Ómögulegt er að segja til um hverjir eru höfundar þessarar þriggja gerða. Hins vegar er sitthvað vitað um eigendur einhverja handritanna og hafa handritafræðingar rakið sögu nokkurra handrita. Eins og fram hefur komið voru handrit oft rituð fyrir tilstilli menntaðra manna, svo sem biskupa,

presta og löglærðra manna, sem óskuðu eftir að þau yrðu endurskrifuð. Þau gengu manna á milli, kynslóð eftir kynslóð. Erfitt er að rekja sögu handrita og er varðveislusaga þeirra oft á reiki. Svo virðist sem eigendur elstu og miðgerðar *Dínus sögu* hafi verið af aðalsstétt eða hafi haft bein tengsl við hana þar sem mörg þeirra varðveittu handrita má rekja beint til menntaðra manna.

Ekki er vitað um uppruna eða fyrri eigendur skinnhandrits elstu gerðar *Dínus sögu*, AM 575 a 4to, né hvaðan Árni Magnússon hefur fengið það. Samkvæmt Páli E. Ólafssyni eru handritin Stockh. Papp. 4to nr. 16 og Lbs 272 fol., sem hafa meðal annars að geyma *Dínus sögu drambláta*, sögð hafa verið í eigu Magnúsar Jónssonar lögréttumanns og bónda í Vigur sem var uppi á árunum 1637-1702.¹¹⁷ Bæði handritin eru sögð hafa verið skrifuð fyrir Magnús seint á 17. öld. Stockh. Papp. 4to nr. 16 er talið hafi verið ritað af sr. Þórði Jónssyni frá Skálavík ásamt fjölda annarra handrita.¹¹⁸ Ekki er vitað um afdrif Stockh papp 4to nr. 16 fyrr en Jón Eggertsson flytur það til Svíþjóðar árið 1683.¹¹⁹ Ekki er vitað um skrifara handritsins ÍB 116 4to en inn í það hafa verið rituð nöfn Péturs Guðmundsonar í Engey, sem er fæddur árið 1786, og dóttur hans Guðrúnar Pétursdóttur. Handritið er sagt hafa verið „gjöf frá Jóni Sigurðsyni forseta.“¹²⁰

Vitað er með vissu um uppruna handrita miðgerðar AM 184 fol. og AM 185 fol. Það fyrra er eldra og er skrifað af Jóni Gissurarsyni á árunum 1610-48. Síðara handritið er eftirritun af því fyrra og er ritað af Jóni Erlendssyni. Jónas Kristjánsson hefur rannsakað upprunatengsl þessara handrita og bendir á að Jón Gissurason hafi verið hálfbróðir Brynjólfs biskups Sveinssonar. Brynjólfur hafði að öllum líkindum fengið handritið frá bróður sínum og beðið Jón Erlendsson um að skrifa upp eftir því. Handritið AM 185 fol. tilheyrði Þorbjörgu Vigfúsdóttur, sem að öllum líkindum var ábúandi á Voðmúlastöðum og gift Gísla Sigurðssyni ráðsmanni á Skálholti.¹²¹ Árni Magnússon fékk handritið frá sr. Þórði Jónssyni, sem að öllum líkindum bjó í Hítardal í Hraunhreppi.¹²² Ekki er vitað frekar um eigendasögu AM 184 fol., né hvernig það

¹¹⁷ *Katalog öfver Kongl. Bibliotekets: fornisländska och fornorkska handskrifter* 1897: 279-81, *Handritasafn Landsbókasafns* I 1918: 91 og Jónas Kristjánsson 1960: xxiv-v

¹¹⁸ Jónas Kristjánsson 1960: xvii og *Katalog öfver Kongl. Bibliotekets: fornisländska och fornorkska handskrifter* 1897: 279-81

¹¹⁹ Jónas Kristjánsson 1960: xvii

¹²⁰ *Handritasafn Landsbókasafns* II 1927: 760 og Jónas Kristjánsson 1960: xxxiii

¹²¹ Jónas Kristjánsson 1960: xlvi

¹²² *Katalog over Den Arnemagnæanske Håndskriftsamling* I 1889: 155 (Samanber seðil sem fylgdi handritinu með rithönd Árna Magnússonar) og *Íslenskar æviskrár* V 1952: 103

barst til Árna Magnússonar. Bæði handritin voru afhend Stofnun Árna Magnússonar á Íslandi árið 1982.¹²³

Í flestum tilfellum er vitað um nöfn þeirra sem rituðu handrit yngstu gerðar, en erfiðara að segja til um uppruna og menntun þeirra. Elstu varðveittu handrit yngstu gerðar eru Lbs 2319 8vo og JS 270 8vo frá lokum 18. aldar. Handritið JS 270 8vo var ritað af Ólafi Jónssyni á árunum 1795-96, JS 623 4to af Jóni Jónssyni og Lbs 1446 8vo, sem einnig hefur að geyma yngstu gerðina, er ritað af Halldóri Jónssyni árið 1871.¹²⁴ Lítið er vitað um þessa menn og ekki hefur verið mögulegt að tengja þá við nöfn í *Íslenskum æviskrám*. Mögulegt er að þessir menn hafi ekki verið langskólagengnir en hafi eftir sem áður haft mikinn fræðihuga. Handritið Lbs 2319 8vo kemur úr eigu Sighvats Grímssonar Borgfirðings sem sinnti áhugafraeðimennsku og söguritun samhliða bústörfum eftir hann liggja fjöldi handrita.¹²⁵

Að sjálfsögðu er ekki hægt að færa rök fyrir því að *Dínus saga* hafi ekki farið víðar og hafi tilheyrt breiðari lesendahópi en þessi yfirferð gefur til kynna þar sem ekki er unnt að rekja varðveislusögu einstakra handrita. Hins vegar er brýnt að hafa í huga að sagan getur vel hafa verið til í fleiri handritum sem hafa glatast. Greinilegt er að þegar líða tók á 18. og 19. öld hefur eigendahópur handritanna breikkað þar sem menn af lægri þjóðfélagsstigum höfðu tók á að endurrita handrit upp á eigin fordæmi. Þrátt fyrir það hafa heimildir bent til þess að erfiðara hafi verið að sanka að sér handritum til uppskriftar þar sem flest handritin voru komin í eigu stofnana og handritasafnara. Magnús Jónsson í Tjaldnesi, sem safnaði miklum fjölda riddara- og fornaldarsagna og skrifaði upp á árunum 1880-1905, bendir á erfiðleika við að verða sér úti um handrit að *Dínus sögu drambláta*.

Ek hafði heirt sagt at Gísli Bjarnason dbr á Ármúla ætti Dínusar sögu, en aldrei gat ek fengit hana þó at ek reindi til þess. Saga þessi er ecki víða til í afskríptum en rímur af Dínusi eru allvíða, en hver þær hefr ort veit ek ecki eða man. Dínusar saga er með þeim eldri riddarasögum.¹²⁶

Dínus rímur hafa varðveist í fjölmörgum handritum sem ætti að gefa til kynna að söguefnið hafi verið þekkt og vinsælt meðal almennings, þá sérstaklega í ljósi þess að tvær rímur voru ortar út af henni. Þær eru Dínus rímur fornu, en elsta varðveitta handrit sem hefur að geyma þær, er AM 64 c 4to, ritað skömmu fyrir miðja 16. öld,

¹²³ Handrit. 2012

¹²⁴ *Handritasafn Landsbókasafns* II: 613 og 671, Jónas Kristjánsson 1960: lvii-lviii

¹²⁵ *Handritasafn Landsbókasafns* II: 445-46, Jónas Kristjánsson 1960: lvi og *Íslenskar æviskrár* IV 1951: 200-1

¹²⁶ Lbs 1510 4to: iv

og Dínus rímur yngri sem ortar eru af Guðmundi Bergþórssyni húsmanni og skáldi í lok 17. aldar.¹²⁷ Hinn mikli fjöldi varðveittra handrita *Dínus sögu* drambláta, þrjár gerðir sögunnar og rímur hennar gefa til kynna að sagan hafi enn hlotið þó nokkrar vinsældir þegar líða tók á 18. og 19. öld ef marka má fjölda varðveittra handrita rímnanna.

4.3 Varðveisla handrita

Þegar *Dínus saga drambláta* er skoðuð er rétt að hafa í huga þátt lesenda og áheyranda á þróun sögunnar. Eðlilegt þykir að áhugi og skilningur viðtakenda hennar taki breytingum á 600 ára ritunarferli sögunnar. Augljóslega verða því einhverjar breytingar á milli handritagerðanna, spurningin er einungis hvers eðlis þær breytingar séu. Það sem vekur undrun er hve mikið sagan breytist á þeim rúmu hundrað árum sem líða á milli ritunar miðgerðar og yngstu gerðar. Munnmælasagnahefðin hefur vafalaust átt sinn þátt í þeirri þróun sem sjá má á milli handritagerða *Dínus sögu drambláta*. Einkenni hennar eru þó meira áberandi í yngstu gerð sögunnar. Yngsta gerðin er athyglisverð fyrir margar sakir. Til að mynda bera lýsingar hennar lítinn vott um hirðleg einkenni og þá er lítið lagt upp úr persónusköpun og tilfinningum persóna. Yngsta gerðin fylgir elstu gerð að upplagi en þó má greina áhrif frá miðgerð sögunnar og þá sérstaklega í sögulok.

Athyglisvert er að miðgerðin heldur tryggð við hirðleg einkenni og lýsingar sem einnig finna má í elstu gerð. Aftur á móti finnast þó töluverðar viðbætur sem greinast ekki í elstu gerð sögunnar né Dínusar rímum fornu. Það sem vekur einnig undrun er að Jónas Kristjánsson fullyrðir að miðgerð sögunnar sé þekktari en elsta gerð hennar. Þetta vekur eftirtekt þar sem sagan er töluvert breytt, þá bæði upphaf hennar og sögulok. Að auki má greina þó nokkurn mun á mótífum, beitingu tákna og persónusköpun þar sem meykóngaminnið fær minna vægi innan miðgerðarinnar. Miðgerðin er einungis varðveitt í tveimur handritunum, AM 184 fol. og AM 185 fol. sem eru bæði rituð á 17. öld. Handritið AM 184 fol. er upprunalegra en AM 185 fol.¹²⁸ Engu að síður hafa fræðimenn kosið að styðjast við AM 185 fol. þegar þeir fjalla um söguna. Ástæða þess að fræðimenn hafa jafnan kosið að fylgja miðgerð sögunnar er óljós en ef til vill þótti seinni tíma fræðimönnum miðgerðin vera

¹²⁷ Jónas Kristjánsson 1960: lx

¹²⁸ Jónas Kristjánsson 1960: xlvi-xlvi

á hugaverðari fyrir þær sakir að hún ber vott af stílbrögðum og frásagnareinkennum uppfræðslustefnu íslenskra endurreisnarmanna.¹²⁹ Ef til vill hefur þeim þótt frásagnareinkenni elstu gerðar bera meiri áhrif evrópskra riddarasagnahefðar en miðgerðin og talið miðgerðina af þeim sökum betri kost til rannsókna.

Breytingarnar á handritagerðunum geta mögulega endurspeglað breytt viðhorf lesenda, ritvenjur, tíðaranda, og þróun á sagnameðferð. Einnig ber að hafa í huga þátt hinnar ríku hefðar kveðskapar sem varðveist hafði í munnlegri geymd á miðöldum þar sem menn lærðu kvæði og sögur utanbókar og fluttu fyrir áheyrendur. Sagnamönnum var í sjálfs vald sett að aðlaga söguefnið að hverjum hlustendahópi fyrir sig.¹³⁰ Stefán Karlsson heldur því fram að sögur og kvæði hafi fyrst og fremst verið rituð niður til varðveislu fremur en að vera lesnar upp úr bókum eða í einrúmi.¹³¹ Gæti það hafa verið hvati fyrir menn að fara frjálsslegra með efni sögunnar en ella. Hér að neðan verður farið í þróun meykóngaminnisins og hirðlegra einkenna allra þriggja handritagerðanna. Borin verður saman textabrot til þess að sýna þær breytingar sem eiga sér stað á milli gerðanna.

¹²⁹ Á 17. öld var mikill fræðiahugi til staðar meðal íslenskra menntamanna og alþýðlegra fræðimanna. Ferðasögur og annálar settu sitt mark á bókmenntaflóru 17. aldar.

¹³⁰ Prófessor Albert Bates Lord, sem er þekktastur fyrir rannsóknir sínar á trúbadorsöngvum 11. og 12. aldar, hefur meðal annars rannsakað þróun munnmælasagnarinnar. Hann heldur því fram að söngvarinn hafi haft mikið vald yfir framsetningu ljóðanna og getað breytt og endurbætt kvæðin. Þar á meðal stytt eða langt kvæðið eða hagrætt söguþræði allt eftir áheyrendum (Lord 2000:13).

¹³¹ *Íslensk þjóðmenning VI* 1989: 155

5. *Dínus saga drambláta* og íslensk sagnahefð

5.1 Stíll og formgerð

Dínus saga hefur líkt og aðrar riddarasögur gengið manna á milli og veitt lesendum og áheyrendum sínum skemmtun. Vafalaust hefur sagan boðið upp á, líkt og margar aðrar riddarasögur, vissan flóttu frá daglegu amstri. Riddarasögur endurspegla að einhverju leyti samtímamann þó svo að skemmtanagildi þeirra hafi sjaldnast verið langt undan. Þessa áherslu má sjá í lokaorðum elstu gerðar *Dínus sögu drambláta*: „at þeir hafi þock er til hlyddu ok sua sa er les odrum til SKEMTANAR“.¹³² Skemmtunin fólst ekki síður í þeim framandi heimi sem einkenndi riddarasögunar. Riddarasögunar lúta eigin lögmálum og draga fram mynd af heimi þar sem yfirnáttúrulegar verur á borð við galdramenn, tröll og dverga eiga sér sjálfsagða tilvist innan söguheimsins. Í þessum heimi eru kastalar, fagrar prinsessur og hugdjarfir riddarar. Sá heimur sem þýddu riddarasögunar báru með sér og frumsöndu riddarasögunar tóku upp á arma sína var framandi og andstæður þeim heimi sem fyrri íslensk sagnahefð hafði dregið fram á sjónarsviðið til þessa. Hann var að öllu óraunverulegur fyrir hinn almenna Íslending sem hefur vafalaust leitað í þessar sögur sér til dægurstyttingar. Driscoll hefur bent á þann raunveruleikaflóttu sem sögunar báðu uppá, enda voru sögusagnir sem áttu sér stað handan marka raunveruleikans ekki teknar trúverðuglega. Driscoll leiðir líkur að því að riddarasögum hafi verið ætlað að vera sýndarveröld innan raunveruleikans.¹³³ Driscoll bendir jafnframt á að stíll frumsöndu riddarasögunnar sé „tilgerðarlegur, vellukenndur, skróðmáll“¹³⁴ á móti hreinum stíl Íslendingasagna. Síllinn er samkvæmt Driscoll ekki „hinn svokallaði

¹³² *Dínus saga drambláta* 1960: 94. Framvegis verður vitnað til blaðsíðutals innan sviga í meginmáli. Eftirfarandi ljóði er skeytt aftan við *Dínus sögu* Drambláta, í handritinu Lbs. 1446. 8vo., sem Halldór Jónsson er sagður hafa endurritað 2. desember 1841.

Skáldin forðum skemmtu þjóð
skír í visku setri,
sögurnar þeir settu í ljóð,
nú er skemmtan betri.

¹³³ Driscoll 1990: 164-65

¹³⁴ Driscoll 1990: 163

hæverski stíll sem sagður er einkenna þýddu sögurnar.¹³⁵ Samt sem áður er ekki hægt að neita því að frumsömdu sögurnar bera sterk einkenni innlendrar hefðar. Ármann Jakobsson heldur því fram að frumsömdu riddarasögurnar byggi ekki á neinni raunverulegri hefð og að þær séu augljóslega undir áhrifum þýddra sagna varðandi stíl, málfar og tökuorð úr riddarasögum.¹³⁶ Hann bendir jafnframt á að þær séu „ekki óáþekkar þýddum riddarasögum en eru í raun uppdiptaðar frá grunni og efnið alls ekki hefðbundið.“¹³⁷

Hófsemi í miðlun upplýsinga og takmörkun sjónarhorns, eru mikilvægt einkenni Íslendingasagnanna. Sögumenn láta sem þeir viti sem minnst um söguþráð og afdrif persóna. Textinn er gjarnan snauður af lýsingarorðum. Þegar lýsingarorð eru notuð einkennast þau af snubbóttum stöðluðum lýsingum. Til marks um þetta má nefna staðlaðar mannlýsingar er lýsa atgervi persóna. Hinn hlutlaus stíll og takmarkaður orðaforði, þar sem einblínt er á áþreifanlega hluti fremur en tilfinningar er einkennandi fyrir Íslendingasögum.¹³⁸ Þetta skilar sér svo að einhverju leyti inn í frumsömdu riddarasögum þar sem oft má greina takmarkaða innsýn inn í tilfinningalíf persóna. Ef miðað er við evrópskar fyrirmyndir má greina mun meira hlutleysi í íslenskum riddarasögum þar sem ekki er lögð eins rík áhersla á sálarlíf og tilfinningar persóna eins og tíðkast í evrópskum sögum. Það er ekki þar með sagt að riddarasögurnar taki ekki mið af hinni stöðluðu persónusköpun evrópsku rómönsunnar heldur leggja þær minna upp úr tilfinningaflækjum og meiri áhersla er lögð á riddaraskap og vopnaburð.

Dínus saga drambláta er stíllega séð frábrugðin evrópskri riddarasagnahefð og hinum þýddu riddarasögum, einkum þar sem orðalag, formgerð og stíll hennar minnir mjög á stíl Íslendingasagna. Í *Dínus sögu* er frásögnin byggð markvisst upp líkt og í mörgum öðrum frumsömdum riddarasögum. Fyrst eru persónur og viðfangsefnið kynnt til sögunnar, líkt og sjá má í Íslendingasögum, síðan eru deilur og átök milli persóna útlistaðar. Söguframvindan miðar að því að fylgja persónum og átökum þeirra eftir þar til lausn finnst. Í sögulok er sagt frá sættum og örstutt um afdrif persóna. Áhersla er lögð á lausn deilna, leiðina að sigrinum og ævintýrin sem spinnast í kringum aðalpersónurnar frekar en á hirðsiði og kurteisvenjur eins og tíðkast í evrópskum riddarasögum.

¹³⁵ Driscoll 1990: 163

¹³⁶ Ármann Jakobsson 2009: 173-174

¹³⁷ Sama

¹³⁸ *Íslensk bókmenntasaga II* 2006: 53

5.2 *Dínus saga drambláta sem meykóngasaga*

Sú togstreita sem ríkir á milli aðalpersóna *Dínus sögu drambláta* er ekki ný af nálinni og finna má sambærileg viðfangsefni í nokkrum frumsömdum riddarasögum. Eins og áður sagði hefur *Dínus saga drambláta* verið skilgreind sem meykóngasaga sem einkennist, eins og áður hefur komið fram, af valdaójafnvægi kynjanna. Marianne Kalinke tengir meykóngasögurnar við brúðarfarar- eða bónorðsfararsögur sem eru vinsælt viðfangsefni sagna um alla Evrópu. Hún rekur innreið brúðarfararminnisins í Skandinavíu til þýðingarstarfa bróður Róbert.¹³⁹ Kalinke bendir jafnframt á að brúðarfararminnið skili sér einkum inn í svokallaðar meykóngasögur, eða sögur um konungsdætur sem taka sér valdasæti konunga. Eftirtaldar sögur eru jafnan taldar til meykóngasagna: *Dínus saga drambláta*, *Sigurðar saga þögla*, *Sigrgaðs saga frækna*, *Clári saga*, *Viktors saga ok Blávus*, *Partalopa saga*, *Nítúða saga* og *Gibbons saga*. Kalinke færir einnig rök fyrir því að að fornaldarsögurnar *Hrólfs saga Kraka* og *Hrólfs saga Gautrekssonar* séu meykóngasögur.¹⁴⁰ Það sem einkennir meykóngasögur er að meykóngarnir neita staðfastlega að giftast og láta oft byggja sér rammgerða kastala til að tryggja meydóm sinn. Sif Ríkharðsdóttir bendir á að sögurnar gætu bent til ákveðinna áherslubreytingar á áhugasviði höfunda og lesenda þar sem að athygli lesenda er ekki beint að karlmanninum og ævintýrum hans heldur að valdastöðu konunnar.¹⁴¹

Áhersla er lögð á stöðu konunar sem ofjarls biðilsins hvað varðar vitsmuni og þjóðfélagsstöðu. Hann þarf að sýna fram á að hann sé verðugur ástmaður hennar með því að færa sönnur á karlmannlega frækni og staðfesta að hann sé jafningi hennar eða beri af henni hvað varðar kunnáttu og gáfur.¹⁴²

Sögurnar ganga út á sigur biðilsins á meykónginum og enda á brúðkaupi þeirra. Þó er aðaláhersla sagnanna á samskipti kynjanna og sigri karlpersónunnar á meykónginum fremur en bónorðinu og samlífi þeirra eftir brúðkaupið.¹⁴³

Dínus saga er í eðli sínu frábrugðin öðrum meykóngasögum að því leyti að hér er ekki einungis konungsdóttir sem hefur ekki í hyggju að giftast heldur einnig

¹³⁹ Kalinke 1990: 1-2

¹⁴⁰ Kalinke 1986: 47-71

¹⁴¹ Sif Ríkharðsdóttir 2010: 414-415

¹⁴² Sif Ríkharðsdóttir 2010: 415

¹⁴³ Sif Ríkharðsdóttir 2010: 413

konungssonur.¹⁴⁴ Kalinke hefur tengt viðfangsefni *Dínus sögu* við sagnabálkinn *Púsund og ein nótt*. Hún bendir á óhjákvæmileg tengsl *Dínus sögu* við sögurnar á nótt 170 til 205 þar sem sögð er sagan af prinsinum Kamar ez-Zamân og prinsessunni Budûr. Þessar sögupersónur kallast óneitanlega á við Dínus og Philotemiu. Þá ber að taka fram að einungis í upphafi sögunnar má sjá sambærileg minni og í *Dínus sögu*. Þar ber hæst ákveðin persónueinkenni og þá sér í lagi viðhorf persónanna til eigin fegurðar, menntunar og síðast en ekki síst hjónabands. Budûr vill ráða yfir sjálfri sér, ofmetnast af eigin fegurð og vill ekki vanhelga hold sitt með því að leggjast með karlmanni. Viðhorf Budûr kallast á við viðhorf meykönungsins eða konungsdótturinnar sem vill ekki giftast og gerist meykóngur. Líkt og Dínus er Kamar bóklærður, hrokafullur og vill af þeim sökum ekki kvænast.¹⁴⁵ Hann hefur dregið þá vitneskju úr bókum að konur séu viðurstyggilegt fyrirbæri sem beri að forðast.

Í *Dínus sögu* er biðillinn lokkaður með göldrum inn í ríki konungsdóttur þar sem brotið er á heiðri hans. Sambærilegt minni er að finna í *Partalópa sögu*, sem er þýdd frönsk ljóðsaga. Sagan gæti jafnframt verið dæmi um sögu sem er aðlöguð að íslenskri sagnahefð.¹⁴⁶ Í *Dínus sögu* eru deilumál í forgrunni þar sem ráðist er á heiður og sæmd konungssonar. Sagan endar eins og allar meykóngasögur með hjónabandi. Meðal einkenna meykóngasagna eru staðlaðar birtingarmyndir persóna. Persónur hafa eitt markmið að leiðarljósi sem er að ná fram vilja sínum, hvað sem það kostar. Svívirðingar og ósætti eru því oft fylgifiskar átakanna.

Kvenímynd meykóngasagna er önnur en sú sem birtist í þýddum riddarasögum þar sem hirðsiðirnir og hin upphafna ímynd konunnar er í algleymi. Í evrópsku riddarasögunum einskorðast tilvist kvenpersónanna við hirðsiðina eða hirðástina þar sem riddarinn upphefur kvenpersónuna og gefur sig henni á vald.¹⁴⁷ Innan evrópskra riddarasagna styðja kvenpersónurnar glæsta birtingarmynd karlhetjunnar og eru þær riddaranum jafn mikilvægar og hver annar búnaður, hvort svo sem það eru bardagaklæði hans eða hestur. Þar með er konan hlutgerð sem viðfang innan evrópskra riddarasagna sem hver riddari þarfnast til þess að öðlast sannan riddaraskap. Á þann hátt birtist konan sem einskonar skraut innan textans.

¹⁴⁴ Marianne Kalinke fjallaði örstutt um söguna í verkinu *Bridal-Quest Romance in Medieval Iceland* þar sem hún skilgreinir hana sem eina af meykóngasögunum (Kalinke 1990: 91-94).

¹⁴⁵ Kamar ez-Zamân dregur þar að auki vissan lærdóm af þeim bókum sem hann les. Bækurnar fjalla allar á neikvæðum formerkjum um konur og þylur hann upp nokkur ljóð máli sínu til stuðnings þar sem illska og fjandskapur kvenna skín í gegn (*The book of the Thousand nigth and one* 1951: 4-5).

¹⁴⁶ Sjá umfjöllun Sifjar Ríkharðsdóttur 2010: 410- 433, þá sérstaklega bls. 415-418.

¹⁴⁷ Abrams 1988: 37

Í meykóngasögum birtist konan frekar sem hindrun karlhetjunnar við að ná settu marki. Hún ögrar bæði þeim og samfélagslegum gildum, ógnar með framferði sínu kynferði hans en um leið birtist hún sem viðfang sem ber að yfirbuga. Kvenpersónurnar innan frumsömu riddarasagnanna eru sterkari en systur þeirra í evrópsku sögunum enda bera þær ýmis einkenni kvenpersóna Íslendingasagna svo sem stolt og hefndarþorsta. Philotemia er líkt og stöllur hennar í meykóngasögum og Íslendingasögum ekkert lamb að leika sér við. Hún ber einkenni kvenskörungsins, gefur föður sínum ráð og hvetur hann til hefnda fyrir vanvirðingu Dínusar í hennar garð. Hún fær rödd innan sögunnar þar sem tilfinningar hennar fá aukið vægi og er virkur þátttakandi innan atburðarásar sögunnar.

5.3 Meykóngurinn Philotemia

Nokkur munur er á birtingarmynd meykónsins á milli handritagerðanna. Meykóngurinn kemur hvað sterkastur fram í elstu gerð sögunnar. Í miðgerðinni er dregið úr tilvist minnisins og því nánast eytt út. Í yngstu gerðinni er meykóngurinn endurvakinn með nokkrum áherslubreytingum. Það er ekki hægt að halda því fram að Philotemia birtist almennt séð sem hefðbundinn meykóngur. Í það fyrsta á hún föður á lífi og gegnir því engu áþreifanlegu valdahlutverki innan sögunnar öðru en því að hún hrindir atburðarásinni af stað. Samt sem áður hefur hún verið flokkuð sem meykóngur vegna þess ásetnings að ganga ekki í hjónaband og svívirðingar hennar á vonbiðlunum. Sif Ríkharðsdóttir hefur fjallað um kynhlutverk innan meykónagefðarinnar. Hún bendir á að meykóngarnir hafni ekki kynferði sínu heldur má sjá togstreitu í kyngervi þeirra, það er í hugmyndum þeirra um hegðun og hlutverk.¹⁴⁸ Þeir setja sig upp á móti samfélaginu og þeim hegðunarreglum sem gilda innan þess.

Í miðgerð *Dínus sögu* er dregið úr einkennum meykónsins og minninu nánast eytt út úr sögunni. Þar ber einnig til tíðinda að kunnátta Philotemiú einkorðast ekki einungis við lærdóm og karlmannleg fræði heldur einnig við „hand og nál sem kuennligum j þröttum“ (103) sem ekki er getið um í elstu gerð. Einnig er minnst á önnur skapeinkenni: hún er „blijd“ og „lytelät og harla hæuersk jaullum hlutum“ (103). Þessi skapeinkenni ganga algjörlega í berhögg við harðlyndi meykónsins í

¹⁴⁸ Sif Ríkharðsdóttir 2010: 426-27

elstu gerð. Í miðgerðinni er það af sökum ástar konungsins á dóttur sinni að hann lætur byggja handa henni kastala og heldur henni þar.

Maximjanus vne miog mikid dottur sinne sem von var. latande reysa henne vyrdugliga hóll tilskipande xl rykborjнна meyia henne dagliga til þionustu og skiemtunar (103).

Fyrir vikið breytist merking sögunnar við þetta nána samband konungs við dóttur sína. Hér er það eins og að konungur leitist við að halda verndarhendi yfir dóttur sinni með því að byggja handa henni kastala, en í elstu gerð sýnir Philotemia sjálfstæði og einbeittan vilja til að stjórna. Í öllum gerðum hlýtur hegðun Philotemiu að einhverju leyti blessunar konungs og gerist hún af þeim sökum dramsöm, líkt og aðrir meykóngar.

So mikid haffde hun numid aff phitöns anda list, og rwnamaallumm, ad j þeim hlutum hugde hun onguann vera munde sinn jaffna j allre veröldinni, þui henni var kunnug øll jardar náttura, og himenntungla gangur og stiørnufræde øll, og nátturur allra þeira grasa, steina triä kuista og bruna, sem j voru øllum heiminum [...] forsmaade hun alla könga syne og jalla, og jlla vtliek, eff þeir freistudu hennar ad bidia, med einhuorui möti þui sem þeim yrde til hneijsu og suijvirðingar, og saker þess ad þetta friettist nær vmm øll lønd, þä löttust aller könga syner hennar ad bida, firer þää småån og mijkun, er þeir aff henni feingu [...] er fimtän vetra gømul, geingur hun firer fòdur sinn seigiande so til hanz, eg er bidiande minn kiæri fader, ad þier lätid smijda mier eitt frijtt og sterkt herberge, med mikille list og velgiort, efftir þeirre mind og forsøgn sem minn hagleikur kann firer ad seigia (12-13).

Í elstu gerð og miðgerð er hin óbilgjarna ást föðurs á dóttur einkennandi fyrir samband Philotemiu og Maximianusar. Hann leggur svo mikla elsku á dóttur sína að hann leyfir henni að komast upp með ýmsa duttlunga, sem eru konum í hennar virðingarstöðu alls ekki sæmandi. Eins og áður sagði neitar hún að ganga í hjónaband, og leggur stund á bóklegan lærdóm. Þar með tileinkar hún sér karllega hegðun, þar sem höfnun á hjónabandi og bóklegur lærdómur hefur löngum talist til karllegrar iðju. Í elstu gerð lætur hún byggja sér kastala og stofnar eigin hirð í samráði við föður sinn. Hún ofmetnast af eigin gáfum og galdrahæfni, telur engan karlmann sér samboðinn. Til hennar biðla margir konungssynir sem hún hafnar og lítilsvirðir. Því má segja að list Philotemiu felist einkum í því að vanvirða vonbiðla. Ekki er minnst á biðlana sem sem Philotemia hafnar í miðgerð sögunnar. Þar af leiðandi skapast ójafnvægi innan

miðgerðarinnar þar sem Philotemia hefur enga reynslu í að klekkja á konungssonum, en biður föður sinn samt sem áður að leyfa sér að reyna visku sína á Dínusi.

Í elstu gerð er gefið í skyn að Philotemiu leiðst vegna þess að enginn biðill hefur lengi komið til að biðja hennar, enda voru konunglegar móttökur hennar orðnar víðfrægar og höfðu fælandi áhrif á vonbiðlana. Þegar hún fréttir af drambsemi Dínusar fyllist hún löngun til þess að lækna hann af drambseminni. Í reynd má halda því fram að það sé þetta aðgerðarleysi Philotemiu sem drífi atburðarás sögunnar af stað. Hún hefur ekkert fyrir stafni þar sem hún hefur ekki fengið að svívirða neinn konungsson lengi. Dínus kemur því fram sem verðugt verkefni og finnur Philotemia sig knúna til þess að lokka Dínus til sín.

Nu kímur j hug k(öngs)d(öttur) ein logande girnd j hennar hiartta og freistne, ei til holdligrar girndar edur nockrar elsku, helldur til ad pröva sijna kunnáttu, j möti Dijnus og hann vtleijka og yffer vinna med þui lijkre skømm vid hann gjøra, sem vid adra fleijre er hennar høfdu vitiad (15-16).

Dramsemi og hégómi virðist hér stíga Philotemiu til höfuðs. Sögusagnirnar um visku og drambsemi Dínusar vekja upp öfund og finnst henni valdi sínu ógnað. Kunnátta og hroki Dínusar fer fyrir brjóstið á Philotemiu og kveikir í henni löngun til þess að buga hann. Atlagan gerir hana karlmannlega, það er hún tekur sér í hendur vald karlmannsins og kemur hún fram sem virkur gerandi innan textans.

Löngun Philotemiu til þess að skara framúr kemur einkum vel fram í yngstu gerð. „Kom að henni mikill girndarneisti, ei til holdlegra girnda heldur sína íþrótt að reyna og þennann út að leika sem aðra.“ (Lbs 1446 8to: 98r-98v) Hún leggur ríka áherslu á að öðlast gott orðspor „svo frægð mín megi vaxa og víðfræg verða“ (Lbs 1446 8to: 98v) en þar er einnig gefin upp önnur ástæða fyrir hegðun Philotemiu. Hún vill einnig ná fram hefndum fyrir hönd kynsystra sinna sem Dínus hefur svívirt með því að hafna gjafirni við þær. Þetta sést best þegar hún kallar óyrði á eftir honum eftir að hún er búin að svívirða hann í fyrsta skiptið.

Þar ríður Dínus hinn drambláti sneypur og húðstríktur, þú hefur forsmáð meyjar og frúr og hef ég hemt þeirra allra og þiki mér líkast þér muni rénuð kvennsemin um sinn, Þetta lét hún fara og annað fleira meðan þeir heira máttu (Lbs 1446 8vo: 98v).

Að þessu leyti er yngsta gerð sögunnar mjög frábrugðin eldri gerðum. Mögulegt er að höfundur gerðarinnar sé markvisst að vinna með fyrri texta sem tengjast sögunni, það er rímur og elstu gerðir sögunnar. Lögð er áhersla á túlkun og gerð er tilraun til

greiningar á atferli persóna sem ekki sést í eldri gerðum. Fyrir vikið skapast ójafnvægi á milli þeirra lýsinga sem elsta og miðgerð draga upp af persónum og þeirri sem yngsta gerð dregur upp. Samt sem áður eru elsta og yngsta gerð að mestu samstíga efnislega séð þó svo að í yngstu gerð stjórnist Philotemia af heiftúðlegum tilfinningum, þá ekki síst reiði.

Hinn hlutlaus stíll, þar sem öll tilfinningasemi er máð út úr textanum, einkennir yngstu gerð sögunnar þar sem efnislitlar lýsingar og skortur á hirðlegum stílbrogðum eru áberandi. Í raun eru tilfinningar persóna ekki mikið sýnilegar í neinum gerðum þar sem frásögnin er blátt áfram og stíllinn hnitmiðaður. Ef lítið er á textabrotið hér að neðan má vel sjá hinn tilfinningasnauda stíl sem einkennir frásögnina. Dínus og félagar hafa legið með konungsdóttur og meyjum hennar. Þetta brot á að lýsa viðbrögðum Philotemiu við meydómsmissi sínum og þeirri höfnun sem hún fær frá Dínusi.

Um morguninn geingur Hernit í kastalann og seigir hestar séu til reidu. Dynus bregdur skjótt við og menn hans og klæda sig. hver er þessi piltur seigir *konungs* dottir það er hestardrengur minn seigir Dínus, hann sá eg aldrei í iðar för firri segir hún, ríða þeir síðan veg sin, en *konungs* dóttur og þernur henar sirgdu sinn meidóm en fá hann þó aldrei aptur (Lbs 1446 8vo: 104r-104v).

Þessar samræður Philotemiu og Dínusar sýna ekki snefil af tilfinningum. Fyrir vikið virkar textinn á lesendur sem *paródía* og brýtur sagan þar með gegn meykóngahefðinni. Eitt veigamesta atriði innan meykóngasagna er undirgefni og skilyrðislaus ást til elskhugans eftir að afmeyjunin hefur farið fram þar sem meykóngarnir missa viðleitni sína til þess að veita mótsöðu við afmeyjun. Höfundur yngstu gerðar hefur augljóslega haft lítinn áhuga á þeim tilfinningum sem Philotemia lætur í ljós í eldri gerðunum.

Ef gerðirnar eru bornar saman má sjá að Pilotemia er ekkert að syrgja meydóm sinn í elstu og miðgerð, heldur ástar Dínusar og vill hún gefast honum. Í elstu gerð eru tilfinningum hennar gerð hvað best skil sem sést á viðbrögðum Philotemiu eftir að Dínus hefur náð að yfirbuga hana og hafnað henni sem eiginkonu. Tilfinningarnar kallast á við kvenleg viðbrögð rómönsuhefðarinnar við missi og sorg. Tilfinningarnar brjótast út sem grátur og bænir og rífur Philotemia í hár sitt og föt.

vm morguninn kallar Dijn(us) ä sijna fielaga. Og bidur þä klædast skiott og heimrijda til Egiptum. Mærin Phil(otemia) hefur nu sinn grät bidande med

allre alvoru að hann dvelde og fáe hennar sæmd sem hann haffde jätad þá sagdi Dijnus ecki er það sidur j voru lande, að sinna nockre putu leingur enn vmm sinn edur einu sinni og firer það skulumm hier skilia, og all dri finnast, sijdann ef eg mä ræda. Nu standa þeir vpp og taka sijn herklæde og hesta, og rijda nu burt aff Bläskumia, meijarnar gräta nu sem mest meiga þær og rijffa klædi sijn og reita sitt háár, lätum þær nu veina og kueina sem þeim lijkar (67-8).

Þrátt fyrir að höfundur „leyfi“ tilfinningaseminni að vera með sýnir hann henni vanþóknun eins og setningin „lätum þær nu veina og kueina sem þeim lijkar“ (67-6) gefur til kynna. Þessi afskipti höfundar er ekki til staðar í miðgerð sögunnar. Tilfinningar Philotemiu fá í reynd vægi innan textans þar sem hún fær rödd og nær að koma tilfinningum sínum til skila án afskipta höfundar með sleggjudómum um birtingarmynd tilfinningasemi kvenna.

Giórid vel herra seger hun, latid mig fara med ydur þuiad giarna viljum vier med ydur bæde lyffa og deya og all dre vid ijdur skilja. Ney seger kongson fra þui eg geing vt aff þessare hóll skal eg all dre æuenliga tydara hier jnn ganga edur sia neyna þä skinntyk sem hier er jnne og hier bigger (133).

Í mið- og elstu gerð bíður konungsdóttir harmi slegin heima fyrir á meðan faðir hennar fer að hefna svívirðu hennar. Í yngstu gerð dettur hins vegar Philotemia nánast út úr textanum eftir meydómsmissinn. Þar ríkir algjör þögn um viðbrögð hennar við væntanlegu hjónabandi. Rödd hennar er þögnuð og hún hefur ekkert meira um þetta að segja. Hún er undirgefin föður sínum og sættist á að giftast Dínusi.

Sendir *konungr* eptir dottur sinni og seigist eiga Dínusi lífgjöf að launa, þótti henni það undarlegt en síndist þó að svo mundi best fara að láta Dínus öllu ráða (Lbs 1446 8vo 106r-106v).

Í elstu gerðinni er Philotemia tregafull og bíður fregna af föður sínum lokuð inni í herbergi.

Philac(temia) kongs dottir hafdi þenna tima allan setit jsut ok hryggleik ok huergi brott komit or sinu herbergi. Nu sem kongrinn frettir hennar hryggleik geingr hann til hennar herbergis enn hun fellr fram gratandi fyrir sinn fedr enn hann bidr hana huggaz ok reisir hana upp ok mællti sua seigiande henne allt af sinum ferdum ok þeir Dínus kong s (on) voru satter ok hun var honum fest til eigin konu Nu skitpir skiott um þuiat su sem adr var þreyngd af sut ok harmi flydi nu j brott allr hennar tregi ok uard suo fegit hennar hiarta at gledini vard naliga rumfatt j hennar briosti (86-7).

Athyglisverðast er að í miðgerðinni, sem leggur almennt séð mikla áherslu á að koma hirðlegum einkennum til skila, er ekki greint frá tilfinningum Philotemiu við brúðkaupinu. Ekki er heldur minnst á harmagrát hennar og ótta í fjarveru föður síns. Heldur er hinn hlutlausí frásagnaháttur, líkt og sjá má í yngstu gerð, áberandi.

Sege hann nu vpp alla sógu og það med ad hann haffe fastnad Dynus kongsijnj dottur syna Phi(lotemiam) og verdur hun þessu feiginn (145).

Hina eiginlegu hirðást eins og sjá má í þýddu riddarasögunum er ekki að finna í *Dínus sögu*. Persónur streitast á móti valdakerfi samfélagsins, lúta eigin reglukerfi og hundsa viðtekna siði og venjur. Tilfinningar persóna eru ekki til staðar nema í lok sögunnar. Þá ber að benda á að þann ástarbruna sem persónur upplifa eftir að hafa byrjað hvort öðru töfraseiði fá þær af völdum galdra en ekki ástarguðsins og örva hans. Það er einungis í elstu gerð þar sem Philotemia sýnir hirðlegar tilfinningar sem jafnast á við þýddu riddarasögurnar. Eftir að Dínus hefur unnið meydóm hennar og yfirgefið hana sýnir hún hin hefðbundnu viðbrögð kvenna innan rómansa við missi og ástarsorg þar sem hún rífur hár sitt og grætur.

Einkenni meykónsins eru, eins og áður sagði, hvað sterkust í elstu gerð sögunnar. Yngri gerðirnar hafatilhneigingu til að leggja minna upp úr „kvenlegri“ tilfinningasemi sem er alveg horfin í yngstu gerð sögunnar. Í elstu gerð færast Philotemia úr því að vera dramsamur meykóngur yfir í hlutverk undirgefnu eiginkonunnar. Minni munur er á þessari hlutverkariðlun í miðgerð sögunnar og í yngstu gerð hennar tekur Philotemia nánast engum breytingum við það að fara úr föður- dóttur sambandinu yfir í eiginkonuhlutverkið.

Tilvist Philotemiu innan textans er háð samspili hennar við föðurinn annars vegar og Dínus hins vegar. Hún er föst inni í þessu valdakerfi og getur ekkert gert án samþykkis föðursins. Þetta kemur strax fram þegar hún biður föður sinn um leyfi til að fá að reyna listir sínar á Dínusi. Föður hennar líkar illa við áætlan hennar en leggur á endanum blessun sína yfir áformin.

Köngur j hugar nu beidne meijarinnar, þuiad hann var vitur og forspàar, vmm marga hlute. Eptir lidin þagnar tijma sagde hann so, betra þætti mier ad ei bædi þier mig þessa, og eff þesse girnd mætti vtkastast aff ydar hiarta, þa villda eg giarnann ei þess freista làata, þuiad minn hugur bijdur mier so, ad aff firstu samkomu yckar, munu vier fáá vanvirðing, enn af annare mikla skømm og harma, enn aff þridiu æfinnlega suijvirðing (16).

Spádómurinn innan sögunnar er þekkt minni úr Íslendingasagnahefðinni þar sem spádómar, draumar og fyrirboðar eru fyrirferðamiklir.¹⁴⁹ Varnaðarorð föðurins leggja línu sögunnar og ganga því hneisurnar þrjár eftir með blessun konungs. Philotemia leggst gegn tilmælum föður síns og óhlýðnast honum. Hún dregur yfirvofandi afleiðingar í efa og reynir listir sínar við Dínus. Konungurinn reynir að blanda sér ekki í málið, en í lokin þegar allt er komið í óefni er ekki annað hægt. Útspil hans markar endalok sögunnar þar sem hann nær að koma á friði milli ungmennanna.

Eftir að Dínus hefur náð vilja sínum fram við Philotemiu færist hollusta hennar yfir til Dínusar, eldmóðurinn dvínar og hún vill ekki lengur ná fram hefndum. Hún yfirgefur föður sinn og flytur til Dínusar og hlýðir boðum hans. Í yngstu gerð sögunnar birtist Philotemia sem sjálfstæð kona sem fylgir engu valdakerfi. Athyglisvert er að samband konungs við Philotemiu er nánast eytt út úr texta yngstu gerðar. Hún fær leyfi föður síns fyrir viðureign þeirra rétt eins og í hinum gerðunum en að öðru leyti er honum haldið utan við málalyktirnar. Hann kemur í lokin eins og yfirgnæfandi vald sem heldur verndarhendi yfir framvindu sögunnar. Í elstu gerð skammar konungur kóngsdóttur fyrir framferði sitt og kallar á alla spekinga sína til að fá aðstoð við að leysa deilur ungmennanna. Skörungsskapur kóngsdóttur fer dvínandi og hún bregst illa við fortölum föður síns og harmar sér.

Eff ei heffde eg til þijn vænt so mikillrar elsku , og fœdurlegum gödvilia og ætta eg nockurn erfingia annann, skillde eg þig j elde brenna läta, þetta eijkur nu og anijar harm meijarinnar, og haffde hun vpp sijnar harma tölur so seigjande, maklega er mier falled s(eiger) hun, og vijst være mier betur, ad eg hefde ei til slijkz ötijma fædd vered veij sie þeim er j mote brijst fœdurlegum vilia og er eg þui verd suijvirðingar ad eg ei kunne siälffa mig er eg villde med offbelde þreita vid þann sem meir var meire, og giarnann helldur villda eg nu ver wtleidd og haalzhuuinn enn þola leingur brixl og harm, skømm og småån, so taldi hun särlega (69).

Kóngsdóttir er harðari af sér í miðgerðinni hún grætur ekki þegar konungur segir dóttur sinni að nú hafi spádómur hans gengið eftir og að hann vilji fá ráð hennar varðandi hvernig hefna skuli svívirðingarinnar. Samt sem áður neitar Philotemia að verða honum að liði.

¹⁴⁹ Lang fyrirferðamestir eru spádómar, draumar og fyrirboðar í *Gunnlaugs sögu, Njálu og Laxdælu*. Þorsteinn Egilsson dreymdi fyrir alla atburðarás *Gunnlaugs sögu* og draumur Guðrúnar Ósvífursdóttur leggur línur atburða *Laxdælu* (Ármann Jakobsson 1999: 75-80).

Ney seger Philo (temia) alldre vmm alldur geff eg vt nockud þad räd sem honum sie til meyns edur mötgangz hiedan aff, helldur allt þad gött sem eg orka skal honum jnnann handar i ordum og verkum (136).

Að þessu leyti sýnir miðgerðin óvæntar uppgjafartilfinningar Philotemiu og um leið hvernig hollusta hennar tekur breytingum við afmeyjunina. Eftir sem áður hverfur Phiotemia hér út úr textanum og kemur vart meir við sögu nema við brúðkaupið.

5.4 Tekist á um valdið

Dínus saga er eins og áður kom fram frekar óhefðbundin brúðarfararsaga. Í sögunni er það konungsdóttir sem fer í hálfgerða bónorðsför þar sem hún ögrar konungssyni jafnt kynferðislega sem valdslega. Í þýddu og aðlöguðu riddarasögunni *Partalópa sögu* kemur fram minnið um konungsdótturina sem tælir til sín unnusta. Hún vill ekki giftast honum heldur einungis njóta með honum ásta. Þetta býður upp á valdaójafnvægi sem þarf að lagfæra. Partalópi nær eftir mikil ævintýri að vinna meykónginn og fá konungstignina sem honum einum ber. Í meykóngasögum ögra meykóngarnir biðlunum með valdagræðgi. Þær vilja ekki missa völdin, vera lækkaðar um tign og þurfa að taka sæti drotningar í stað konungs. Meykóngarnir ögra samfélagslegum gildum þar sem þeir setja sig í andstöðu við ríkjandi hegðunarreglur. Sif Ríkharðsdóttir veltir því fyrir sér hvort að meykóngasögurnar séu ef til vill ritaðar í varúðarskyni, það er, til að halda konum frá því að eigna sér karllæga þjóðfélagsstöðu.¹⁵⁰ Í riddarasögunum *Clári sögu*, *Sigurðar sögu þögla*, *Sigrarðs sögu frækna* og *Dínus sögu drambláta* er kvenkyns persónum refsað fyrir hegðun sína. Sif hefur því bent á að „Sögurnar má því túlka sem mögulega samfélagslega viðleitni til að takast á við þá ógn sem samfélagskipuninni getur stafað af slíkri riðlun kynhlutverka með því að beygja völduga meykónga undir ríkjandi hugmyndir um kynhlutverk og stöðu kvenna.“¹⁵¹ Í elstu gerð og miðgerð *Dínus sögu drambláta* má sjá hvernig söguframvindan miðar að því að beygja meykónginn og refsa honum fyrir framhleypli sína. Hins vegar kemur þessi áhersla ekki fyrir í yngstu gerðinni þó svo að sagan endi með hjónabandi líkt og í elstu og miðgerð sögunnar. Í öllum gerðum má þó sjá þessa samfélagslegu ógn og þá togstreitu sem fylgir.

¹⁵⁰ Sif Ríkharðsdóttir 2010: 428

¹⁵¹ Sif Ríkharðsdóttir 2010: 430

Það er óhætt að fullyrða að minni Óvíðs um ástina sem stríð gangi aftur í *Dínus sögu drambláta*, þótt um raunverulegar tilfinningar persóna sé ekki að ræða. Eins og fram hefur komið er ekki mikið um hetjulegt framferði og riddaraskap innan sögunnar. Dínus og Philotemia eigast við með hugviti. Þau leitast við að niðurlægja hvort annað eins mikið og mögulegt er. Philotemia ofmetnast líkt og Dínus af drambi og eru þau jafnokar. Eitt ber að athuga, þar sem hér er á ferð meykóngasaga þá snúast átök persónanna fyrst og fremst um valda- og kynjabaráttu. Í slíkum sögum þarf karlpersónan að sanna styrkleika sinn og yfirburði yfir meykónginn. Því verða átökin oft kynferðisleg þar sem karlmaðurinn sýnir yfirburði í þeim efnum. Í *Clári sögu* og frumsömdu riddarasögunni *Sigurðar saga þögla* ná karlhetjurnar að vinna meykóngana með kynferðislegri misbeitingu. Þessi kynferðislegi undirtónn kallast á við þýddu ljóðsöguna *Möttuls sögu* sem gengur út á það að gera lítið úr kvenleikanum og afhjúpa konuna sem kynveru. Kvenmannslíkaminn er tengdur freistingunni sem þarf að hafa hemil á og stjórna. Þau brögð sem Dínus beitir Philotemiu beinast að afhjúpun líkama hennar og kynferðislegri niðurlægingu eins og hinn villti nektardans ber vitni um. Í dansinum er hinn syndsamlegi og óstjórnlegi líkami undirstrikaður. „fleygir hun af ser klêdunum ok giorer sik alnokta“ (38). Philotemia beitir einnig kynferðislegum kænsubrögðum og notar, líkt og Serena í *Clári sögu*, nekt sína og kynferði sem valdataeki til að tæla Dínus til sín. Hún lofar að rekkja hjá honum en svíkur hann og veldur honum þess í stað líkamlegum skaða.

Aðferð og leiðir aðalpersónunar til þess að ná settum markmiðum er meðal algengustu viðfangsefna sagnanna og á það bæði við um evrópskar- og innlendar riddarasögur. Í *Dínus sögu* má sjá ör ferðalög tilvonandi elskenda á milli staða. Ferðalög persóna sögunnar gegna hér lykilhlutverki innan sögunnar og mynda umgjörð utan um átök þeirra. Það sama má sjá í *Nítíða sögu* og *Sigurðar sögu þögla* þar sem sambærileg togstreita kemur fram. Í *Dínus sögu drambláta* fara persónurnar fram og til baka á milli sögusviða til þess að klekkja hvor á annari. Þessi ferðalög eru mikilvæg innan sögunnar þar sem þau gegna því hlutverki að mynda erótíska spennu á milli „elskenda“ líkt og sjá má í öðrum meykóngasögum. Philotemia og Dínus senda hvort öðru ástargaldur sem fær þau til að ferðast til hvors annars. Fyrir vikið er sagan mjög erótísk þar sem persónur eru hvattar áfram af holdlegri þrá og óslökkvandi löngun til að fullnægja henni. Spenna sögunnar felst í tíðum flutningi elskenda sem flytjast gagnert á milli sögusviða til að leitast við að fullnægja hvötum sínum. Hinn þrotlaus flutningur Dínusar og Philotemiu nær hámarki við samræði

þeirra sem í raun undirstrikar mikilvægi flutningsins innan sögunnar, sem er að skapa kynferðislega spennu á milli persóna.

Athyglisvert er að átökin endurspeгла að vissu leyti kynferðislega niðurlægingu þar sem persónur gera í því að niðurlægja hvort annað kynferðislega. Á sama hátt er niðurlægingin einskonar leið persóna til aukins þroska þar sem þær upplifa sig í lokin sem jafnoka hvors annars. Á þann hátt gegnir erótíkin því hlutverki að aðstoða við að koma elskendum saman. Marianne Kalinke hefur bent á að samskipti Dínusar og Philotemiu endurspegli undirliggjandi erótík.¹⁵² Hins vegar gerir Kalinke ekki greinamun á raunverulegum tilfinningum og gjörningum innan sögunnar. Að auki útlistar hún ekki frekar birtingarmynd erótíkurinnar. Hin kynferðislega spenna er ekki raunveruleg fyrr en í lokaátökunum og Dínusi hefur ekki verið byrjað ástarseyðinu og tekur meydóm Philotemiu „og nu sier jungfrúinn að hun mun sinn meijdom láta og afle borinn verda að sinne“ (64). Í elstu og miðgerð er Philotemia berskjölduð og yfirbuguð og biður Dínus um að taka sig sem brúði. Dínus sýnir hins vegar engar tilfinningar og hafnar henni.

Í reynd eru ekki gefnar upp tilfinningar Dínusar nema þegar hann er undir áhrifum gjörninga Philotemiu en þá brennur hjarta hans af heitri girnd. Dínus beitir Philotemiu sömu brögðum þegar hann gefur henni eplið. Tilfinningarnar, lostinn og löngunin, sem brennir hjarta ungmennanna, koma utan frá og eru í tengslum við gjörninga og seiðmagnaða hluti. Philotemia beitir göldrum líkt og þeim sem sjá má í Íslendingasögum og fornaldarsögum Norðurlanda. Í meykóngasögunum eru meykóngarnir handhafar ýmissa töfragripa sem gera þeim kleift að halda meydómnum og verja ríki sitt. Í *Nítíða sögu* til að mynda sagt frá því hvernig Nítíða siglir til eyjunnar Viso og stelar náttúrusteinum. Meðal þeirra er steinn sem gerir henni kleift að fylgjast með öllum konungssonum heims. Þessum steinum beitir hún til að komast aftur í ríki sitt eftir að hafa verið rænt af Listalin konungi. Sedentiana í *Sigurðar saga þögla* á einnig sams konar náttúrustein í fórum sínum sem gerir henni kleift að fylgjast með konungssonum heims. Er hún hefur þennan töfragrip getur ekkert grandað henni. Sigurður þögli fær öflugan töfragrip frá tveimur tröllskessum og aðstoð frá dverg sem stelar náttúrusteini Sedentíonu. Um leið er voðinn vís og Sedentiana yfirbuguð. Þau reyna með sér á sviði hins ónáttúrulega. Bæði eru þau vel fróð um alla hluti en kraftar þeirra liggja í kukli sem í rauninni fer úrskeiðis.

¹⁵² Kalinke 1990: 94-95

Philotemia á, líkt og aðrir meykóngar, náttúrusteina sem hún notar til að fylgjast með ferðum Dínusar. Einnig beitir hún göldrum í formi sjónhverfinga.¹⁵³ Munurinn á göldrum rómönsuhefðarinnar og göldrum Íslendingasagna er sá að galdrar rómönsunnar eru ónáttúrulegri enda er sagnaheimurinn að öllu ólíkur þar sem hann á sér ekki stoð í raunveruleikanum. Í reynd hafa Philotemia og Dínus takmarkaða þekkingu á gjörningum af þessu tagi. Eftir að þau hafa umbreytt ásýnd hvors annars hafa þau gengið það nærri hvort öðru að þau eru ekki fær um að veita viðnám. Viðureignin er komin út fyrir þau mörk sem þau ráða við. Þeirra ráð eru komin í pattstöðu og getur hvorugt leyst sig úr þeim álögum sem þau hafa valdið hvort öðru. Þau fara út fyrir mörk hins mannlega en fjandskapur þeirra er svo mikill að þau hefðu gengið frá hvort öðru ef þau hefðu ekki fengið aðstoð frá seiðkörlunum Heremita og Anachorita.

Í fornaldarsögum og riddarasögum koma yfirnáttúrulegar verur og galdramunir oft fyrir. Þessir munir eru oftast nær fengnir úr heimi kvenna og yfirnáttúrulegra vera á borð við álfa, dverga og trölla. Hetjan þarf að leita ásjár þeirra til að fá í hendur galdramuni sem gera þeim kleift að sigrast á ævintýrum sínum. Beiting galdranna innan riddarasagna er að öllu ólík þeirri sem birtist í Íslendingasögum og fornaldarsögum Norðurlanda, enda urðu frumsömdu riddarasögurnar fyrir áhrifum evrópskrar riddarasagnahefðar. Í riddarasögum koma galdrar hvort svo sem þeir eru af hinu góða eða illa oftlega fyrir. Í *Clari sögu* aðstoðar austrænn seiðkarl konungssoninn Clari við að yfirbuga meykónginn Serenu til þess að lækka í henni rostann. Það sama á sér stað í *Nítíða sögu* þar sem kallaður er til nornalæknirinn Refsteinn til að aðstoða við að fanga Nítíðu, sem reynist erfitt þar sem hún er bæði vitur og býr yfir öflugum verndar- og galdramunum. Biðlarnir þurfa að treysta á að fá aðstoð af hálfu dverga, jötna og einskonar galdralækna eða seiðkarla til að geta átt möguleika á að yfirbuga konuefnið.¹⁵⁴

¹⁵³ Í Íslendingasögum er göldrum beitt í tengslum við náttúruna og gátu seiðkonur og karlar meðal annars orsakað óveður, snjóflóð, þoku og önnur náttúruyfyrirbæri með seiði sínum. Helga Kress fjallar um fjölkynngi í Íslendingasögum. Hún heldur því fram að Íslendingasögur séu uppfullar af göldrum „án þess að þeir eða þær sem þá iðka séu kölluð fjölkunnug eða göldrótt, og á þetta einkum við um konur, ekki sist af höfðingjastétt, sem beita göldrum svo leynt að þeir eru faldir í textanum“ (Helga Kress 2009: 4).

¹⁵⁴ Í Íslendingasögum eru seiðkarlar algengir en þeir voru þá oft kvengerðir og kallaðir argir, sérstaklega ef þeir áttu móður sem var seiðkona. En einnig koma fram einskonar nornalæknar sem hafa það hlutverk að afhjúpa nornina. Innan Íslendingasagnanna eru þessir menn vitrir og spakir sem talið er vera andstætt göldrum (Helga Kress 2009: 3- 26).

Eftir að Philotemia hefur látið hornin vaxa á höfði Dínusar og féлага hans er galdralæknirinn Heremita kynntur til sögunnar. Í yngstu gerð sögunnar fær Heremita ævintýralega tilvist þar sem tilgreint er að hann hljóti uppeldi hjá dvergum sem kenna honum listir sínar. Þessi tengsl Heremita við yfirnáttúrulegar verur koma ekki fyrir í öðrum gerðum. Koma hans markar tímamót innan sögunnar þar sem allt er komið í óefni og Dínus er nær dauða en lífi. Hann læknar Dínus af vanmættinum sem stafar af hornunum, veitir honum ráðgjöf og aðstoð við að yfirbuga meykónginn og nær að sameina ungmenninn með gáfum og góðum ráðum. Í öllum gerðum er mikill áherslumunur á birtingarmynd galdralæknanna og er að finna einhvers konar uppgjör á milli þeirra. Svo virðist að höfundur miðgerðar hafi viljað gera meira úr sambandi Heremita og Anachorita. Anachorita er kynntur til sögunnar strax í upphafi deilna ungmennanna. Philotemia hefði aldrei getað staðið uppi í hári Dínusar án hans hjálpar. Eftir að Dínus hengir upp spjald inni í vistarverum Philotemiu sem hefur þá náttúru að allir sem lesa á það fella föt og stíga villtan dans er seiðkarlinn Anachorita kallaður til. Skapast hafði vandræðanlegt ástand þar sem Philotemia var ekki sú eina sem sér spjaldið heldur bera konungur og drottning, erkibiskupar og prestar og margir háttsettir menn spjaldið augum. Því er mál að stöðva dansinn sem fyrst og býr seiðkarlinn yfir þeirri þekkingu. Anachorita er aftur kallaður til þegar Philotemia og meyjar hennar hverfa eftir að hafa tekið á sig krákuham og flogið á eftir Dínusi. Anachorita beitir enn og aftur þekkingu sinni til að ná þeim heilu og höldnu aftur heim. Í elstu gerð kemur Anachorita ekki mikið meira við sögu nema að því leyti að hann er sagður vera af hinu illa „enn þat uar pukin sialfr nu sem þeir at hyggia“(89) fær Heremita leyfi til að handsama Anachorita og drepa. Í miðgerðinni eiga þeir sökótt hver við annan.

Sögulok miðgerðar eru frábrugðin elstu gerðinni þar sem Heremita er sagður vera Johannez konungsson af Indíalandi og þeir Anachorita fornir erkifjendur. Anachorita er sagður hafa verið sonur jarls og numið með konungssyninum en hann var „kymenn og fölljur suikull og flärädur“(143) og fer hann á endanum í galdraskóla. Nokkrum árum síðar koma Anachorita og faðir hans og sölsa undir sig ríki föðurs Johanezar og drepa bæði kóng og drottningu en Johannez kemst undan. Hann tekur upp nafnið Heremitan og heldur af stað til að leita Anachorita uppi og hefna morð föður síns. Eftir að Heremita hefur aðstoðað Dínus hverfur hann en kemur síðar aftur til hirðar Dínusar. Hann segir Dínusi sögu sína þar sem hann fullyrðir að Anachorita hafi ætlað sér að sölsa undir sig ríki Maximiano og kvænast Philotemiu. Koma

Heremita er því nauðsynleg þar sem hann nær að sameina elskendur og fanga hinn illa seiðkarl. Yngsta gerðin fylgir sögu Heremita eins og hún birtist í miðgerðinni. Í þeirri gerð vill hann ná höndum yfir galdramanninn Anachorita sem drap föður hans og móður en að auki vill hann leysa valdatogstreitu Dínusar og Philotemiu.

Í elstu gerð kemur Heremita gagnert til hirðar Dínusar til að reyna visku sína. Hann telur sig vera fróðan um mannlega bresti.

Ek þóttiz nockut rannzakad hafa flestan visdom þann sem menn kunnu fa j uerólldini ok þar med allzkyns klerkdom enn ek fretta til framferda yduarra ok med þui at fleiri sloguz j leikana j moti þer lek þa syndiz mer þat rad einkanliga sidan ek spurda þinn vann matt at eigi hefdir þu hiastodu mann uar mer ok foruitni aa ath profa minar listir... (89).

Hér kemur fram að Heremita fréttir af drambsemi Dínusar og vilji reyna brögð sín líkt og Philotemia. Dínus veit um ráðabrudd hennar frá fyrstu svívirðingu Philotemiu og hann er staðráðinn í að svara í sömu mynt og lækka dramb hennar.

Þá mællti Dijnus, so mun K(öngs)d(ötter) virda sem hun haffe lægt vortt dramb, er það og sannindi, og vijs von, ad eg mun ä henni ei heffnt fáá þessarar suijvirðingar (35).

Í elstu gerð grunar Dínus aldrei að Heremita sé að reyna listir sínar á honum. Það er ekki fyrr en í lokin þegar Heremita leggur spilin á borðið að orðið er ljóst að það sé í raun Heremita sem læknaði Dínus af drambseminni. Heremita beitir öðrum brögðum en Philotemia þar sem hann notast fyrst og fremst við gáfur og fyrirhyggju samhliða gjörningum og sjónhverfingum. Þá beitir Heremita sjónhverfingum til að villa um fyrir föður Philotemiu sem vill fara í stríð við Dínus og hefna fyrir þær svívirðingar sem dóttur hans mátti þola. Heremita veit hins vegar að her Maximianusar konungs er máttugri en her Dínusar. Hann nær að stöðva konung og tala um fyrir honum og biðja hann um að gefa Dínusi hönd dóttur sinnar. Heremita kemur með lausn sögunnar, nær að friða öldurótið á milli ungmennanna og sameina konungsfjölskyldurnar. Að þessu leyti er elsta gerðin markvissari en mið- og yngsta gerð sögunnar.

Í yngstu gerð er áherslan ekki á að lækna Philotemiu af drambseminni. Með réttu hefði afmeyjunin átt að lækna hana, vekja upp raunverulegar tilfinningar hennar í garð Dínusar, líkt og sjá má í elstu miðgerð, og beygja hana undir vilja hans. Hins vegar sýnir Philotemia lítil sem engin viðbrögð við afmeyjuninni, lætur brotthvarf

Dínusar sig ekki varða grætur hann ekki heldur einungis meydómsmissi sinn. Þessi tilfinningasnaubi stíll er einkennandi fyrir yngstu gerðina. Philotemia sýnir almennt séð engar tilfinningar, af afmeyjuninni undanskilinni, hvorki í fjarveru föður hennar né þegar hann segir henni frá gjaforðinu líkt og hún gerir í elstu- og miðgerð. Þar af leiðandi þroskast Philotemia ekki sem persóna í yngstu gerð sögunnar líkt og sjá má í elstu gerðinni. Um leið má sjá ákveðna gjaldfellingu á tilgangi sögunnar innan yngstu gerðar þar sem Philotemia nær ekki að draga þann lærdóm að hegðun hennar sé ekki samkvæmt viðmiðum samfélagsins um réttmæta hegðun kvenna.

6. *Dínus saga drambláta*: þróun handritagerða

6.1 Þróun tákna

Ýmis bókmenntaleg, menningarleg og trúarleg tákna koma mikið við sögu í *Dínus sögu drambláta*. Merking sögunnar liggur að mörgu leyti í táknum sem gefa sögunni dýpri merkingu. Innan sögunnar er að finna tákna sem meðal annars gegna því hlutverki að undirstrika og endurspeglar birtingarmyndir Dínusar og Philotemiu. Táknin gefa sögunni enn fremur hirðlegan og um leið leyndardómsfullan blæ og eru að mörgu leyti lykilatriði fyrir frekari skilning á undirtexta sögunnar.

Hlutverk tákna er að tjá undirliggjandi merkingu sem er ekki endilega rituð með beinum hætti í textanum en er hins vegar vísun í annan skilning á þekktu gildishlöðnu minni eða tákni.¹⁵⁵ Hugtakið tákna hefur verið skilgreint sem „skynjanlegt merki sem bendir á eitthvað annað en sjálf sig, stundum í líkingu við merkingarmið og stundum ekki.“¹⁵⁶ Kristin trú hefur þróað með sér merkingarþrungið táknerfi sem rekja má langt aftur í aldir frá þeim tíma þegar kristnir notuðu tákna myndir til að forðast ofsóknir heiðingja. Trúartáknin þróuðust í gegnum aldirnar og er táknerfi veraldlegra bókmennta miðalda meðal annars byggt á þessu táknerfi.¹⁵⁷ Táknerfið í bókmenntatextum er mjög svo yfirgripsmikið og má finna dýpri merkingu í ýmsum táknum sem einskorðast við liti, hluti, fyrirbæri og eru dýr oft tákna myndir sem gædd eru merkingarauka. Ástarljóð trúbadora 11. aldar áttu sinn þátt í að þróa þetta táknerfi enn frekar, en eins og fram kom hér að framan endurvöktu trúbadorar meðal annars táknerfi Óvíðs um ástina með þó nokkrum breytingum og viðbótum. Táknin og textinn vinna saman við að skapa þann frásagnarheim sem oftar en ekki er byggður á kristnum gildum og var lesendum oft ætlað að líta á bókmenntir sem einskonar táknsögur og var fólki ætlað að taka boðskap þeirra sér til fyrirmyndar.

¹⁵⁵ Sölvi Sveinsson 2011: 5

¹⁵⁶ *Íslensk orðabók* 2002: 1571

¹⁵⁷ Umberto Eco fjallar um tákna og táknsögur í verkinu *Art and Beauty*. Þar greinir hann frá orðum Hornoriusar frá Autun, frá árinu 1025, að myndir voru bókmenntir almenningsins (Eco 1986: 54).

Þetta viðhorf var við lýði hér á Íslandi og voru þýddar og frumsamdar siðbætandi dæmisögur, miðaldaævintýri og riddarasögur sem ætlaðar voru til stuðnings og styrkingar á trú almennings. Í riddarasögunum *Clári saga* og *Mírmans saga* má greina kristinn undirtón og boðskap. Í raun má ætla að margar íslensku frumsömu riddarasögurnar beri með sér að einhverju leyti kristin gildi og viðmið. Beiting tákna í íslenskum riddarasögum er mjög frábrugðin erlendum riddarasögum. Hið yfirgripsmikla táknkerfi virðist hafa tapast þegar íslenskir höfundar tóku til við að rita riddarasögur. Það er ekki hægt að fullyrða að íslenskir menntamenn hafi skort hugmyndafræðilegar forsendur við ritun riddarasagna og hafi þar af leiðandi ekki verið meðvitaðir um hinn ríka táknheim evrópskra riddarasagna. Almennt virðast þeir þó ekki hafa eytt mörgum orðum í lýsingar á búnaði, gripum, vistarverum eða neinu því sem gat mögulega innifalið tákn sem auðvelduðu lesendum við túlkun á sögunni.

Táknin í *Dínus sögu* felast ekki í lýsingum á sögusviði, fatnaði og búnaði eins og í evrópsku- og þýddu riddarasögunum. Það má segja að *Dínus saga* sé til vitnis um það hvernig mismunandi mótíf og tákn renna saman og mynda nýja merkingarbæra einingu sem er samsuða af evrópskum hirðmótífum og innlendri túlkun á erlendum táknum. Hin þekktu tákn hirðlegrar orðræðu rómönsunnar á borð við lindina, garðinn og rósina koma ekki fyrir í *Dínus sögu*. Til að mynda er skógur í riddarasögum oft dulrænn og hættulegur staður og er hann oftast ekki tákn villtrar náttúru. Velta má því fram hvort höfundar allra þriggja gerða *Dínusar sögu* séu að misskilja þá merkingu sem liggur að baki skógarins þar sem hann nýtir sér ekki til fulls þann merkingarauka sem skógurinn býður upp á. Til að mynda gegnir skógurinn engu dulrænu hlutverki innan sögunnar öðru en því að hann er opinber vettvangur þar sem *Dínus* og félagar hans eru niðurlægðir í augsyn þegna Maximianusar og Philotemiu. Skógurinn gerir þá einnig berskjaldaða gegn sjónhverfingum Philotemiu. Þeir vita ekki hvernig þeir komust í skógin en þá grunar að Philotemia hafi beitt þá sjónhverfingum. Í sögunni tengjast táknin oft sjónhverfingum og göldrum. Fyrstu galdrarnir sem Philotemia beitir *Dínus* leiða hann út í skóg. *Dínus* og félagar hans bregðast illa við þessum sjónhverfingum. Þeim finnst sem her manna ráðist á þá og taka þeir upp vopn sín og berjast til morguns. Þegar þeir vakna um morgunin eru þeir staddir úti í skógi.

og sem þeir bregða j sundur augunumm, lijst þeim herbergid helldur ræffur hætt yfer sier þuiad heidann himininn, lijta þeir j alla vega skög og þar skamt frá siä þeir standa 40 eijkur miög fallegar og störar, var næffur kuister og limid lamid aff þeim allt, enn þeir siälffer läu klædlauser, og sinn suijge hiä

houriumm þeirra alblöðuger, enn þeirra líkamer voru aller hudfletter og helblaaer, so og voru þeir stirder og saarer, ad þeir þöttust sig ei hræra meiga (34-35).

Í seinna skiptið sem Philotemia beitir þá brögðum vakna þeir félagar enn á ný upp í skóginum en þá með horn á höfði.

Annað þekkt tákn sem rekja má til rómansanna er birtingarmynd turnsins sem lokaðs íverustaðar meyarinnar. Turninn kemur ekki fyrir nema í miðgerð sögunnar og þá í tengslum við hýbýli Dínusar. Mögulegt er að halda því fram að enn á ný séu höfundar gerðanna að fara á mis við þekkt tákn rómönsunnar sem fela í sér ríkan merkingarauka. Turninn tengist oft og tíðum lokuðu rými sem ætlað er að varðveita meydóm eða halda skírlífi.¹⁵⁸ Í elstu gerð lætur Philotemia reisa sér „eitt frijtt og sterkt herberge“(13) og í miðgerð er reist virðuleg höll fyrir konungsdóttur en í yngstu gerð er kastali reistur að beiðni hennar. Íverustað Philotemiu er ætlað að ýta undir sjálfstæði og vernda meydóm hennar fyrir biðlum. Turninn er dæmi um það hvernig íslenskir höfundar þróuðu með sér tákn riddarasagnaarsins og settu þau í nýtt samhengi. Höfundar frumsaminna riddarasagna hafa ef til vill ekki verið meðvitaðir um táknræna birtingarmynd turnsins þar sem hann kemur lítt fyrir innan frumsaminna riddarasagna.¹⁵⁹

Ef til vill litu höfundar til einstakra mótífa úr þýðingum heilagra meyja sagna. Jocelyn Wogen-Browne heldur því fram að íverustaður meyja geti birst innan texta á marga vegu, svo fremi sem hann er lokaður, hvort svo sem um er að ræða; garðhús, herbergi, helli eða klefa.¹⁶⁰ Íverustaðurinn er ekki staður algjörRAR innilokunar, eins og sjá má í mörgum riddarasögum. Philotemia getur farið sjálfviljug á milli kastala síns og föður síns. Í íslenskum meykóngasögum eru konungsdætur staðsettar í eigin vistarverum. Að sama skapi skapast togstreita innan slíkra texta þar sem konurnar ráða eigin högum og verustað sínum. Í meykóngasögum þar sem meykóngarnir bjóða væntanlegum biðlum sínum inn í vistarverur sínar skapast mikil átök, rétt eins og sjá má í *Dínus sögu drambláta* og *Clári sögu*. Meykóngarnir véla biðla sína, telja þeim trú um að þeir fái meydóm sinn en ganga svo í skrokk á þeim. Þó svo að meykóngarnir ráði yfir vistarverum sínum og láta hermenn gæta þeirra kemst

¹⁵⁸ Sjá umfjöllun Camille 1998: 91

¹⁵⁹ Í *Sigurðar sögu þögla* dvelst meykóngurinn Sedentína í turni, en þessi riddarasaga er einsdæmi hvað þetta varðar. Sagan gengur út á það að hefna fyrir þá svívirðingu sem Sedentína gerði. Til að það sé mögulegt þarf að ná henni út úr turninum þar sem hún hefur sjálfviljug læst sig inni. Turninn kemur að auki fyrir í *Clári sögu*, og þýddu riddarasögunni *Flórens ok Blankiflúr*.

¹⁶⁰ Wogen-Browne 2001: 24

vonbiðillinn ávallt inn fyrir varnir þeirra, brýst inn í vistaverurnar og nær að klekkja á þeim.

Vistarverur Dínusar endurspegla að hluta til vistarverur meykónsins. Í miðgerð sögunnar er tilgreint að krákurnar hafi sest á turn í höll Dínusar, en í elstu gerð setjast krákurnar á kastalamúrana. Þessar breytingar á framsetningu tákna á milli gerða er mögulega hægt að rekja til Dínusar rímna fornu.

35. Drosin hefr af Dino spurn
er dreingium ueitir soma
þar er hann hieilt i hægum turn
hrausta men ok froma.¹⁶¹

Jónas Kristjánsson heldur því fram að miðgerð sögunnar sé skrifuð undir áhrifum Dínus rímna fornu. Greinilegt er að höfundur rímnanna hefur gert viðbætur sem ekki eru til staðar í elstu gerð sögunnar. Ómögulegt er að segja til um uppruna eða þær ástæður sem liggja að baki þessum viðbótum, né hvort höfundur rímnanna hafi notast við minni úr öðrum þýddum og frumsömdum riddarasögum. Einnig er ómögulegt að segja til um hvort höfundur rímunnar hafi þekkt til táknrænnar vísunar turnsins í evrópskum riddarasögum. Einnig getur verið að orðavalið lúti rími þar sem höfundur hafi vantað gott orð sem rímar við spurn. Greinilegt er að rímurnar leggja meira út á túlkun á framvindu sögunnar og að þær eigi í samræðu við elstu gerð *Dínusar sögu*.

Þessi athugun er mikilvæg og ætti að varpa ljósi á hvernig sögur og minni innan þeirra tekur breytingum og þróast. Ofangreind umræða vekur upp þá spurningu hvort höfundar gerðanna hafi misskilið eða rangtúlkað táknið sem birtast í sögunni, eins og turninn og skógurinn ber vott um. Einnig má varpa því fram að almennt hafi höfundar leitast við að aðlaga, hvort um sig táknið og minni rómönsuhefðarinnar, að íslensku táknerfi sem og sagnaarfi sem leiddi til þess að táknið misstu hina eiginlegu merkingu sína. Fjallað hefur verið um tengsl tákna innan bókmenntaverka við kristna trú og tengsl tákna við keltneskan sagnaarf en ekki má gleyma innlendri túlkun miðaldarhöfunda á þessum táknum. Íslenskir prestar voru ekki síður vel lesnir en evrópskir trúbræður þeirra og bjuggu yfir sambærilegri þekkingu á beitingu trúarhugtaka og kristnum tákmyndum og evrópskir starfsbræður þeirra. Í þessu samhengi má benda á birtingarmynd eplisins í sögunni. Í elstu gerð og miðgerð sögunnar færir Philotemia Dínusi „stort eple“ (17) sem hefur þá náttúru að Dínus

¹⁶¹ *Dínus rímur fornu* 1934: 807

brennur af girnd eftir að hafa neytt hluta þess. Dínus notar sama bragð á Philotemiu og gefur henni epli sem breytir henni í kráku í elstu og miðgerð sögunnar.

Eplið er þekkt trúartákn kvenlegrar freistngar, en það er einnig töfrahlutur og getur breytt ásýnd fólks og flokkast því sem galdrahlutur.¹⁶² Í keltneskum goðsögum birtist eplið sem tákn þekkingar, galdra og spádóms. Þeir sem eta af epli munu ekki finna fyrir þorsta né hungri. Eplið boðar val sem stendur á mill jarðneskra ástríðna og andlegra gilda. Það er tákn þekkingar og þeirrar skyldu að þurfa að taka ákvarðanir og þar með að velja og hafna. Eplið ber einnig með sér sætan ilm sem ber vott um himnaríki, en það er einnig tákn ósættis. Allar þessar ofnagreindu skilgreiningar falla vel að mögulegum túlkunarleiðum *Dínus sögu*. Philotemia er handhafi galdra, hún freistar Dínusar er hún býður honum eplið og vekur upp hjá honum óslökkvandi girnd og ást. Eplið sem Philotemia sendir Dínusi í upphafi er valdur þess ósættis sem ríkir á milli þeirra. Síðar gefur Dínus Philotemiu og fylgikonum hennar epli til að hefna svívirðingar sinnar sem breytir þeim í krákur. Eplið birtist hér sem freisting þar sem hvorugt þeirra getur staðist sætan ilm þess. Eftir að eplið hefur verið borðað vita þau hver sendi það og brenna af girnd og þrá til hvors annars. Þegar galdur eplisins hefur dvínað er þráin horfin úr brjóstum ungmennanna.

Eplið sem Dínus sendir Philotemiu felur í sér máttugan galdur sem breytir henni í kráku. Þegar Philotemia borðar eplið fellur hún á eigin bragði, lætur hrífast af sætum ilmi eplisins og í staðinn fyrir að draga þá ályktun að eplið sé frá Dínusi komið krýpur hún á kné og tilbiður Guð og þakkar honum fyrir sendinguna. Í yngstu gerð gefur Dínus Philotemiu brauðmola sem umbreytir kóngsdóttur og fylgikonum hennar í krákur í stað eplisins. Brauðmolarnir vísa aftur á móti til kristinnar trúar, það er líkama kristis. Ástæða þessara breytinga virðist ekki vera á neinum rökum reist öðrum en þeim að tengja tilbeiðslu Philotemiu við brauð Dínusar og skopstæla tilbeiðsluna. Brauðið ber ekki með sér neina vísun í umbreytingu og við þessa breytingu rofna tengsl eplisins við umbreytingu Philotemiu í kráku.

Krákur fela í sér neikvæða merkingu, dauða og váleg tíðindi.¹⁶³ Samkvæmt Sölva Sveinssyni felur krákan í sér einsemd og einnig sjálfan djöfulinn í kristni.¹⁶⁴ Í *Ummyndunum Óvíðs* breytist Kórónis í kráku þegar hún flýr undan Neptúnusi sem reynir að nauðga henni. Hún var síðar færð Mínervu sem fylginautur

¹⁶² Chevaliar, Jean & Gheerbrant, Alain 1996: 35-37

¹⁶³ Chevaliar, Jean & Gheerbrant, Alain 1996: 789-791

¹⁶⁴ Sölvi Sveinsson 2011: 236

og var vel liðin meðal fugla skógarins en eftir að hún ljóstraði upp um svik þriggja meyjja við loforð Aþenu var hún útskúfuð úr fylgdarliði Mínervu og sett skörinni lægra en uglan.¹⁶⁵ „Krákan verður ei hvítari þó hún baði sig, hún er svört og verður svört og svo er um menn: þeir breyta ekki eðli sínu.“¹⁶⁶ Krákunni er ætlað að endurspegla hið sanna kvenlega eðli Philotemiu í *Dínus sögu*. Philotemia er forvitin og afskiptasöm og er hegðun hennar valdur að válegum atburðum. Þegar hún umbreytist í krákuna fær hún að vissu leyti dóm sem á að endurspegla hennar innri mann þar sem hún fær ekki breytt hinu sanna eðli sínu.

Þessa sömu merkingu leitast Philotemia við að yfirfæra á Dínus. Hann er dramsamur og fær því ekki breytt fyrr en hann hefur hlaupið af sér hornin. Hornin á höfði Dínusar eru mjög merkingarbær. Þau tengja hann til að mynda við kynhvötina, þá hvöt sem hann hefur hingað til neitað sér um. Dýrahorn hafa verið notuð í trúariðkun frá örófi alda og hafa gjarnan verið tengd frjósemi.¹⁶⁷ Tákn þeirra tengist þeim mætti sem dýrin sem bera þau búa yfir. Horn voru því notuð á hjálma þar sem talið var að kraftur dýrsins myndi yfirfærast á þann sem bar hjálminn. Því urðu horn oft táknmyndir merkra konunga. Hornin hafa því verið mikið karlmennsku- og í senn frjósemistákn og tákngerast þau í getnaðarliminum. Aftur á móti fela horn í sér óvinveittar tilfinningar og dramb¹⁶⁸ og hafa þau oft verið helstu tákn Satans, í kaþólskri trú, sem ber tvö horn sem hvort um sig táknar Nýja- og Gamla testamentið.¹⁶⁹ Hinsvegar merkja fjögur horn ótakmarkað vald guðs og voru oft fjögur horn á altari.¹⁷⁰

Ekki ber að líta á birtingarmynd hornanna sem trúartákn en vissulega er ætlun Philotemiu að hæðast að Dínusi og svívirða hann. Hornin eiga að endurspegla dramb hans og meint getuleysi þar sem honum mistekst tvívegis að ná fram vilja sínum við Philotemiu. Lýsing á hornunum og viðbrögðum Dínusar og manna hans eru mismunandi eftir gerðum. Þótt undrun megi sæta þá fá þau ekki mikla umfjöllun í elstu og yngstu gerð sögunnar. Í elstu gerð er einungis fjallað um sársaukann sem af þeim stafar.

Nu sem þeir uilia hrêra sig uerdr þeim nockut stirt hōfudit ok þers uerda þeir uarir at holldgroin horn uoru komin a þeirra hōfut suo stor sem a gaumlum

¹⁶⁵ Publius Ovidius 2009: 73-75

¹⁶⁶ Sölvi Sveinsson 2011: 236

¹⁶⁷ Sölvi Sveinsson 2011: 180-81

¹⁶⁸ Chevaliar, Jean & Gheerbrant, Alain 1996: 513-16

¹⁶⁹ Sölvi Sveinsson 2011: 181

¹⁷⁰ Chevaliar, Jean & Gheerbrant, Alain 1996: 513-16

uxa ok uour fiogur af huerium þeirRa þau stodu allt at beini sua saar at þeir þottuz huergi mega lata uit snerta (45).

Orðalag yngstu gerðarinnar vísar til elstu gerðar „höfðu þeir þá feingið 4. horn útur höfðinu hverum sig eigi sléttir en 4. álnir hvort, voru þau þeim svo sár að þeir máttu ei við þaug koma“ (Lbs 1446 8vo: 101v). Lýsingin í yngstu gerð tekur mið af báðum gerðunum. Í miðgerð er mikil áhersla lögð á hornin sem fylgt er eftir með langri lýsingu á þeim og gert er meir úr skaðanum sem Dínus og félagar hans urðu fyrir af völdum þeirra. Þeir kumpánar urðu mjóslegnir og blóðlitlir, gátu varla staðið uppréttir sökum þyngdar hornanna svo ekki sé minnst á sársaukann sem þeir fundu fyrir „að þeim læ vid ope“ (120). Þessi lýsing dregur mjög úr riddaralegri birtingarmynd Dínusar. Sést það hvað best þegar þeir stíga á bak hesta sinna þar og þurfa þeir að lyfta hvor öðrum á bak en sársaukinn er svo mikill að þeir liggja fram á hestana. Í miðgerðinni er einnig lögð áhersla á að félagarnir gátu ekki notað höfuðbúnað þar sem hornin eru fjórar álnir hvert, en áln var mæld frá olnboga fram fyrir fingurgóm, oftast góm löngutangar en stundum þumalfingurs. Hornin drógu allan mátt úr Dínusi og voru að draga hann til dauða. Eins og greint var frá tengist þessi lýsing ekki elstu gerð. Hana má hins vegar rekja til Dínusar rímna fornu.

Jónas Kristjánsson bendir á að bæði í rímunum og miðgerð sögunnar sé greint frá hornum Dínusar og félaga hans. Í rímunum kemur fram að eitt hornanna hafi staðið út úr enninu, annað úr hnakkanum tvö úr vanga Dínusar og félaga hans.

15. Þá voru hyrndir hilmis menn
og horðu slegnir grandí
frá eg þau stæði fjogur í senn
fost á svarðar landi.

16. Eitt í miðju enni var,
undrum þótti ganga,
bókin segir að sikling bar
sitt í hvórum vanga.

17. Fjórða horn úr hnakka stóð
á hverjum þengils manni,
hefndi þess ið fagra fljóð,
að fyrr var dans í ranni.¹⁷¹

Eins og fram hefur komið þá segir elsta gerð sögunnar einungis að fjögur horn hafi staðið út úr höfði Dínusar og félaga hans en tilgreinir ekkert frekar um staðsetningu þeirra. Jónas teflir fram vangaveltum Björns Kr. Þórólfssonar um að rímurnar og miðgerð sögunnar hafi að þessu leyti fylgt eldra handriti en AM 575 a, 4to, sem elsta

¹⁷¹ Dínus rímna fornu 1934: 821

gerð sögunnar er rituð eftir og sé því sú gerð sem AM 575 a, 4to fylgir.¹⁷² Jónas telur hitt þó líklegra, það er að höfundur rímnanna hafi haft áhrif á þróun sögunnar og bætt þessu tiltekna atriði við hana.

Eins og áður sagði er hornunum ætlað að hæðast að Dínusi og þá valdaleysi, karlmennsku og getuleysi hans. Hornin eru því birtingarmynd dráms hans og stíga þau honum svo mikið til höfuðs að þau draga úr honum allan mátt og gera hann valdalausán. Að sama skapi stendur hann ekki undir merkingarauka hornanna, það er karlmennsku og frjósemi. Þetta kristallast í yngstu gerð sögunnar þegar Philotemia líkir Dínusi við hrút.

Fílómei er uti stödd og kallar til Dínusar, nú þiki mér sannast gamla máltækið að horhrútarnir safnist saman þegar vorar að en þó þið hafið ei margar lemt þá sér þó stórlega á ikkur og munuð þið hafa sótt mest þura brundinn, en mér áttu að þakka kórónuna og ríð þú nú til rækals nú fékstu það sem þig vantaði (Lbs 1446 8vo: 101r-101v).

Hinn kynferðislegi undirtónn sögunnar er hér með staðfestur. Leið Dínusar er eins og áður sagði að fella hana á eigin bragði. Konungsdóttir býður Dínusi ávallt að rekkja með sér en svíkur hann þess í stað og svívirðir. Í sögunni er hin kynferðislega misbeiting óhjákvæmileg. Dínusi ber að taka meydóm hennar til að brjóta vilja meykónsins og færa hana inn í samfélagslega viðurkennt hlutverk konunnar sem eiginkonu og móður.

6.2 Hirðleg einkenni í *Dínus sögu drambláta*

Greina má verulegar breytingar á framsetningu hirðlegrar orðræðu, tákna, svo ekki sé minnst á frásagnareinkennum innan hvernar gerðar fyrir sig. Hin hirðlega orðræða, sem einkennist af kurteis og siðareglum kemur vel fram í elstu gerð *Dínus sögu*. Vel hefur tekist til við að skapa andrúmsloft þýddra riddarasagna í elstu gerðinni og miðgerðinni. Þar er dregin upp mynd þar sem hirðir konunga eru í forgrunni. Þó nær miðgerðin ekki sams konar hirðlegum blæ og elsta gerðin. Sögusviðið einkennist af heimkynnum konunga sem endurspeglar siðmenningu og siðfágun. Persónurnar eru aðalsmenn, konungar, konungssynir og konungsdætur sem stjórnast af samfélagslega niðurnjörvuðu hegðunarmynstri þar sem hæverska og riddaramennska er í fyrirrúmi. Í evrópskum riddarasögum er oft mikil áhersla lögð á lýsingar á búnaði svo sem

¹⁷² Jónas Kristjánsson 1960: lix

klæðnaði og vopnum. Í evrópskum riddarasögum öðlast riddarinn sjálfsvitund sína út frá riddaralegum búnaði, líkt og sjá má í ljóðsögunni *Perceval*.¹⁷³ Sambærilegar lýsingar eru fágætar í þýddum og frumsömdum riddarasögum, þar á meðal í öllum gerðum *Dínusar sögu*. Eins og fram hefur komið má rekja má þetta áhugaleysi til meðferða þýðenda sem lögðu ekki mikla áherslu á lýsingar á klæðnaði og aðbúnaði og þar með á þann merkingarauka sem slíkar lýsingar geta boðið upp á. Um leið og áherslan á yfirdrífna lýsingar á búnaði hverfur úr textanum rofna tengsl íslensku riddarasögunnar við evrópska rómönsuhefð. Höfundar frumsamdra riddarasagna hafa síðan tekið fábreyttan ritstíl þýðenda sér til fyrirmyndar og ritað sögur sínar í sama anda.

Í *Dínus sögu drambláta* kemur fatnaður helst fram í tengslum við nekt og sér í lagi í lýsingum á því þegar persónur afklæðast. Klæðin hafa því kynferðislega vísun og bera með sér tilvísun í kynferðislega niðurlægingu þess sem er afklæddur. Dínus vaknar nakinn eftir að hafa verið húðstrýktur af félögum sínum og Philotemia fellir af sér klæðin þegar hún sér galdrarúnir Dínusar og stígur nakin dans. Í elstu gerð er ekki mikið lagt upp úr lýsingum á klæðnaði almennt. Miðgerðin leggur aðeins meiri áherslu á búnað og er Philotemia komin með kórónu sem ekki er getið um í elstu gerð sögunnar. Það fyrsta sem hún hendir af sér þegar hún lítur galdrarúnir Dínusar augum er gyllt kóróna og afklæðist hún svo hverri spjör.

...fjirst fleyer hun hóffudgullenu aff sier þar med huorju plagge þui sem a henne var fer til og dansar alnakenn fyrer þessare tabula edur spiallde (114).

Þetta er í eina skiptið sem lýsingar á íburði, fylgihlutum eða klæðaburði Philotemiu kemur fram innan miðgerðar. Höfundur Dínusar rímnna yngri hefur kosið að líta til miðgerðar og láta Philotemiu einnig kasta frá sér gullkórónu líkt og hún gerir í miðgerð sögunar.

Tabulum upp var haft, út prentað með gyllta skrift. Sýnilega brúði brá, brátt við þessi efni ný gull kórónu góða þá greip af sér með oði því. Fleigði henni lánga leið, leisti af sér klæðinn fríð, strax í bragði stökkur greið stóð so nakinn bauga hlíð (ÍB 210 8vo: 65).

Umgjörð og frásagnarháttur rímnanna ber hirðlegri einkenni en sjá má í miðgerð. Þessa áherslubreytingu má rekja til þeirrar staðreyndar að rímurnar líta öðrum

¹⁷³ Þegar *Perceval* fær herklæðin og vopn í hendurnar öðlast hann fyrst sjálfsvitund sem riddari. Þá fyrst er hann fær um að berjast (*Perceval* 2010: 70 og 74-82).

frásagnarlögmálum en sögurnar. Helsti munurinn liggur í því að rímurnar voru samdar til þess að vera kveðnar og lýtur frásögnin því lögmálum kveðskapar sem gengur út á það að skila sögunni frá sér í mæltu máli undir bragháttum og endarímum. Fyrir vikið fá rímurnar á sig hirðlegri blæ en sjá má í *Dínus sögu*.

Í elstu gerð eru hirðsiðir í hávegum hafðir og kallast þeir að einhverju leyti á við þá siði sem tíðkast innan evrópskrar riddarasagnahefðar. Til að mynda er tekið fram að Philotemia og Dínus raða fylgdarliði sínu niður eftir stöðu og virðingu. Philotemia er ekki kynnt fyrir Dínusi fyrr en hann hefur hitt konung sem leggur blessun sína á samband þeirra. Að auki biður Philotemia föður sinn að bjóða Dínusi til veislu og taka vel á móti honum við borgarmörkin með miklum mektum, fylgisveit og strengleikum. Maximiano konungur tekur á móti Dínusi samkvæmt hirðvenju og fylgir honum til veislu.

Enn Dijnus k(öngs)s(on) nälkast til borgarinnar, og sem Max(imilianus) köngur veit það bjir hann sem skrautligast stræte borgarinnar, möte jungkiæra Dijnus, og hanz kompänumm, med steingleijkum, prösessiönem. og allzkins söngefærum, med þessu er hann leddur aff erchipikupumm og lijdbiskupumm, til hofudkirkiunnar, fagnar köngur honum og bijdur honum og hanz monnum til virduglegrar veitslu, so leinge sem hann vill, enn köngsson þeckist það blijdliga, og er hann nu til hallar leijddur, og j háásæte settur hiä könginum, hanz sueinum er og virduligur sess skipadur (25).

Til samanburðar leggur miðgerðin ekki mikið upp úr hirðsiðum, þó svo að hún tilgreini að Philotemia og Dínus raði fylgdarliði sínu niður eftir stöðu og virðingu. Sú viðhöfn sem tíðkast í rómönsum að leiða riddarann til kirkju með miklu fylgdarliði líkt og sjá má í elstu gerð hverfur einnig úr yngri gerðum sögunnar. Í miðgerðinni gengur Philotemia ekki fyrir Dínus fyrr en konungur hefur lagt blessun sína á samband þeirra. Hins vegar hefur dregið úr hirðlegum lýsingum eins og áherslunni á aðbúnað, strengleiki og hirðlegar móttökur. Til samanburðar er svipað textabrot af sama atburði í miðgerðinni sem lýst er á eftirfarandi hátt:

Þuj næst rydur Dynus kong son j borgena med sijnum monnum, gat kongzd(otter) þui ey fiarre ad hann vyrte lytelz skraut og skart borgarmanna helldur rydur hann med sijnum monnum vppa allt það sem fyrer var, ey fijrr liettandj enn þeir komu ä kongzgardenn sialffann. Maximjanus kongur geingur sialffur med allre sinne hyrd mote honum fagnande virdugliga kongsjine biodande honum allt það besta sem hann haffde fóng aa [...] Sest Dynus k(ong)son j hásætj kongenum til hægre handar og þar hanz menn vti frá eptir stiettum (107-8).

Hér einkennist frásagnarhátturinn af ákveðni þar sem framvinda sögunnar skiptir meira máli og hirðlegar lýsingar eru taldar óþarfar þar sem þær myndu hægja á framvindunni. Áhugi Dínusar á skrauti borgarinnar kallast á við meðferð höfundar gerðarinnar á efniviði hennar þar sem Dínus nýtur ekki þess sjónarspils sem borgin skartar heldur ríður í gegnum borgina að höll konungs til að geta komist á fund konungsdóttur.

Hinsvegar má sjá að innan þýðdra riddarasagna eru lýsingar á veislum, matarvenjum og borðhaldi ekki eins fyrirferðamiklar innan söguheims og í evrópskum riddarasögum. Þá er kryddaður matur og sætt vín tákn siðmenningar og spila veisluhöldin stórt hlutverk innan hirðbókmennta. Nánar lýsingar á matföngum, borðbúnaði og veisluhöldum almennt eru meðal einkenna hirðlegrar orðræðu rómansa. Slíkar lýsingar eru ekki í miklum metum innan *Dínus sögu* og er *Dínus saga* að því leyti frábrugðin hinum evrópsku fyrirmyndum. Lýsingar á mat og drykk innan sögunnar eru í tengslum við þær matargjafir sem Dínus og Philotemia senda hvort öðru. Matargjafirnar eru „ilmande“ og ber þeim oft „sæt lyckt“ sem sýkja hug og hjarta ungmennanna. Matföngin eru alls ólík því sem gengur og gerist í þýddu riddarasögunum og lúta frekar táknmynd freistingar en hirðlegum sagnaeinkennum.

Þótt það komi ekki fram nánari lýsingar á veisluhöldum og matvælum í elstu gerð sögunnar má þó greina hirðlegar lýsingar á ríkidæmi. Elsta gerð og miðgerð draga báðar upp lýsingar á vistarverum Philotemu þó svo að lýsingar elstu gerðar séu ítarlegri og greinabetri. Báðar gerðirnar greina frá því að vistarverurnar séu prýddar gulli, demöntum og gimsteinum og að þar megi finna líkneskjur með söngpípur sem óma fallega þegar vindur leikur um þær. Elsta gerðin segir að frá þeim barst „so sæt lyckt j herberginu, ad einginn daudlegur madur haffde þui lijka kient“(29). Miðgerðin er hins vegar raunsærri en þar er greint frá því að þessi sæta lykt komi frá reykelsi og jurtum. „So ferska lyct gaff þeim ad kienna ad þeir hugdust Paradysum komner vera þar ilmande reykelse og allra handa dyrmætustu jurter og sa sem þeir sia þessa mikla dyrd“ (109). Í elstu gerð er upplifun Dínusar á vistarverunum svo sterk að hann telur „j himneska päradijs munda eg þad higgia satt vera“(29).

Almennt séð heldur miðgerðin ekki eins mikla tryggð við hirðlegar lýsingar og elsta gerð sögunnar. Þá ná lýsingar miðgerðar af innkomu Dínusar og manna hans í vistaverur Philotemiu ekki sama hirðlega blænum og elsta gerð sögunnar dregur upp. Það sama má einnig sjá í lýsingunum á brúðkaupi Dínusar og Philotemiu. Í miðgerðinni ríkir meiri þögn um brúðkaupið sem breytist meira í drykkjusamkomu

þriggja konunga sem fagna sáttum sín á milli. Philotemia kemur ekki fram í umræðu um þetta svokallaða brúðkaup. Hún kemur einungis fram þegar veislan hefur leyst upp og konungarnir halda hver í sína áttina.

Þú næst byst Tolo(meus) kongur burt og hanz son Dynus med sinne vnnustu hinne fóguru Philo(temia) skyliast nu kongarner med hinne mestu vináttu og blydu, leysir hann mund dottur sinnar med gulle og gimsteynum og allra handa dyrgrypum hier er nu kliffiad aff ötal asna og vlfallda taminn ljeon (146-47).

Brúðkaupinu í elstu gerð er hins vegar gert góð skil. Það er ágætt dæmi um lýsingu á hirðlegri veislu í anda evrópskra riddarasagna. Veislan stendur yfir í sjö daga og ber þar mikið á skemmtunum af ýmsu tagi og sem dæmi er boðið upp á strengleika, hljóðfæraleik, riddaramennsku, skylmingar, íþróttir og bogfimi.

...ero þau Phil(actemia) til sêngr leidd med miklum pris ok hêuerskligri fylgd bêdi rikra manna ok þionustu sueina þetta herbergi uar eitt lopt hus sem allt veri loganda upp um rêfr af gulli ok gimsteinum enn ut aa stein uegginum uoro pentadar sogur hinna fyRa Egipta landz konga allt þat er þeir hofdu til frama unnit ok snilldar bragda enn hitt var allt latit nidri liggia er þeim hafdi til osigrs eda minkanar uordit tolf pilarar stodu upp j midiu þersu herbergi med ymisligum litum raudum ok gulum blam ok grênum suortum ok huitum Gulligir knappar uoru uppi a þersum pilarum aller grafner med miklum hagleik A millum þersa pilara stod ein gullig sêng yfrin rikdom j ser hafandi Gulluefium uoro oll sparlôkin þar brann hit dyra balsamum j gullkerum j þersi sêng skylldu þau Dinus Tholomeus ok Philac(temia) sofa var hun miog [hatt] upp komin ut undir suolonum stodu rikuligar sêngur sua at [h]in dyrazti keisari matti vel sofa... (92).

Eins og sést á textanum hér að ofan ber allur aðbúnaður vott um mikið ríkidæmi þar sem veggir eru prýddir gulli, gimsteinum og myndskreytingum. Áherslan er á konungdóm og ættboga. Ungu hjónin eru leidd inn í myndskreytt herbergi þar sem saga fornra konunga þeirra hefur verið máluð á veggina. Þar með er lögð áhersla á konungdóm og konunglegt blóð og uppfyllingu hjónabandsskyldna. Þessi áhersla birtist í brúðarsænginni sem sameinar fjölskyldur og leysir þar með deilur þeirra. Meiri áhersla er lögð á hjónabandsskyldur í elstu gerð sögunnar en í miðgerð hennar þar sem hjónabandinu er fyrst og fremst ætlað að geta af sér afkomendur. „Er þat trulíkt at þeim hafi afspringis audit uordit þoat þat se eigi ut greint j þesari fra sogn“(94). Í miðgerð sögunnar er hins vegar fullyrt að frá Dínusi „eru marger ägiæter kongar fra honum og Philo(temia) komner“(143). Ekki er dregin athygli að brúðkaupinu sjálfu eða brúðarsæng Dínusar og Philotemiu. Textinn ber þó með sér

hirðleg einkenni er varða lýsingar á ríkidæmi og til að mynda er Philotemia leyst út með miklu ríkidæmi „allra handa dyrgrypum hier er nu kliffad af ötal asna og vlfallda taminn ljeon“(146-7).

Í miðgerðinni eru þó nokkrar áherslubreytingar þá sérstaklega í sögulok þar sem dregið er enn frekar úr hirðlegum einkennum heldur en að aukið sé við þau. Þó koma inn ný einkenni eins og asnarnir ljónin og úlfaldarnir. Hins vegar eru hirðleg einkenni hverfandi í yngstu gerð sögunnar sem inniheldur snubbóttan stíl með það að markmiði að frásögnin sjálf komist til skila. Takmarkaðar lýsingar eru á klæðnaði, aðbúnaði og veisluhöldum. Brúðkaupið fær til að mynda lítið vægi innan sögunnar og er sögulokum þjappað saman í eftirfarandi lýsingu.

Stendur nú Dínus upp og biður Fílómei sér til handa og var því ekki móti mælt, rís þar upp hin vænsta veitsla og var tilboðið öllum stórherrum og höfðingjum (Lbs 1446 8vo: 106v).

Þetta textabrot er mjög lýsandi fyrir þann hlutlausa stíl sem einkennir yngstu gerð sögunnar. Hinn hlutlausi stíll er vafalaust ófrávíkjanleg afleiðing munnmælasagnahefðarinnar sem setti svip sinn á yngstu gerðina. Má í því samhengi nefna beitingu tákna sem fá nýja merkingu innan gerðarinnar.

6.3 Þróun yngstu gerðar

Þar sem texti er ávallt menningarleg afurð er nauðsynlegt að líta til menningarlega aðstæðna þess tíma þegar yngsta gerðin var skrifuð til þess að geta sér til um ástæður þeirra breytinga sem urðu á henni. Eins og fram hefur komið var yngsta gerðin samin seint á 18. öld og er nauðsynlegt að setja þær breytingar sem urðu á gerðinni í samhengi við bókmenntalegar hræringar aldarinnar. Augljóst er að þróun sögunnar á rætur sínar að rekja til hugarfars þess tíma þegar barist var um íslensk handrit.¹⁷⁴ Varðveisla handrita og endurritun var í hávegum höfð og litu ritara handrita jafnvel hýrum augum til þjóðarskaldskapar og munnmælasagna. Leiða má líkur að því að *Dínus saga* hafi í raun tekið á sig mynd þjóðsagna þar sem hún hefur átt sér svo langa tilvist í munnmælahefð. Mögulegt er að *Dínus saga* hafi gengið manna milli í munnmælum og að hún hafi tekið breytingum í minni fólks. Þær rímur sem ortar voru

¹⁷⁴ Árið 1682 reið Jón Eggertsson, fyrir hönd Svíakonungs, og Hannes Þórleifsson, fyrir hönd Danakonungs um sveitir Íslands og söfnuðu handritum. Hannes Þórleifsson fórst í hafi ásamt fjölda handrita á leið til Kaupmannahafnar sumarið 1683 (Bjarni Einarsson 1955: x-xix).

af *Dínus sögu* gefa vísbendingu um að efni sögunnar hefur verið þekkt þar sem rímur voru fyrst og fremst ortar til að vera fluttar opinberlega. Velta má því fram að *Dínus saga* hafi breyst í munnmælum og jafnvel aðlagast íslenskum þjóðsagnaarfi.

Aftur á móti er ekkert því til fyrirstöðu að halda því fram að riddarasögur hafi einnig getað varðveist í munnlegri geymd. Rannsóknir Aðalheiðar Guðmundsdóttir á fornaldarsögunni *Úlfhamssögu* hafa leitt í ljós að yngsta gerð sögunnar hefur mögulega verið rituð eftir munnlegri geymd.¹⁷⁵ Aðalheiður leitast við að skilgreina þær breytingar sem eiga sér stað í yngstu gerð sögunnar sem geta talist til frávíka sprottnum úr misskilningi á frumheimild.¹⁷⁶ Til þessara frávíka teljast styttri söguþráður, ruglingur á samtölum og röð atburða, nöfn persóna, misskilningur á framsetningu mikilvægra viðfangsefna sögunnar þar sem merking sögunnar raskast og ýmsar aðrar viðbætur á söguþræði og lýsingum. Niðurstaða Aðalheiðar er eftirfarandi:

Ólíklegt verður að teljast að ruglingur af þessu tagi hafi átt sér stað við skriftarpúltið, enda hefur hér skolast til merking alllangrar klausu. Þótt fátt eitt verði fullrytt í þessum efnum mun hugsanleg skýring talin munnmæli *C > C.¹⁷⁷

Rannsókn Aðalheiðar gefur til kynna að mögulega hafi svipaðar breytingar orðið á yngstu gerð *Dínus sögu drambláta*. Að vissu leyti er hér um ólíka texta að ræða þar sem *Úlfhamsaga* er fornaldarsaga og er með allt aðra varðveislusögu en *Dínus saga*. Upprunalega gerð sögunnar er til að mynda glötuð en upp úr henni voru ortar rímur og telur Aðalheiður að allar gerðir sögunnar (A, B og C) hafi verið samdar upp úr þeim á 17. og 18. öld. C gerð sögunnar er samin á ofanverðri 19. öld og byggir, samkvæmt Aðalheiði, á glötuðu handriti sem varðveittist í munnmælum. Mögulega er hægt að setja hér varnagla þar sem Aðalheiður byggir kenningar sínar um breytingar C gerðar á glötuðu handriti og munnmælasagnahefð. Þó er ekki hægt að líta framhjá rannsókn þessari þar sem hún getur mögulega varpað ljósi á mikilvægi munnmælasagnahefðar á meðferð og þróun textavinnu á 18. og 19. öld.

Nokkur þeirra einkenna sem Aðalheiður bendir á í yngstu gerð *Úlfhamssögu* eru einnig áberandi í yngstu gerð *Dínus sögu*. Til að mynda er að finna viðbætur á söguþræði og lýsingum og nöfn persóna taka breytingum. Misjafnt er hvernig nafn *Dínusar* er skrifað. Í elstu og miðgerð er það skrifað sem *Dinus*, *Dynus*, *Dijnus*,

¹⁷⁵ Aðalheiður Guðmundsdóttir 2001

¹⁷⁶ Aðalheiður Guðmundsdóttir 2001: lxxxii

¹⁷⁷ Yngsta gerð sögunnar er táknuð sem C. *C stendur fyrir tapað handrit sem varðveitta C gerð sögunnar (Lbs 4485 4to) er rituð eftir (Aðalheiður Guðmundsdóttir 2001: lxxxiv).

Dinum, Dio og Dino. Í elstu gerð er orðmyndin Dijnus oftast notuð og í miðgerð Dynus og í yngstu gerð er nafn hans skrifað Dínus. Það sem er athyglisvert í þessu samhengi er þróun nafns Maximilianus. Í miðgerð er nafn hans ritað sem Maximjanus en í yngstu gerð heitir hann Fílómeius og Philotemia heitir Fílómey. Nafnið heldur latneskum beygingum. Augljóslega dregur konungurinn nafn sitt af dóttur sinni Philotemiu. Einnig er athyglisvert að benda á að nafn hennar hefur af einhverjum sökum tekið breytingum í endursköpunarferlinu. Ef til vill er það vísbending um að höfundur hafi ekki haft handrit til hliðsjónar við samningu yngstu gerðar. Hinsvegar gæti ritariinn hafa ritað nafnið upp eftir minni sem hefur leitt til þess að stafsetning þess hefur brenglast. Einnig er spurning hvort höfundur hafi gert tilraun til þess að nútímavæða nafn hennar enda ber nafnið áhrif nútímastafsetningar þar sem rithátturinn *ph* verður að *f*. Höfundur hefur ef til vill viljað íslenska nafnið enn frekar með því að eyða út erlendum einkennum þess þar sem hún heitir Fílómey í stað Fílótemia

Það eru miklar líkur á að *Dínus saga* beri þess merki að hafa að einhverju leyti þróast innan munnmælahefðar. Einnig má sjá einkenni innan sögunnar sem gæti skýrst af viðleitni höfundar gerðarinnar til að nútímavæða söguna. Eins og áður er nefnt hefur Jónas Kristjánsson bent á að yngsta gerð *Dínusar sögu* sé ekki samin eftir neinu ákveðnu handriti. Hún fylgir að miklu leyti elstu gerð sögunnar en er þó undir áhrifum miðgerðar. Að öllum líkindum var miðgerðin ekki heldur höfð til hliðsjónar við samningu yngstu gerðarinnar. Líkur eru á að þær breytingar sem verða á yngstu gerðinni, sem eru ekki í elstu eða miðgerð, eiga rætur að rekja til munnmæla. Benda má á þessu til stuðnings aðtexti yngstu gerðar er fremur sundurleitur og fyrir vikið er sagan óheilleg. Til að mynda riðlast atburðarás sögunnar í yngstu gerð. Í elstu og miðgerð er röð atburða eftirfarandi: húðstrýking Dínusar, nektardansinn, hornin á höfði Dínusar, Philotemia breytist í dúfu og síðast hefnd Philotemiu. Í yngstu gerð er röð atburða eftir farandi: Húðstrýking Dínusar, dúfur, horn, dans og hefnd Dínusar. Nektardansinum og umbreytingunni er víxlað í yngstu gerðinni og að auki er það Dínus sem ríður til hefnda ólíkt Philotemiu í eldri gerðum sögunnar þar sem hún boðar Dínus á sinn fund. Þessi riðlun er í samræmi við niðurstöður Aðalheiðar um þá þætti sem taka breytingum sem rekja má til munnmæla. Samtöl yngstu gerðar eru einnig í samræmi við niðurstöður hennar þar sem þau eru styttr eða eytt út og lögð er meiri áhersla á söguþráðinn og framvindu frekar en lýsingar og málskrúð. Þá detta

hirðleg sagnaeinkenni og nánar lýsingar á klæðnaði og öðrum aðbúnaði upp fyrir. Við þetta skolast merking sögunnar til.

Breytingarnar sem eiga sér stað á *Dínus sögu* þurfa í sjálfu sér ekki að vera túlkaðar sem neikvæðar. Þær endurspeglar áherslubreytingar sem áttu sér stað innan rithefðar 18. aldar þar sem leitast var við að færa frásagnahátt og málfar nær nútímalesandanum, það er lesendum 18. aldar. Greinilegt er að unnið var markvisst með *Dínus sögu* í yngstu gerð hennar þar sem efnistöð og málfar hennar voru færð í nútímalegan búning. Þetta er hvað mest áberandi ef borið er saman málfar yngstu gerðar og miðgerð sögunnar. Í yngstu gerðinni er að finna nútímalegri orð á borð við *töfrar, bjöllur, þernur, dæileg, hofmóðugur, dagleið, búnki, spott, brauðmolar, krydderí, veturtökumaður, jóreykur, andi* og *samrekkja* sem ekki er að finna í elstu og miðgerð sögunnar. Að auki má sjá hvernig orðatiltæki breytast á milli gerðanna. Hirðlegt málfar elstu og miðgerðar dettur upp fyrir. Málfarið er þess í stað í anda þjóðsagna og munnmælasagnahefðar. Dæmi um það eru orðtökin: *tökum nú þar til málsins, víkjum nú sögunni, var því ekki á móti mælt, segir að svo skuli vera* og *segir það einu gilda*.

Lýsingar og viðfangsefni yngstu gerðar taka einnig breytingum. Í stað þess að höfundur leitist við að lýsa framandi, hirðlegum heimi leitar hann í nánasta umhverfi eftir líkingum. Til að mynda er jörðinni lýst sem „bruna hraun með grámosa og stór klettum“ (Lbs 1446 8vo: 105v), áin Níl er orðin að læk og Fílómeija líkir Dínusi við hrút að vori þegar hún hæðist að honum. Þá sér Fílómeius konungur ekki svarta blámenn innan þjónustu hers Dínusar eins og fram kemur í elstu gerð sögunnar heldur skipar lið hans dvergum, tröllum og risum. Eitt minni bætist við söguna sem ekki er að finna í öðrum gerðum hennar né rímum, það er minnið um dvergin og „dirgjuna“ sem Herimitam elst upp hjá, og fjallað var um hér að ofan. Hvað er svona nýtt við það að dvergar komi fyrir innan riddarasagna, geta einhverjir spurt, þar sem þeir hafa komið fyrir í þýddum og frumsömdum riddarasögum frá upphafi? Aftur á móti hefur minninu verið lætt inn í söguna í yngstu gerðinni í einhverjum tilgangi. Mögulegt er að höfundur gerðarinnar hafi þótt hæfa að tengja söguna frekar yfirnáttúrulegum heimi ævintýra og þjóðsagna.

Eins og fram hefur komið átti mikil vakning sér stað upp úr 17. öld þar sem farið var að safna og rita niður munnmælasögur. Dvergar hafa ef til vill þótt vinsælt viðfangsefni innan þjóðsagna og ævintýra 17. og 18. aldar og ekki síður innan fornaldarsagna og annarra riddarasagna. Höfundur gerðarinnar hefur þá ef til vill

viljað heimfæra kunnugleg sagnaminni yfir á söguna og gert það meðvitað eða ómeðvitað á kostnað hirðlegra einkenna. Vert er að hafa í huga að umgjörð og frásagnarheimur elstu- og miðgerðar sögunnar er fjarri þeim veruleika sem hinn almenni íslenski lesandi eða áheyrandi þekkti þar sem ekkert í hans nánasta umhverfi minnti á hirðlíf og hirðmenningu. Má þá leiða líkur að því að þegar kvæðamenn endursögðu *Dínus sögu*, eftir eldri gerðum, hafi hirðleg einkenni orðið undir og ekki þótt ástæða til að staldra frekar við lýsingar á fyrirbærum sem voru áheyrendum á þessum tíma svo fjarlæg. Almennt séð leitast höfundur (eða höfundar) gerðarinnar við að komast hjá beinum lýsingum. Ef til vill þjónar þessi aðlögun þeim tilgangi að auðvelda lesendum við að staðsetja sig innan sögunnar með því að tengja hana við þjóðlegan sagnaarf. Að sama skapi tekur sagan á sig mynd ævintýra þar sem frásagnaháttur, málfar og formgerð sögunnar kallast á við formgerð ævintýra og þjóðsagna.¹⁷⁸ Um leið má sjá ákveðna viðleitni höfundar að viðhalda gömlum sögum með því að færa fornan íslenskan sagnaarf í nútímalegri búning. Þar af leiðandi má greina ákveðna forsendubresti innan söguheims yngstu gerðar *Dínus sögu* þar sem farið er á mis við megintilgang riddarasagna sem er að skapa hirðlega stemningu innan sögunnar og staðsetja lesandann innan hirðlegrar orðræðu. Orðræðan gefur til kynna að sagan lúti lögmálum riddarasagna hvað varðar kurteisi og hirðsiði. Þegar hirðlegu mótífin hverfa úr textanum er forsenda þess að kalla *Dínus sögu* drambláta riddarasögu brostin. Frásögnin ein stendur eftir og kemur fram eins og hvert annað ævintýri.

¹⁷⁸ Í *Dínusar rímum fornu* er sagan sögð vera ævintýri.

Þar skal Hars af hafnar by

Hlunna dyri fleyta

Ec kan ord um æfuenty

Eina stund ad skreyta.

Dínusar rímur fornu 1934: 802

VI. Niðurstöður

Ef bornar eru saman allar þrjár gerðir *Dínus sögu drambláta* má sjá að viðfangsefni hennar tekur umtalsverðum breytingum á milli gerðanna, þá sérstaklega hvað varðar þróun hirðlegra mótífa, formgerðar og meykóngaminnisins. Þá má einnig sjá að persónusköpun, beiting tákna sem og hirðleg sagnaeinkenni taka töluverðum breytingum. Í elstu gerð og miðgerð líkist framsetning, umgjörð og sagnaheimur sögunnar mjög þýddum og evrópskum riddarasögum eins og hirðlegar lýsingar á ríkidæmi og áhersla á hirðsiði bera með sér. Í yngstu gerð sögunnar má aftur greina áherslubreytingar á framsetningu og umgjörð sögunnar þar sem hin hirðlegu einkenni eyðast út úr sögunni. Í staðinn koma stílbrögð og frásagnareinkenni sem rekja má til munnmælasagnahefðarinnar, það er styttri söguþráður, ruglingur á samtölum, röð atburða og nöfnum persóna, misskilningur á framsetningu mikilvægra viðfangsefna innan sögunnar þar sem merking hennar raskast auk annarra viðbóta á söguþræði og lýsingum. Það má því gefa sér að íslensk frásagnahefð ryðji með tímanum hinum hirðlegu einkennum riddarasagna úr vegi og styður rannsókn Aðalheiðar Guðmundsdóttur á yngstu gerð *Úlfhamssögu* þessa tilgátu. Um leið skapast viss vandamál innan sögunnar. Hlutverk hirðmótífa felst fyrst og fremst í því að skapa ákveðið andrúmsloft innan riddarasagna og staðsetja lesanda inn í orðræðu sem segir til um að sagan og söguheimurinn sé riddarasaga. Ef þetta tiltekna andrúmsloft vantar innan söguheimsins mætti færa rök fyrir því að sagan geti í rauninni ekki lengur talist til riddarasagna. Þetta er hvað mest áberandi í yngstu gerðinni, enda er nánasta umhverfi hins íslenska lesanda 18. aldar snautt öllum tengslum við evrópska hirðmenningu. Frásögnin ein stendur þá eftir og birtist eins og hvert annað ævintýri. Af einhverjum ástæðum urðu hin hirðlegu einkenni undir þar sem það hefur ekki þótt þjóna neinum tilgangi að staldra frekar við lýsingar á fyrirbærum sem voru 18. aldar lesandanum svo fjarlæg. Breytingarnar á yngstu gerðinni gefa bæði til kynna

stakkaskipti í meðferð og áhuga höfunda á viðfangsefnum sögunnar og áherslubreytingar í íslenskri sagnahefð almennt. Einnig er mögulegt að ástæður breytinganna megi rekja til áhrifa munnmæla á söguna þar sem sagan gæti hafa þróast manna á milli og þar með týnt niður hirðlegum einkennum sínum. Hvort höfundur yngstu gerðar hefur verið undir áhrifum munnmæla þegar hann endurskrifaði *Dínus sögu* eða hvort hann hafi endursamið hana frá grunni er ekki gott að fullyrða um.

Almennt séð er *Dínus saga drambláta* mjög svo í anda íslenskrar riddarasagnahefðar og ber lítinn vott um evrópsk einkenni að öðru leyti en að sagan segir frá deilum kóngafólks og atburðarásin á sér stað erlendis. Viðfangsefnin eru deilur og hefndir og tilgangur sögunnar er að koma á friði milli deiluaðila. Fyrir vikið má draga vissan lærdóm af sögunni þó svo að megin hlutverk hennar sé að skemmta áheyrendum. Megináhersla sögunnar er að lagfæra óæskileg hegðunarfrávik konungssonarins Dínusar og meykónsins Philotemiu.

Birtingarmynd meykónsins er meðal þeirra viðfangsefna sem taka breytingum á milli handritagerða. Í elstu gerðinni birtist Philotemia sem harðsvífinn meykóngur. Hún er fögur ásýndum en ber þó karlmannleg einkenni, er bóklærð, vitur og dramböm. Hún neitar jafnframt að giftast og svívirðir biðla sína. Hún fer út fyrir valdsvið sitt og skiptir sér af hlutum sem henni, sem konu, er ekki ætlað að skipta sér af. Philotemia er drifin áfram af heiftúðlegum tilfinningum og hefndarþorsta. Hún finnur ekki fyrir smán né minnimáttarkennd líkt og í miðgerðinni. Í þeirri gerð dettur meykóngaminnið nánast upp fyrir auk þess sem skörungsskap konungsdóttur er gert lægra undir höfði. Hún er kvenlegri, kvartsári og tilfinningaríkari auk þess sem hún nýtur verndar föðurs síns í mun meiri mæli. Í miðgerðinni hafnar hún ekki hjónabandinu líkt og í elstu gerðinni né lætur hún byggja sér kastala heldur tilskipar faðir hennar byggingu hans. Tilgangur sögunnar, innan miðgerðarinnar, skekkist á þann hátt að Philotemia fylgir samfélagsvenjum frekar eftir og er því í meiri mæli leiksoppur feðraveldisins. Hún þarf þó, líkt og í elstu gerðinni að láta af drambseminni og gangast undir ríkjandi gildi til dæmis hvað varðar undirgefni, en því atriði er þó gert lægra undir höfði í miðgerðinni. Í elstu og miðgerð brotnar Philotemia saman í lokin þegar Dínus hefur fengið hennar, þó er hún ástleitari og tilfinningaríkari í elstu gerð en miðgerð sem kemur á óvart þar sem Philotemia er gagngert gerð kvenlegri í miðgerðinni. Í þeirri gerð einblínir konungsdóttir í meiri mæli á hlutverk sitt sem dóttir. Þegar faðir hennar spyr hana ráða getur hún hvorki né vill ná fram hefndum. Flutningurinn á hollustu konungsdóttur er því skýrari í miðgerðinni en í

þeirri elstu þar sem hollusta hennar flyst frá föður hennar til Dínusar strax við afmeyjunina sem gerir það að verkum að þáttur hennar innan sögunnar klárast, þar sem hún hverfur næstum úr sögunni.

Birtingarmynd meykónsins í yngstu gerð kemur líkt og í elstu gerðinni sterkt fram í byrjun sögunnar en hverfur síðan, líkt og í miðgerðinni, út úr textanum í sögulok. Philotemia er mun sjálfstæðari í yngstu gerðinni þar sem hún hefur meira um sína hagi að segja og fylgir engum hirðsiðum né þiggur nokkur ráð né aðstoð frá föður sínum heldur vélar Dínus til sín á eigin forsendum. Meykóngaminnið er þó aldrei eins sterkt og vel unnið og í elstu gerð sögunnar þar sem frásögnin miðast við að halda átökum Dínusar og Philoteimu til streitu allt til enda. Í öllum gerðum tekst að yfirbuga og beygja meykónginn undir ríkjandi samfélagslegar hugmyndir um stöðu kvenna. Philotemia lætur af drambsemi, sýnir undirgefni og tekur sér sátt sæti við hlið eiginmannsins.

Þær breytingar sem verða á meykóngaminninu í miðgerð sögunnar eru mjög athyglisverðar í ljósi þess að almennt séð er talið að meykóngasögur hafi notið mikilla vinsælda fram eftir miðöldum. Einnig er athyglisvert að 19. aldar fræðimenn litu frekar til miðgerðarinnar fremur en elstu gerðar. Út frá því má leiða líkur að því að miðgerðin hafi almennt séð ekki notið eins mikillar hylli meðal almennings sérstaklega í ljósi þess að yngsta gerð sögunnar fylgir elstu gerðinni mun betur eftir. Áherslubreytingar í yngstu gerðinni bera þess hins vegar merki að sagnahefðin hafi þróast frá gömlum gildum yfir í nútímalegri áherslur. Framsetning sögunnar í yngstu gerð ber ótvírætt merki um samruna hefða og mætti því mögulega vera álitin tilraun 18. aldar höfundar eða ritara að beisla tíðarandann og færa hann nær lesendum nútímans.

Heimildaskrá

Handrit

AM 184 fol.

Lbs 1510 4to

Lbs 1446 8vo

Lbs 2319 8vo

JS 270 8vo

ÍB 210 8vo

Heimildir

Aðalheiður Guðmundsdóttir. 2006. „Yfirnáttúruleg minni í Fornaldarsögum Norðurlandanna“. *Rannsóknir í félagsvísindum VII* bls. 789-797. Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands, Reykjavík.

-- 2001. *Úlfhamssaga*. Stofnun Árna Magnússonar, Reykjavík.

Abrams, M.H. 1988. *A Glossary of Literary Terms*. Holt, Rinehart and Winston, Inc, New York.

Ackerman, Diane. 1994. *A Natral History of Love*. Random House, New York.

Adams, Tracy. 2005. *Violent Passions; Managing Love in the Old French Verse Romance*. Palgrave Macmillan. New York.

Álfrún Gunnlaugdóttir. 2000. „How great had been the love between them: key issues in The saga of Tristram and Ísönd“. *De consolatione philologiae*, bls 119-136. Kümmerle Verlag, Gröppingen.

Ármann Jakobsson. 2009. *Illa fenginn mjöður: Lesið í miðaldatexta*. Bókmenntafræðistofnun Háskóla Íslands, Reykjavík.

- 1999. „(Miðalda)kona verður til“. *Kynlegir kvistir: Tíndir til heiðurs Dagnýju Kristjánsdóttur fimmtugri*, bls. 70-85. Uglur og ormar, Reykjavík.
- Ásdís Egilsdóttir. 2005. „Kolbítur verður karlmaður“. *Miðaldabörn*, bls. 87-100. Hugvísindastofnun Háskóla Íslands, Reykjavík.
- Baldwin, John, W. 1994. *The Language of Sex; Five Voices from Northern France Around 1200*. Chicago University Press, Chicago.
- Bandlien, Björn. 2005. *Strategies of Passion: Love and Marriage in Old Norse Society*. Brepols Publishers, Belgium.
- Biskupa sögur II*. 1981. Guðni Jónsson bjó til prentunar. Íslendingasagnaútgáfan, Reykjavík.
- Bjarni Einarsson. 1961. *Skáldasögur: Um uppruna og eðli ástarskáldasagnanna fornu*. Bókaútgáfa Menningarsjóðs, Reykjavík.
- Björn Þorsteinsson og Sigurður Líndal. 1978 „Lögfesting konungsvalds“. *Saga Íslands III: Samin að tilhlutan Þjóðhátíðarnefndar 1974*, bls. 19-108. Ritstj. Sigurður Líndal. Hið íslenska bókmenntafélag, Sögufélag, Reykjavík.
- Björn Kr. Þórólfsson. 1934. „Dínus rímur“. *Rímur fyrir 1600*, bls. 801-824. Hið íslenska fræðifélag, Kaupmannahöfn.
- Blockmans, Wim og Hoppenbrouwers, Peter. 2010. *Introduction to Medieval Europe 300-1550*. Routledge, London.
- Brennu-Njálssaga*. 1997. Halldór Laxnæx bjó til prentunar. Helgafell, Reykjavík.
- Bruckner, Matilda Tomaryn. 2006. „The shape of romance in medieval France“. *The Cambridge Companion to Medieval Romance*, bls. 13-29. Ritstjóri Roberta L. Krueger. Cambridge University Press, Cambridge.
- Böðvar Guðmundsson. 2006. „Nýir siðir og nýir lærdómar: Bókmenntir 1550-1750“, bls. 379 – 519. *Íslensk Bókmenntasaga II*. Mál og menning, Reykjavík.
- Camille, Michael. 1998. *The Medieval Art of Love: Objects and Subjects of Desire*. Laurence King Publishing, London.
- Chaucer, Geoffrey. 2008. *The Riverside Chaucer*. Oxford University Press, Oxford.
- Chevalier, Jean & Gheerbrant, Alain. 1996. *Dictionary of Symbols*. Penguin Books, England.

- Chrétien De Troyes. 2004. *Arthurian Romances*. Penguin Books, London.
- Clari saga*. 1951. *Riddarasögur V*. Bjarni Vilhjálmsson bjó til prentunar. Íslendingasagnaútgáfan, Reykjavík.
- Crossland, Jessie. 1976. *Medieval French Literature*. Greenwood Press Publishers, Westport, Connecticut.
- Dínus saga drambláta*. 1960. *Riddarasögur I*. Jónas Kristjánsson bjó til prentunar. Háskóli Íslands, Reykjavík.
- Dínusar rímur fornu. 1934. *Rímur fyrir 1600*. Björn Kr. Þórólfsson bjó til prentunar. Hið íslenska fræðifélag, Kaupmannahöfn.
- Driscoll, Matthew, James. 2005 „Late prose fiction(Lygisögur)“. *Companion to Old-Norse Icelandic literature and culture*, bls. 190-204. Ritstjóri Rory W. Tuck. Blackwell, Oxford.
- 1992. „Introduction“. *Sigurðar saga þögla*. bls. xiii- cxlvi. Matthew James Driscoll bjó til prentunar. Stofnun Árna Magnússonar á Íslandi, Reykjavík
- 1990. „Þögnin mikla: hugleiðingar um riddarasögur og stöðu þeirra í íslenskum bókmenntum“. *Skáldskaparmál*. 1. tbl: 157-168. Reykjavík.
- Eco, Umberto. 1986. *Art and Beauty in the Middle Ages*. Hugh Bredin þýddi. Yale University Press, New Haven.
- Egils saga Skallagrímssonar*.1989. Eiríkur Hreinn Finnbogason sá um prentun. Almenna bókafélagið, Reykjavík
- Einar G. Pétursson. 1976. *Miðaldaævintýri: þýdd úr ensku*. Stofnun Árna Magnússonar á Íslandi. Reykjavík.
- Einar Ól. Sveinsson. 1940. *Um íslenskar þjóðsögur*. Hið íslenska bókmenntafélag, Reykjavík.
- Finnegan, Ruth. 1977. *Oral Poetry: Its Nature, Significance and Social Context*. Cambridge University Press, Cambridge.
- Furrow, Melissa. 2009. *Expectations of romance: the reception of a genre in medieval England*. Boydell & Brewer, Woodbridge England.

- Glauser, Jürg. 2005. „Romance (translated riddarasögur)“. *Companion to Old Norse-Icelandic Literature and Culture*, bls. 372-387. Ritstjóri Rory McTurk. Blackwell Publishing, Oxford.
- Green, Dennis Howard. 2002. *The Beginnings of Medieval Romance: Fact and Fiction 1150-1220*. Cambridge University Press, Cambridge.
- Green, Miranda Jane. 1998. *Celtic Myths (The Legendary Past)*. University of Texas Press, Texas.
- Hallberg, Peter 1971. „Norröna riddarsagor: några språkdrag“ *Arkiv för nordisk filologi* årg. 86.: 114-138.
- Handrit.is. 2012. Handritavefur Landsbókasafns Íslands-Háskólabókasafn. Sótt þann 30.04.12. af <http://handrit.is/en/manuscript/view/is/AM02-0184>
- Handritasafn Landsbókasafns I*. 1918. Samið hefir Páll Eggert Ólason. Prentsmiðjan Guenberg, Reykjavík.
- Handritasafn Landsbókasafns II*. 1927. Samið hefir Páll Eggert Ólason. Prentsmiðjan Guenberg, Reykjavík.
- Haug, Walter. 1997. *Vernacular Literary Theory in the Middle Ages: The German Tradition 800-1300, in its European Context*. Cambridge University Press, Cambridge.
- Helga Kress. 2009. *Óþarfar unnustur og aðrar greinar um íslenskar bókmenntir*. Bókmennta og listfræðistofnun Íslands. Reykjavík.
- 1997. „Haf og skegg: flæði í Laxdælu“. *Milli himins og jarðar*, bls. 83 -95. Ritsjórar Anna Agnarsdóttir, Pétur Pétursson og Torfi H. Tulinius. Háskólaútgáfan, Reykjavík.
- Hermann Pálsson og Paul Edwards. 1971. „Legendary fiction in Medieval Iceland“. *Studia Islandica*. 30, Reykjavík.
- Hughes, Shaun F.D. 2008. „Klári saga as Indigenous Romance“, *Romance and Love in Late Medieval and Early Modern Iceland; Essays in Honor of Marianne Kalinke* bls. 135-163. Ritstjórar Kirsten Wolf og Johanna Denzin. Cornell University Library Ithaca, New York.
- Íslensk bókmenntasaga I-II*. 2006. Ritstjórar. Vésteinn Ólason, Guðrún Norrdal,

- Böðvar *Guðmundsson*, Torfi Tulinius og Sverrir Tómasson. *Mál og menning* Reykjavík.
- Íslensk orðabók*. 2002. Ritstjóri Mörður Árnason. Edda. Reykjavík.
- Íslensk þjóðmenning VI. Munnmenntir og bókmenning*. 1989. Ritstjóri Frosti F. Jóhannsson. Bókaútgáfan Þjóðsaga, Reykjavík.
- Íslenzkar æviskrár IV*. 1951. Tínt hefir saman Páll Eggert Ólason. Hið íslenska bókmenntafélag, Reykjavík.
- Íslenzkar æviskrár V*. 1952. Tínt hefir saman Páll Eggert Ólason. Hið íslenska bókmenntafélag, Reykjavík.
- Jón Helgason. 1958. *Handritaspjall*. Mál og menning, Reykjavík.
- Jónas Kristjánsson. 1992. *Eddas and Sagas*. Hið íslenska bókmenntafélag. Reykjavík.
- 1960. „Inngangur“ *Riddarasögur I: Dínus saga drambláta*, bls. vii- lxiii. Prentsmiðjan Hólar. Háskóli Íslands, Reykjavík.
- Kalinke, Marianne. E. 1999. *King Arthur, North by Northwest: the matière de Bretagne in Old Norse-Icelandic romances*. D. S Brewer. Cambridge.
- 1990. *Bridal-Quest Romance in Medieval Iceland*. Islandica XLVI. Cornell University Press, London.
 - 1986. „The Misogamous Maiden Kings of Icelandic Romances“, *Scripta Islandica*. 37. tbl: 47-71.
 - 1986b. „An Arabic Sister of the Icelandic Maiden Kings“, *Davíðsdiktur*, bls. 36-38. Sigurgeir Steingrímsson sá um prentun, Reykjavík.
- Karras, Ruth Mazo. 2001. „Sexuality in the Middle Ages“, *The Medieval World* bls. 279-293. Ritstjórar Peter Linehan og Janet L. Nelson. Routledge, London.
- Katalog over Den Arnemagnæanske Håndskriftsamling I 1889*: Útgefið af Kommissionen for det Arnemagnæanske legat. J.Jørgensen & co., København.
- Katalog övfer Kongl. Bibliotekets: fornisländska och fornnorksa handskrifter*. 1897. Tekið saman af Vilhelm Gödel. Norsted & Söner, Stockholm.
- Kay, Sarah. 2001. *Courtly Contradictions: the Emergence of the Literary Object in the Twelfth Century*. Stanford University Press, Stanford.

- Krueger, Roberta L. „Introduction“, *The Cambridge Companion to Medieval Romance*, bls. 1-9. Ritstjóri Roberta L. Krueger. Cambridge University Press, Cambridge.
- Lacy, Norris J. 2005. „Arthurian Legend Before Chrétien de Troyes“. *Companion to Chrétien de Troyes*, bls. 43-51. Ritstjórar Norris J. Lacy og Joan Tasker. Grmibert. D.S. Brewer, Cambridge.
- Lord, Albert, B. 2000. *The Singer of Tales*. Ritstj. Stephen Mitchell og Gregory Nagy. Harvard University Press, Cambridge.
- Menocal, Maria Rosa. 1987. *The Arabic Role in Medieval Literature History*. University of Pennsylvania Press, Philadelphia.
- Millett, Bella. 1995. „Woman in No Man’s Land: English recluses and the development of vernacular literature in the twelfth and thirteenth centuries“. *Women & Literature in Britain 1150-1500*, bls. 86-103. Ritstjóri Carol M. Meale. Cambridge University Press, Cambridge.
- Murray, Alexander. 1998 „Gendered souls in sexed bodies: the male construction of female sexuality in some medieval confessors’ manuals“. *Handling Sin: Confession in the Middle Ages*, bls. 63-79. Ritstjórar Peter Biller og A. J. Minnis. York Medieval Press. Woodbridge, Suffolk, Rochester.
- Norges Litteraturhistorie I*. 1974. Ritstjóri Beyer Edvard. Oslo.
- O’Donoghue, Bernard. 1982. *The Courtly Love Tradition*. Manchester University Press, Manchester.
- Parceval eða sagan um gralinn*. 2010. Ásdís R. Magnúsdóttir þýddi. Lærdómsrit Bókmenntafélagsins, Reykjavík.
- Parry, John Jay. 1990. „Introduction“, *The Art of Courtly Love*, bls. 3-24. John Jay Parry þýddi. Columbia University Press, New York.
- Partalópa saga*. 1982. *Riddarasögur II*. Bjarni Vilhjálmsson bjó til prentunar. Íslendingasagnaútgáfan, Reykjavík.
- Paterson, Linda. 2001 „Gender Negotiations in France during the central Middle Ages: the literary evidence“, *The Medieval World*, bls. 246-266. Ritstjórar Peter Linehan og Janet L. Nelson. Routledge, London.

- Philips, Kim M. 2003. *Medieval Maidens: Young woman and gender in England, 1270-1540*. Manchester University Press, Glasgow.
- Porter, Pamela. 2003. *Courtly Love in Medieval Manuscripts*. University of Toronto, Toronto.
- Publius Ovidius Naso. 2009. *Ummyndanir: Metamorphoes*. Mál og menning, Reykjavík.
- Putter, AD. 2009. „The twelfth-century Arthur“, *The Cambridge Companion to Arthurian Legend*, bls. 36-53. Ristsjórar Elizabeth Arcibald og Ad Putter. University of Cambridge Press, Cambridge. Suffolk, Rochester
- Reynolds, Suzanne. 1996. *Medieval Reading: Grammar, Rhetoric, and the Classical Text*. Cambridge University Press, Cambridge.
- Saga af Tristram ok Isönd samt Möttuls saga*. 1878. Gísli Brynjúlfson bjó til prentunar. Kongelige Nordiske Oldskrift-Selskab, København.
- Schach, Paul. 1975. *Some observations on the translations of brother Róbert*. Les relations littéraires Franco-Scandinaves au moyen age árg. 73. Liége.
- Schlauch, Margaret. 1934. *Romance in Iceland*. Allen & Unwin, London.
- Sif Ríkharrðsdóttir. 2012. *Medieval Translations and Cultural Discourse: The Movement of Texts in England, France & Scandinavia*. D.S Brewer, Cambridge.
- 2010. „Meykóngahefðin í riddarasögum: hugmyndafræðileg átök um kynhlutverk og þjóðfélagsstöðu“, *Skírnir*. 184. tbl. haust: 410-433.
- 2008. „The Imperial Implications of Medieval Translations: Old Norse and Middle English Versions of Marie de France’s *Lais*“, *Studies in Philology*. tb.1 05.2: 144-164.
- Sigurðar saga þögla*. 1992. Matthew James Driscoll bjó til prentunar. Stofnun Árna Magnússonar á Íslandi, Reykjavík.
- Sigurður Nordal. 1968. *Um íslenzkar fornsögur*. Árni Björnsson þýddi. Mál og menning, Reykjavík.
- Spiegel, Gabrielle. M. 1993. *Romancing the Past: The Rise of Vernacular Prose Historiography in Thirteenth-Century France*. University of California Press, California.

- Stevens, John. 1973. *Medieval Romance: Themes and approaches*. Hutchinson University Library, London.
- Strengleikar*. 2006. Aðalheiður Guðmundsdóttir bjó til prentunar. Bókmenntafræðistofnun Háskóla Íslands, Reykjavík.
- Sverrir Tómasson. 1977. „Hvenær var Tristrams sögu snúið?“. *Gripla*. 2. tbl: 47-78.
- 2006. *Íslensk bókmenntasaga I*. Mál og menning, Reykjavík.
- Sölvi Sveinsson. 2011. *Táknin í málinu*. Iðunn, Reykjavík.
- Tannert Robert. 1980. „The style of *Dínus saga drambláta*“. *Scandinavian Studies*. Volume 52, no 1: 53-62.
- The Book of the Thousand Nights and one Night*. 1951. Þýðandi úr frummáli í frönsku Dr. J. C. Mardrus og úr frönsku í ensku: Powys Mathers. Routledge & Kegan Paul, London.
- Topsfield, L. T. 1975. *Troubadours and Love*. Cambridge University Press, London.
- Torfi Tulinius. 2006. „Kynjasögur úr fortíð og framandi löndum“, *Íslensk Bókmenntasaga II*, bls. 167-248. Mál og menning, Reykjavík.
- 2002. *The Matter of The North: The Rise of Literary Fiction In Thirteenth-Century Iceland*. Odense University Press, Odense.
- 1990. „Landafræði og flokkun fornsagna“. *Skáldskaparmál*. 1. tbl: 142-156.
- Vésteinn Ólason. 2006a. *Íslensk bókmenntasaga I*. Mál og menning, Reykjavík.
- 2006b. „Íslendingasögur og þættir“. *Íslensk bókmenntasaga II*, bls. 25-164. Mál og menning, Reykjavík.
- 2006c. „Kveðskapur frá síðmiðöldum“. *Íslensk bókmenntasaga II*, bls. 281-378. Mál og menning, Reykjavík.
- Wilhelm, James J. 1970. *Seven Troubadours: the Creators of Modern Verse*. Pennsylvania State University Press, London.
- 1965. *The Cruellest Month; Spring, Nature, and Love in Classical and Medieval Lyrics*. Yale University press, London.

Wogen-Browne, Jocelyn. 2001. *Saints' lives and women's literary culture c. 1150-1300: virginity and its authorizations*. Oxford University Press, New York.

Wollock, Jennifer, G. 2011. *Rethinking Chivalry and Courtly Love*. Praeger, Santa Barbara California.

